

FORNLEIFASKRÁNING Í SKÁLHOLTI



BIRNA LÁRUSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2020

FS676-16091



Mynd á forsíðu: Horft til suðurs frá Torfholti yfir Hvítá og suðurhluta Skálholtslands, þar sem eru umfangsmikil minjasvæði. Vörðufell er til vinstri. Ljósmynd: Birna Lárusdóttir.

©2020

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	5
<i>Ágrip af sögu rannsókna</i>	<i>6</i>
<i>Heimildir.....</i>	<i>9</i>
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF	12
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	14
4. ÁGRIP AF SÖGU SKÁLHOLTS	17
5. FORNLEIFASKRÁ	22
6. HELSTU NIÐURSTÖÐUR OG LANDSHÆTTIR Í SKÁLHOLTI	119
<i>Um menningarlandslag og landshætti</i>	<i>120</i>
6.i Heimatorfan.....	122
6.ii Svæði norðan Þjóðvegur	130
6.iii Svæði við Hvítá sunnan við bæ	133
6. iv Svæði norðvestast meðfram Brúará og suður fyrir Þorlákshver að meðtöldum Borgarhólum .	136
6. v Skálholtstunga.....	139
7. NIÐURSTÖÐUR OG LOKAORÐ.....	140
HEIMILDASKRÁ.....	144
KORT.....	150
MINJASTAÐIR SEM BERA NÖFN Í STAFRÓFSRÖÐ	163
HNIT	164

1. Inngangur


Sumarið 2016 fór fram fornleifaskráning í Skálholti. Lengi hafði staðið til að afla yfirsýnar yfir allar minjar á jörðinni, ekki síst í samhengi við stóran rannsóknaruppgröft sem fór þar fram á árunum 2002-2007. Af því varð loks vorið 2016 þegar Fornminjasjóður veitti styrk til verksins. Auk þess studdi Skálholtsstaður og Bláskógabyggð við verkið. Skráningin var unnin í tveimur atrennum vor og haust 2016. Í fyrri atrennu voru skráðar minjar í suður- og vesturhluta Skálholtslands en í þeirri seinni var fengist við minjar á heimatorfunni og í norðurhluta landsins. Skráningin miðaðist við landamerki Skálholts eins og þau eru skilgreind í landamerkjalýsingum frá því á 19. öld¹ en þó er ljóst að starfsemi Skálholtsstaðar hefur náð langt út fyrir landamerki jarðarinnar eins og fjallað verður um í lokakafli. Alls voru skráðir tæplega 130 minjastaðir í landi Skálholts. Allir minjastaðir voru heimsóttir sumarið 2016 og þeir mældir upp með nákvæmu staðsetningartæki (Trimble Geoexplorer 6000) en löng garðlög voru teiknuð upp af loftmyndum.

Í skýrslu þessari eru kaflar um sögu fornleifaskráningar, löggjöf, ágríp af sögu jarðarinnar og fornleifaskrá þar sem grunnupplýsingar um sérhvern minjastað eru settar upp á hefðbundinn hátt. Að því loknu er sagt frá einstökum hlutum Skálholtsjarðarinnar, minjum og menningarsögulegum einkennum á hverjum stað í samfelldu máli. Rýnt er í sérkenni hvers hluta fyrir sig og reynt að varpa ljósi á hvernig jörðin og nytjar hafa þróast í tímans rás eftir því sem unnt er. Í lokin eru settar fram niðurstöður og tillögur að frekari rannsóknum.

Birna Lárusdóttir, fornleifafræðingur, hafði yfirumsjón með verkinu en henni til aðstoðar, bæði við heimildaúttekt og á vettvangi var Kristjana Vilhjálmsdóttir. Birna ritaði skýrslu þessa og

¹ „... að vestan og sunnan kringum Skálholtstungu og land [??? illæsilegt] ráða báðar árnar Brúará og Hvítá, úr Hvítá ræður Hundapollur og kelda allt upp fyrir Skyrvaðs (eða "Smiðju") hóla, að Markasteini þeim sem stendur austur undan Skyrvaði, úr Skyrvaði aptur er bein stefna í Digru-Siggu norðast á Ásendum, þaðan sjónhending suður í Fjárhússundið og niður í Kerlækjarupptök, hvar lækur síðan ræður landi vestur í nyrðri þúfuna á Réttarholti, en þaðan er tekin sjónhending að sjá úr Skálholtskirkju allt vestur í Brúará. Frá Skálholti var haft til forna fjárborg og Smalaskáli fyrir sunnan Klukkugil, einnig fjárhús uppundan Kerlæk Spóastaðamegin. Skálholt hafði og 50 hrossa beit í Miklaholtsnesi frá vertíðarlokum til fardaga móti því að ljá engjastykki ofan til í Réttarholtskeldu.“

sá um kortagerð en loftmyndagrunnurinn er frá Loftmyndum ehf. Starfsfólki á



Skálholtsstað eru færðar innilegar þakkir fyrir stuðning, velvild og áhuga meðan á verkinu stóð. Þar má sérstaklega nefna Kristján Val Ingólfsson þáverandi vígslubiskup, Hólmfríði Ingólfssdóttur og sr. Halldór Reynisson.

Ágrip af sögu rannsókna

Fornleifarannsóknir í Skálholti eiga sér nokkuð langa sögu, bæði skráning minja og uppgröftur. Bryndís Róbertsdóttir skráði minjar í Biskupstungum fyrir Þjóðminjasafn Íslands árið 1986, þar á meðal í Skálholti. Þetta var eitt fyrstu verkefna á þessu sviði hér á landi. Lýsingar voru ritaðar í stílabækur og staðsetning og lega minja merkt inn á loftmyndir en skráningin var aldrei gefin út.

Stuðst var við handrit Bryndísar í þessu verkefni, enda mikill fengur að þeim gögnum.² Dæmi reyndust um að minjar sem hún skráði væru nú horfnar og auk þess ræddi hún við ábúendur sem verið höfðu á staðnum síðan búskapur var endurreistur þar upp úr 1950 sem lumuðu á ýmsum fróðleik. Árið 1999 skráðu Ragnar Edvardsson og Hildur Gestsdóttir valdar minjar í Skálholtslandi. Það var liður í forkönnun og undirbúningi Skálholtsrannsókna sem þá voru í bígerð. Ekki var lokið við skráninguna að fullu og hún ekki gefin út.³ Árið 2007 var gert deiliskipulag fyrir hluta Skálholtslands, í svonefndum Borgarhólum vestan Skálholts, vegna fyrirhugaðrar sumarhúsabyggðar.⁴ Af því tilefni voru þrjár minjastaðir skráðir innan reitsins, sem var alls 110 hektarar og að auki nokkrir staðir skammt utan marka skipulagsins.⁵ Áformin voru umdeild og ekki varð af framkvæmdum. Á árunum 2014-2015 var gerð úttekt á friðlýstum minjum á Suðurlandi fyrir Minjastofnun Íslands, þar á meðal í Skálholti, en alls eru friðlýstar minjar þar 10 talsins. Ástand minjanna og umhverfi var kannað og allar sýnilegar mannvistarleifar mældar upp.⁶ Fornleifastofnun Íslands sá um verkið.

Saga minjaathugana í Skálholti nær mun lengra aftur þótt ekki séu þær sambærilegar við rannsóknir nútímans. Staðurinn var geysivinsæll viðkomustaður ferða- og fræðimanna á 19. öld, bæði íslenskra og erlendra. Flestir voru þeir sammála því að staðurinn hefði dalað geysimikið frá blómaskeiði biskupsstólsins, en hann lagðist af eftir jarðskjálfta undir lok 18. aldar og var fluttur til Reykjavíkur. Eftir það var bara venjulegt býli í Skálholti og bændakirkja. Sagan segir að Jón Helgason, sem var biskup 1917-1938, hefði reynt að koma í veg fyrir að erlendir gestir hans færu að skoða Skálholt, enda þótti ástand hins merka helgistaðar til skammar.⁷ Þeir sem í Skálholt komu höfðu mestan áhuga á persónum eða minnismerkjum um fræga atburði í Þjóðarsögunni, til dæmis stöðum sem kenndir voru við Þorlák helga eða voru tengdir aftöku Jóns Arasonar. Brynjúlfur Jónsson, fornfræðingur, gaf fyrstur almennan vitnisburð um ástand minja í Skálholti í

² Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur (1986), Skráningarbækur varðveittar á Þjóðminjasafni Íslands.

³ Ísleif. Gagnagrunnur um fornleifar. Fornleifastofnun Íslands.

⁴ Sjá auglýsingu um skipulagsmál í uppsveitum Árnessýslu 24. september 2007: <https://www.blaskogabyggd.is/skipulag-i-uppsv-arnessyslu/>. Sótt 5/11 2019.

⁵ Bréf til Ómars Ívarssonar, Landslagi, verknr. 0704. Fornleifastofnun Íslands.

⁶ Eva Kristín Dal og Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2015. *Friðlýstar minjar á Suðurlandi: skráningarátak*. FS570-14171. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

⁷ Sigurður Sigurðsson. 2006. „Skálholtsstaður eftir 1785.“ *Saga biskupsstólanna*, bls. 749-770.

lok 19. aldar sem honum þótti afar bágborið. Ýmislegt fróðlegt hafði varðveist í munnlegri geymd en Brynjúlfur ræddi við Sigurð bónda á Laug, sem gat lýst ýmsu á staðnum eftir Jóni Jónssyni í Laugarási sem var fæddur um 1750 og lifði í næstum 100 ár. Brynjúlfur athugaði ýmsa staði og lét grafa bæði í norðurstúku kirkjunnar og hjá svonefndum Söðulhól austan við Skálholt þar sem Diðrik frá Minden átti að vera grafinn ásamt mönnum sínum. Munu þetta vera fyrstu fornleifauppgreftir á staðnum sem vitað er um. Örfáum árum síðar voru merkur minjum raskað við vegagerð og byggingaframkvæmdir.⁸

Árið 1960 kannaði Þorleifur Einarsson frjókorn úr jarðvegssniði í mýri skammt austan túns í Skálholti og réð af þeim ýmislegt um ræktun og þróun gróðurfars á staðnum.⁹ Hann taldi að byggð hefði hafist þar skömmu eftir að landnámslagið féll og á sama tíma hefðu menn hafið byggrækt. Hún náði hámarki skömmu eftir Heklugosið 1104 en lagðist af á 14. eða 15. öld, líkt og þekkt er víðar hér á landi. Undir gjóskulaginu frá 1104 fannst eitt línfrjó, sem þykir til marks um að lín hafi verið ræktað í Skálholti á þeim tíma, en það var notað í fatnað og veiðarfæri svo dæmi séu nefnd. Skömmu áður en gjóska úr Heklugosi frá 1693 leggst yfir taka frjókorn sem tengjast kornrækt að sjást að nýju. Taldi Þorleifur að hér gætti áhrifa Vísa-Gísla, sem var frægur fyrir ýmsar garðyrkjutilraunir og bjó í Skálholti undir lok 17. aldar. Vöxtur hljóp í túnrækt á staðnum um sama leyti, sem kemur fram í fjölgun grasfrjóa, en hún minnkar aftur þegar kemur fram á 19. öld og illgresi eykst. Vísbendingar fundust einnig um annars konar ræktun, t.d. eru vísbendingar um malurt í Skálholti fram til loka 17. aldar, en talið er að hún hafi verið notuð til lækninga eða við ölgerð.

Árið 1986 könnuðu jarðfræðingarnir Bryndís Róbertsdóttir og Haukur Jóhannesson aldur svonefnds Þrælagarðs í Biskupstungum, en hann liggur milli Hvítár (eða Tungufljóts) og Brúarár allnokkru norðan við Skálholt – hér um bil frá Hrosshagavík í stefnu til norðvesturs í átt að Böðmóðsstöðum (sbr. kort á bls. 16). Samhliða voru fleiri forn garðlög aldursgreind með hliðsjón

⁸ Mjöll Snæsdóttir, Gavin Lucas & Orri Vésteinsson. 2006. „Fornleifar og rannsóknir í Skálholti.“ *Saga biskupsstólanna*, Gunnar Kristjánsson & Óskar Guðmundsson ritstj., bls. 675-98, hér einkum bls. 675-678.

⁹ Þorleifur Einarsson. 1962. „Vitnisburður frjógreiningar um gróður, veðurfar og landnám á Íslandi.“ *Saga III*, bls. 442-469.

af afstöðu til grjóskulaga. Þau töldu að Þrælagarðurinn væri hlaðinn nálægt miðri 10. öld en garðlag sem þau skoðuðu sunnar, í Skálholtslandi, sem liggur einnig milli Brúarár og Hvítár þar sem tungan er mjög tekin að dragast saman, væri yngra eða frá því um 1200 (sjá fornleifaskrá hér á eftir, nr. 050).¹⁰ Rannsóknir Þorleifs annars vegar og Bryndísar og Hauks hins vegar eru þær einu á fornleifum og nytjum í Skálholtslandi utan heimatorfunnar.

Á árunum 1984-1988 voru gerðar minni háttar fornleifarannsóknir í Skálholti á vegum Þjóðminjasafns, einkum til að kanna annars vegar áreiðanleika uppdráttar af staðnum frá 1784 og hins vegar til að ákvarða ystu mörk bæjarhólsins.¹¹ Stærstu rannsóknirnar á staðnum voru annars vegar þær sem Kristján Eldjárn stýrði á árunum 1954-1958, fyrir endurreisn staðarins, þegar grafnar voru upp leifar af tveimur kirkjum, legstaðir og göng milli kirkju og staðarhúsa.¹² Í tengslum við þær var einnig unnar miklar rannsóknir á húsakosti stólsins.¹³ Hins vegar rannsókn sú sem var gerð á vegum Fornleifastofnunar Íslands undir stjórn Gavins Lucas og Mjallar Snæsdóttur fyrir styrk úr Kristnihátíðarsjóði á árunum 2002-2007. Þá voru grafnar upp leifar af íveru- og skólahúsum. Úrvinnsla á gögnum stendur enn yfir en gert er ráð fyrir að gefa niðurstöður þeirra út í þremur bindum á árunum 2022-24.

Heimildir

Í þessu verkefni var áhersla lögð á að safna sem mestu úr heimildum sem varpað gæti ljósi á sögu jarðarinnar, minjar og landnotkun, ekki aðeins á heimatorfunni heldur í landi allrar jarðarinnar. Í þessum tilgangi var farið ítarlega í gegnum margvíslegar heimildir s.s. fornrit, fornbréf, sóknarlýsingu, örnefnalýsingar og gömul kort, bæði til að fá yfirsýn yfir þróun landshátta og

¹⁰ Bryndís Róbertsdóttir og Haukur Jóhannesson. 1986. „Þrælagarður í Biskupstungum.“ *Náttúrufræðingurinn* 56, hér einkum bls. 214 og 228-229.

¹¹ Mjöll Snæsdóttir, Gavin Lucas og Orri Vésteinsson 2006, bls. 681.

¹² Kristján Eldjárn, Håkon Christie, Jón Steffensen. 1988. *Skálholt. Fornleifarannsóknir 1954-1958*. Staðir og kirkjur 1. Þjóðminjasafn Íslands/Lögberg, Reykjavík.

¹³ Hörður Ágústsson og Kristján Eldjárn. 1990. *Skálholt. Kirkjur*. Staðir og kirkjur I. Þjóðminjasafn Íslands/Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

mögulega staðsetningu fornra mannvirkja og annars sem talist gæti til fornleifa, t.d. mógrafa, reiðgatna, vaða og ferjustaða. Í stuttu máli er það svo að heimildir um jörðina þegar komið er út fyrir þungamiðjuna, þ.e. bæjarstæði og næsta nágrenni þess, eru fremur rýrar og margt óljóst hvað varðar landnotkun og aldur mannvirkja. Annað sem mikilvægt er að hafa í huga þegar lagt er mat á efniviðinn er að flestar heimildir um eldri tíð í Skálholti og einstaka merkisstaði fela í sér talsvert af þjóðernisrómantískum hugmyndum manna á síðari hluta 19. aldar um biskupsstólinn á blómatíma hans – um einni öld eftir að hann lagðist af.

Gróflega má skipta heimildum um minjar og menningarlandslag í Skálholti í nokkra hluta eftir eðli og gildi:

- Máldagar og önnur forn skjöl fjalla talsvert um byggingar á heimatorfunni, staðarhús og kirkjur. Hörður Ágústsson rannsakaði manna mest húsakost stólsins og taldi hann að húsaskipan hefði í aðalatriðum verið sú sama frá miðri 16. öld til loka þeirrar átjándu.¹⁴
- Kort af heimatorfu og túni undir lok biskupsstólsins. Til eru nokkur kort sem varpa ljósi á húsin á ýmsum tímum, þau helstu frá 18. öld (nákv. aldur óviss), 1784 og 1836 (sjá aftast í skýrslunni). Úr þeim má lesa legu staðarhúsa (sem fornleifauppgröftur hefur síðan staðfest í grófum dráttum) og breytingar á húsum eftir að biskupssetrið er lagt af. Einnig sjást þar einhver þeirra útihúsa sem hafa verið í túninu: skemmur, smiðjur og skepnuhús svo eitthvað sé nefnt. Minna er vitað um húsaskipan fyrir þennan tíma annað en það sem ráða má af rituðum heimildum.
- Ýmsar heimildir segja frá heimsóknum manna á staðinn á 19. öld og fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Mikill hnignunartónn er í þeim skrifum, enda heimsóttu menn staðinn í leit að fornri frægð staðarins. Mjög var skimað eftir fortíðinni, reynt að átta sig á hvar tilteknir atburðir hefðu gerst gerst og staðsetja löngu gleymd kennileiti og örnefni sem getið er í rituðum heimildum. Þessi skrif eru í raun hluti af enduruppötvun staðarins og að sumu leyti betri heimildir um hugmyndir 19. aldar manna um fortíðina heldur en um fortíðina sjálfa.

¹⁴ Mjöll Snæsdóttir, Gavin Lucas og Orri Vésteinnsson 2006, bls. 681.

- Örnefnalýsing Sigurðar Skúlasonar er einstök heimild um menningarlandslag í Skálholti utan heimatorfunnar. Hún birtist upphaflega sem grein í Árbók fornleifafélagsins árið 1927 en var síðar endurútgefin lítillega breytt í riti Biskupstungnamanna, *Inn til fjalla*. Sigurður var fæddur í Skálholti árið 1903 og því kornungur þegar hún kom út. Á þessum tíma var ekki komin sérstök hefð á að rita örnefnalýsingar einstakra jarða en meginástæða þess að hann tókst verkefnið á hendur er fyrst og fremst ástand staðarins og hve fátt það var sem minnti á forna frægð. Allur þorri örnefna á landareigninni var gleymdur og aðeins búið á hálfri jörðinni. Vildi Sigurður reyna að bjarga því sem bjargað yrði. Mörg þeirra nafna sem hann telur upp fela í sér vísbendingar um minjar, t.d. *Réttarholt* og *Stekkatún* en einnig segir Sigurður nánar frá nokkrum minjastöðum í lýsingu sinni.
- Að lokum má nefna hér loftmyndir af jörðinni. Minjar sjást oft betur úr lofti en á jörðu niðri og á loftmyndum finnast oft áður óþekktar minjar. Í verkefninu var fyrst og fremst notast við nýlegar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. en auk þess svarthvíta loftmynd af staðnum frá Landmælingum Íslands frá árinu 1951. Hún sýnir ásýnd staðarins áður en endurreisn hófst með fornleifauppgreftri, byggingu kirkju og skóla og nýrra íbúðar- og skepnuhúsa. Á myndinni sjást minjar sem ekki eru sýnilegar lengur og auk þess varpar hún ljósi á breytingar á landslagi bæði af manna og náttúru völdum (til dæmis rof, skógrækt, vegagerð, byggingar og túnrækt) á 20. öld og til dagsins í dag.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu Þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum,

mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af honum hlýst.


3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-409:001). Fornleifaskrá hvernjar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og

búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernjar jarðar. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernjar greinar eru grunnupplýsingar. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti ef eitthvert er og síðan tegund.

Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis minjastaðurinn er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hvers kyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað).


Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvaða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) en allar sýnilegar minjar voru mældar upp með gps-tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d.



Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrir liggjandi upplýsinga með um 50 m frávíki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Kort 1. Skálholt og nágrenni. Landamerki sýnd með rauðu en meint lega þrælagarðs með brotalínu. Gulir punktar sýna skráðar minjar.

4. Ágrip af sögu Skálholts

Að austan og vestan markast Skálholtsland í aðalatriðum af vatnsföllum, Hvítá að austan og Brúará að vestan. Þær renna saman sunnan við Skálholtstungu sem myndar odda syðst. Að norðanverðu móti Spóastöðum og Hrosshaga er línan dregin úr Brúará um skurð og síðan læk í línu norður að svonefndri Digru-Siggu, sem er klettur með stórri fuglaþúfu, og til austurs eftir Skeyrvaðskeldu sem nú er horfin að mestu í skurð, svo suður í Hvítá.¹⁵ Langt norðan við þessi landamerki er fornt garðlag sem liggur milli Brúarár og Hvítár. Það á upptök sín gegnt Böðmóðsstöðum í Laugardal en hefur verið rakið að Hrosshagavík í Hvítá (eða Tungnafljóti) og aldursgreint með gjóskulögum til 10. aldar.¹⁶ Í landamerkjabréfi frá 1456 er garður sem gæti verið sá sami (a.m.k. að hluta) sagður á merkjum milli Torfastaða og Skálholts og virðist þá sem ekki sé greint sérstaklega á milli jarða innan hans, a.m.k. ekki milli Skálholts, Hrosshaga og Spóastaða. Aðrar jarðir á svæðinu heyrðu undir stólinn (Laugarás, Höfði og Miklaholt).¹⁷ Þessi merkilegi garður er langt utan þeirra marka Skálholtsstaðar sem miðað var við í skráningunni og því var hann ekki skoðaður að þessu sinni og ekkert er vitað um ástand hans.

Til að skilja menningarlandslag í Skálholti er nauðsynlegt að huga að sögu staðarins og samhengi, ekki síst hinu flókna kerfi eigna og nytja sem var grundvöllur fyrir veldi stólsins. Margir hafa ritað um upphaf og sögu byggðar í Skálholti og fyrirkomulag búskaparins á tímum biskupsstólsins. Að öðrum ólöstuðum verður samantekt Guðrúnar Ásu Grímsdóttur í *Sögu biskupsstólanna* að teljast sú allra ítarlegasta og er að stóru leyti stuðst við hana hér á eftir. Númer í sviga vísa í blaðsíðutöl þar sem við á. Samkvæmt Landnámabók nam Ketilbjörn gamli land í Grímsnesi, Laugardal og Biskupstungum en bjó að Mosfelli í Grímsnesi. Sonur hans, Teitur, byggði skv. Hungurvöku fyrstur í Skálholti. Gissur hvíti sonur hans var einn helsti forvígismaður kristnitökunnar. Hann bjó skv. Kristni sögu fyrst í Höfða en færði síðan bú sitt að Skálholti (70). Ísleifur, fyrsti biskup í Skálholti var sonur hans.

Fornleifafræðilegar heimildir um landnám í Skálholti eru einnig afar brotakenndar. Annars vegar eru það frjókorn sem áður voru nefnd, greind við rannsókn á jarðvegssniði austan túns í

¹⁵ Landamerki þessi eru skráð í Landamerkjabók Árnessýslu, bls. 185-187.

¹⁶ Bryndís Róbertsdóttir og Haukur Jóhannesson 1986, bls. 216.

¹⁷ DI V, bls. 143-44.

Skálholti, sem sýna að byggrækt var hafin fljótlega eftir að landnámslagið féll. Hins vegar er það stórmerkilegur gripur frá víkingaöld, lausafundur, sem fannst í rofi niður við Hvítá einhverntíma á síðari helmingi 20. aldar og barst Þjóðminjasafni í marsmánuði 2015 (sjá nr. 009 í fornleifaskrá).¹⁸ Þetta er kinga eða næla frá 10. öld og því elsti forngripur sem vitað er um úr Skálholti. Fundarstaðurinn er ekki fyllilega þekktur og því ekki hægt að staðfesta úr hvers konar samhengi gripurinn kom. Ekki er útilokað að hann hafi verið í byggingu sem hefur brotnað framan af í rofi við ána en verður þó að gripurinn sé úr kumli sem hafi verið á þessum slóðum. Svona gripir hafa áður fundist í kumlum hér á landi, t.d. á Vaði í Skriðdal.¹⁹ Engar mannvistarleifar sáust sumarið 2016 sem tengja mætti við þennan fund.

Skálholtsjörðin sjálf, það svæði sem lagt var undir við þessa fornleifaskráningu, er ekki mjög víðlend. Menn hafa velt fyrir sér hvers vegna einmitt þessi staður hafi orðið fyrir valinu undir biskupsstól. Skálholt var eins og áður segir á æskuslóðum fyrsta biskupsins sem var langafabarn valdamikils landnámsmanns og ættföður Haukdæla, Ketilbjarnar á Mosfelli. Ísleifur biskup tók við goðorði föður síns, Gissurar hvíta, sem hafði búið í Skálholti á undan honum. Biskupsstóll hefur þó þurft að hafa ýmislegt til að bera. Kostir sem hafa verið nefndir við Skálholt eru góðir bithagar og engjalönd, auðveld sókn í útver, nálægð við veiði í straumvötnum og jarðhita, þá bæði í Þorlákshver við Brúará og austan Skálholts, í Laugarási. Sömuleiðis hefur verið bent á að vatnsföll gátu hindrað aðför óvina, þ.e. Brúará annars vegar og Hvítá hins vegar. Tiltölulega skammt var í verslun, bæði á Eyrum (Eyrarbakka) og í Maríuhöfn í Hvalfirði.²⁰ Dagleið mun hafa verið á Þingvöll en fjórar dagleiðir að Hólum í Hjaltadal.

Þótt ágætt bú hafi verið í Skálholti er ljóst að nytjar stólsins hafa náð langt út fyrir mörk jarðarinnar, enda gat hún alls ekki framfleytt búfénaði þeim eða mannfjölda sem jafnan var á staðnum – oftast u.þ.b. 100 manns.²¹ Skálholtsdómkirkja eignaðist snemma gríðarmikið af

¹⁸ Tölvupóstur frá Lilju Árnadóttur dags. 21. júní 2017.

¹⁹ Mynd af nælunni frá Vaði er á vefsíðu Sarps: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=311072>

²⁰ Magnús Þorkelsson telur að staðsetning hafnar í Hvalfirði hafi tekið mið af samgöngum við Þingvelli og Skálholt, sjá Magnús Þorkelsson 2004. Fjölmörg dæmi í annálum geta um skipakomur í Hvalfjörð og ferðir biskupa þaðan.

²¹ Sjá Guðrúnu Ásu Grímsdóttur 2006, bls. 134 og áfram. Hún telur að kringum 1200 hafi verið 70-80 heimilismenn í Skálholti en fleiri ef staðarbú eru talin með, allt að 120 manns. 1703 voru 106 manns á staðnum, sjá bls. 135-136.

jörðum, samtals voru þær ríflega 300 um siðskipti (91). Stóllinn hafði af þeim tekjur sem stóðu undir kostnaði af staðarhaldi og risnu biskups með landskuld, kúgildaleigum og tíundum (89). Jörðunum var skipt í umboð og um þau sáu umboðsmenn eða staðarráðsmenn (101-102) sem litu eftir að þeim væri haldið við, að þjónustu við staðinn væri sinnt og að gjöld væru greidd. Ljóst er af gögnum frá upphafi 18. aldar að mikið af skepnum voru á staðarjörðum í öllum umboðum, eins og segir orðrétt í jarðabók „...bæði hestar, kýr naut, ær, sauðir, bæði ungt og gamalt sem öllu er heim skilað á vorin.“²² Er kvartað undan átroðningi á jörðum í kring af þessum sökum. Líklegt er að meginhluti kvikfjár staðarins hafi verið á fóðrum hjá leiguliðum (125). Bent hefur verið á að dagleg vinna sem fór fram á flestum ef ekki öllum bæjum á Íslandi hafi sennilega ekki verið stunduð nema að litlu leyti heima í Skálholti, a.m.k. hlutfallslega, þ.e. vefnaðarvinna eða mjólkurgerð, heldur hafi staðurinn fengið þessar nauðsynjar gegnum tíund og leigur (136).

Þessir óvenjulegu búskaparhættir gefa ástæðu til að ætla að minjar á Skálholtsjörðinni endurspegli ekki nema að litlu leyti umsvif alls búskaparins. Guðrún Ása telur með hliðsjón af reikningum sem varðveittir eru frá 16. og 17. öld að mylkar ær hafi gengið í heimahögum, lömb verið höfð í lambhögum og nautum og sauðum hafi verið beitt á afrétt en megnið af búsmalanum verið á vetrarfóðrum annarsstaðar, hjá leiguliðum á jörðum stólsins. Þetta getur væntanlega þýtt að minjar í úthögum Skálholts endurspegli þær nytjar sem jörðin gat borið en langt í frá nytjar sem væru allt öðruvísi eða stórtækari en á venjulegum jörðum – e.t.v. með þeirri undantekningu að áhersla væri á mikinn fjölda málnytupenings að sumarlagi. Til vitnis um þetta gæti verið Stekkatún (028), flókið og umfangsmikið rústasvæði – en líka er hugsanlegt að örnefnið sé til vitnis um landnytjar á 19. öld, þ.e. að stekkur hafi verið byggður á eldri rústum.

Afrétt átti kirkjan mikinn og reka meðfram allri suðurströndinni, skóga efst í Laugardal og fram af Eystra-hrepp. Einnig átti Skálholt flestar þær jarðir sem áttu skógarítök í Þjórsárdal. Með tímanum eignaðist stóllinn útvegsjarðir á Suðurnesjum (126-127) og skip á vegum stólsins voru gerð út t.d. frá Eyrarbakka, Þorlákshöfn, Grindavík, Herdísarvík og Skipaskaga og voru verbúðir á þessum stöðum – sumar kenndar við Skálholt. Skreið var flutt í stórum stíl heim á staðinn þar sem

²² JÁM II, bls. 290.

hún lék aðalhlutverk í flestum máltíðum sem bornar voru á borð á 16. og 17. öld. Tvær selstöður átti stóllinn í Laugardal sem getið er í jarðabók í upphafi 18. aldar.²³

Fleiri heimildir úr ýmsum áttum geta sagt okkur ýmislegt um nytjar og ferðir Skálhyltinga í næsta nágrenni en þó utan við landamerki jarðarinnar. Í landamerkjalytingu Skálholts frá 1804 kemur fram að stóllinn hafi til forna haft fjárborg og smalaskála fyrir sunnan Klukkugil, sem er þekkt örnefni á gili upp frá Brúará norðan Skáholtslands. Einnig er þá vitað um fjárhús Skálhyltinga „uppundan Kerslæk Spóastaðamegin“ og 50 hrossa beit í Miklaholtsnesi frá vertíðarlokum til fardaga.²⁴ Auk þess voru fjárhús, nefnd Staðarhús, í landi Miklaholts nærri Brúará og það sem meira er: þar norðar er einnig sagt hafa verið sel frá Skálholti.²⁵ Ekki virðist þess getið í eldri heimildum og óljóst hvort það, ef munnmælin eiga við rök að styðjast, tilheyri mögulega yngra búsetuskeiði en selin tvö í Laugardal. Tvær rústir við þekkta ferjustaði yfir Sogið, Grímsnesmegin, eru sagðar af skreiðarskemmum Skáholtsmanna og virðist ekki ótrúlegt miðað við þekktar flutningaleiðir.²⁶ Auk þess eru í Grímsnesi tvö forn er garðlög sem munnmæli tengja við Skálholt. Annað er svonefndur Markagarður sem nú er orðinn mjög ógreinilegur en lá frá Öndverðarnesi norður í Álftavatn. Hann var sagður hlaðinn af Margræti dóttur Odds biskups sem bjó í Öndverðarnesi.²⁷ Sagan hefur á sér nokkurn þjóðsagnablæ. Hitt er Biskupagarður sem liggur úr Hestvatni niður í Hvítá og var varnargarður fyrir stóðhross stólsins sem gengu í Hestfjalli.²⁸ Að lokum skal getið rústar sunnan við Apavatn sem er sögð af veiðihúsi Skáholtsbiskupa.²⁹ Þetta eru bara örfá dæmi um það mark sem veldi Skáholts hefur sett á menningarlandslag, bæði í næsta nágrenni við jörðina en einnig á landsvísu. Í lok skýrslu verður nánar verður fjallað um nauðsyn þess að ná betri yfirsýn yfir þetta kerfi³⁰ og þá ekki síst mannvistarleifar sem enn kunna að vera varðveittar og geyma upplýsingar um starfsemina.

²³ JÁM II, bls. 290-91.

²⁴ Landamerkjabók Árnessýslu.

²⁵ Ö-Miklaholt.

²⁶ Orri Vésteinsson og Birna Lárusdóttir. 1999. *Fornleifaskráning í Grímsnesi I*, bls. 38 og 42.

²⁷ Ö-Öndverðarnes.

²⁸ Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson. 2001. *Fornleifaskráning í Grímsnesi II*, bls. 117-118.

²⁹ Birna Lárusdóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Grímsnesi III*, bls. 125.

³⁰ Þess má geta að nýlega var birt grein sem fjallar um hagkerfi biskupsstólsins. Þar eru m.a. kortlagðar jarð-eignir stólsins og kvaðir á leiguliða. Sjá Árni Daníel Júlíusson, Birna Lárusdóttir, Gavin Lucas og Gísli Pálsson. 2019 „Episcopal Economics. Property and power in post-reformation Iceland.“ *Scandinavian Journal of History* 45(1), bls. 95-120.

Biskupsstóllinn var fluttur til Reykjavíkur undir lok 18. aldar. Hannes Finnsson, síðasti biskupinn, bjó í Skálholti til æviloka 1796. Eftir að ekkja hans, Valgerður Jónsdóttir, fluttist burt bjuggu þar bændur, stundum í tvíbýli. Kirkjan varð venjuleg sveitakirkja. Ljóst er af kortum að skipulag staðarins hefur breyst talsvert við þetta; áður stóðu húsin saman í mikilli þyrpingu en á þessum tíma dreifðust útihús víðar um túnið og íveruhúsin færðust lítillega til. Ásýnd staðarins varð meira í takt við húsaskipan á hefðbundnari sveitabæjum (sjá kort aftast í skýrslunni, einkum breytingar frá korti 1784).

Hugmyndir um endurreisn Skálholts virðast hafa átt rætur í umræðum á Alþingi 1909 um ný embætti vígslubiskupa sem tengdust m.a. mögulegri endurreisn Hólastiftis.³¹ Skálholtsfélagið var stofnað árið 1949 og stóð fyrir söfnun til að fjármagna fornleifauppgröft sem aftur var forsenda fyrir uppbyggingunni. Í framhaldinu var rætt um hvers konar staður Skálholt ætti að verða. Um tíma stóð til að reisa þar búnaðarskóla og meira að segja var búið að leggja drög að teikningu á byggingunni og velja henni stað. Ekki varð af þessum áformum heldur var biskupsstóll endurreistur í Skálholti með kirkju og skóla þegar rétt um þúsund ár voru liðin frá vígslu Ísleifs Gissurarsonar, fyrsta biskupsins. Kirkjan var vígð árið 1963 og Skálholtsskóli reistur um tíu árum síðar. Arkitektarnir vísa allir í forna ásýnd staðarins með útfærslum á byggingum; Hörður Bjarnason sem teiknaði Skálholtskirkju hafði hliðsjón af Brynjólfskirkju en Manfreð Vilhjálmsson og Þorsteinn Þorsteinsson, höfundar skólabyggingar, horfðu til hinna fornu staðarhúsa þar sem göng tengdu margar smærri byggingar og gluggar minntu á ljóra fortíðar sem hleyptu aðeins takmörkuðu sólarljósi inn í rýmin.

³¹ Hér er byggt á umfjöllun Sigurðar Sigurðarsonar á endurreisn Skálholts. Sjá Sigurður Sigurðsson 2006.

5. Fornleifaskrá

ÁR-380 Skálholt

1713: "Biskups stóll og beneficium [...] Jarðdýrleikinn er óviss," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 290.

1847: 60 hdr. Kirkjueign, skv. Jarðatali Johnsens, sjá JJ, 69.

Jarðarinnar er getið í Íslendingabók: "En hann [Ísleifr byskup] andaðisk í Skálaholti, þá es hann hafði alls verit byskup fjóra vetr ok tuttugu. [...] Gizurr byskup lét ok lög leggja á þat, at stóll byskups þess, es á Íslandi væri, skyldi í Skálaholti vesa, en áðr vas hvergi, ok lagði hann þar til stólsins Skálaholtisland ok margra kynja auðæfi önnur, bæði í löndum ok í lausum aurum. [...] En tolf vetrum síðarr, þá es Gizurr hafði alls verit byskup sex vetr ens fjórða tegar, þá var Þorlákr vígðr til byskups; hann lét Gizurr vígja til stóls í Skálaholti at sér lifanda. [...] Ísleifs, es fyrstr vas byskup í Skálaholti, föður Gizurar byskups," ÍF I, 21, 23, 25, 26. Jarðarinnar er einnig getið í Landnámabók: "Teitr byggði fyrstr í Skálaholti, hann var faðir Gizurar hins hvíta," ÍF I, 386 nms.

Minnst er á jörðina í Eyrbyggja sögu: "Þórgunna mælti: Þat er skipan mín, at ek vil láta færa mik í Skálaholt, ef ek öndumk ór þessi sótt, [...]. Ok er þeir kómu í Skálaholt, váru fram greiddir gripir þeir, er Þórgunna hafði þangat gefit [...]," ÍF IV, 141, 145.

Í Fóstbræðra sögu segir: "[...] þau þil héldust allt til þess, er Magnús byskup var at staðnum í Skálaholti inn síðari," ÍF VI, 184.

Í Grettis sögu er nefndur: "Ísleifr, er síðan var byskup í Skálaholti," ÍF VII, 88.

Í Ljósvetninga sögu segir: "Þá var í Skálaholti Ísleifr biskup," ÍF X, 69.

Í Kjalnesinga sögu segir: "Árni biskup lét ok þann sama plenarium fara suðr í Skálholt [...]," ÍF XIV, 44.

Í Belgsdals bók segir um Tíundarlög Íslendinga hin fornu [frá 1096]: "a sextanda ari byskopsdóms virðuligs herra Gizurar skalahollz byskops var þesse tíundar gerð logtekin," DI I, 120.

[Um 1100]: Í Skrá um Sælubú á Bakka í Borgarfirði segir: "Tanna forraþ skal a staþ þeim meþan hann lifir. En þa biskops þess er j Skala hollti er," DI I, 169 [Líklega Ferjubakki, í Borgarfirði vestan Hvítá]

Í Kristni sögu segir: "Gizurr inn hvíti bjó í Höfða áðr hann gerði bæ í Skálaholti ok færði þangat bú sitt," ÍF XV2, 38. Einnig er minnst á Skálholt í sömu sögu bls. 39, 41, 43; Í Kristniþóði Þangbrands, ÍF XV2, 137; í Jóns sögu hins helga, ÍF XV2, 177, 191-193, 211, 218, 231-2, 240; og í Historia de antiquitate regum Norwagiensium, ÍF XV2, 358-359.

Í Hungrvöku segir: "Teitr hét sonr Ketilbjarnar. Hann var sá gæfumaðr at hann byggði þann bæ fyrst er í Skálaholti heitir, er nú er allgöfgastr bær á öllu Íslandi. [...] Gizurr hvíti lét gera ina fyrstu kirkju í Skálaholti ok var þar grafinn at þeirri kirkju, en Ísleifr bjó í Skálaholti eptir föður sin. [...] Síðan fór Ísleifr byskup þat sama sumar til Íslands ok setti byskupstól sinn í Skálaholti. [...] Um daga Ísleifs byskups kom út sá byskup er Kolr hét, ok andaðisk hann út hér. Hann var grafinn í Skálaholti [...] Ísleifr byskup andaðisk á dróttinsdegi í kirkju a Skálaholti at miðjum degi dags [...] ok var hann grafinn hjá leiði Kols byskups. [...] En þá er hon [Dalla móðir Gizurs byskups] var önduð ok byskup hlaut allt land þá lagði hann þat allt til kirkju þeirrar er í Skálaholti er ok hann sjálfr hafði gera látit [...]," ÍF XVI, 4-11, 16. Einnig er Skálholts getið í sömu sögu bls. 14, 17, 21, 24, 25, 28, 30, 32-3, 35-8; í Þorláks sögu byskups inni elztu (A), ÍF XVI, 51, 63-4, 67-8, 73, 79-80, 83, 85, 88-90, 97-99; í Jarteinabók Þorláks byskups inni fornu (I), ÍF XVI, 104, 110, 112, 116, 123, 125, 127-8, 134, 138-9; í Þorláks sögu byskups yngri (B), ÍF XVI, 144, 146, 155, 157, 159-60, 185, 191-3, 195, 196, 198, 200, 203-4, 211-3, 217, 219, 221, 223-4; í Jarteinabók Þorláks byskups annarri (II), ÍF XVI, 228-35, 244; í Þorláks sögu byskups C, ÍF XVI, 254, 256, 259-60, 262-4, 266, 268-9, 272-7, 279, 281-2, 284; í Þorláks sögu byskups E, ÍF XVI, 290, 292; í Páls sögu byskups, ÍF XVI, 300, 304-5, 311, 316, 324-7; í Ísleifs þætti byskups, ÍF XVI, 336-7; og í Latínubroti um Þorlák Byskup, ÍF XVI, 342.

Í Guðmundar biskups sögu hinni elztu segir: "Á dögum Ínga konungs Haraldssonar, er þá réð Norege, en biskupar vóru á Íslande Klængur í Skálaholte," Biskupa sögur I, 407. Skálholt er einnig nefnt í sömu sögu bls. 414, 441, 445-6, 455-6, 466, 479-81, 503, 506 og 619.

Í Sögu Guðmundar Arasonar, Hóla-biskups, eptir Arngrím ábóta, segir: "Syðra sætið heitir Skálholt, þar sat fyrst Islavus, annarr Gizerus, þriðji Magnus, fjórði Þorlakus prikus, fimti Klængur, sétti heilagur Þorlákr, sjaundi Paulus, áttandi Magnus secundus," Biskupa sögur II, 5-6. Einnig er minnst á Skálholt í sömu sögu, bls. 23, 30, 89; í Þætti af Jóni biskupi Halldórssyni, Biskupa sögur II, 223; í Sögu-þætti um Skálholts biskupa fyrir og um siðaskiptin, Biskupasögur II, 237-9, 242-5, 249-57, 259; í Þætti um Ögmund biskup í Skálholti, Biskupa sögur II, 265-276, 280, 297-8, 305-6; í Sögubáttum Jóns biskups Arasonar á Hólum, Biskupa sögur II, 319, 321, 323, 327-9, 331, 333, 335,

337, 341-2, 346-8, 352, 354-5, 358, 361-2, 364-7, 369-70, 372, 388, 430, 435, 448-9, 451-3, 459, 462-3, 471-3, 478, 495-6, 504, 506, 576; í Þætti um Gizur biskup Einarsson í Skálholti, Biskupa sögur II, 599, 600, 603-5, 607, 610; í Þætti um Marteinn biskup Einarsson í Skálholti, Biskupa sögur II, 619-20; í Þætti um Gísli biskup Jónsson í Skálholti, Biskupa sögur II, 631, 633-9, 642, 645-7, 650, 652; í Þætti um Odd biskup Einarsson í Skálholti, Biskupa sögur II, 657, 660-4, 666-70, 675-6, 678, í Þætti um Ólaf Hjaltason biskup á Hólum, Biskupa sögur II, 685-6, 690, 694, 706-8. [1218]: Máldagi Kirkjubæjar klaustrs á Síðu. "Staðr þessi oc fiarhlvtr var dæmdr vndir forræði biskvps þess er j skalaholli er. með slikri afvinnv. sem honvm synist at lata vera," DI I, 394-5. Í Sturlunga sögu segir: 1248: "Gaf Þórðr til staðarins í Skálholti Skógtjörn á Álfanesi," II. bindi, 84. Einnig er Skálholts getið í sömu sögu I. bindi, bls. 58-59, 121, 139-40, 142, 146, 156-7, 235, 238, 295, 378, 394, 396, 402, 415, 445, 459-61, 470; og í II. bindi, 15-17, 33, 88, 106, 144, 147-8, 150, 215-6, 224-5, 237, 282 og 294.

Í Árna sögu biskups segir: 26. maí 1264: "[...] sendu Norðlendingar þenna sama Árna [Þorláksson] í Skálholt á fund herra Sigvarðar byskups [...]," ÍF XVII, 9. 1268: "[M]enn á Íslandi beiddu virðuligan herra Jón erkibyskup er kosningi átti að ráða, at hann veldi fyrrnefndan Árna til byskups í Skálholti," ÍF XVII, 12. 1277: "Á þessu sumri lét Árni byskup efna til kórs smíðar í Skálholti ok var mikit starf," ÍF XVII, 65. Fyrir 1280: Árni biskup kaupir Bausgsstaði á Eyrarbakka af Theobaldo Vilhjálmsyni og gefur á móti Dal undir Eyjafjöllum "sem Sigvarðr biskup tók undir Skálaholtsstað í próventu Þuríðar Ormsdóttur ok Arnfríðar Bjarnadóttur, systur Vigfúss ór Dal," ÍF XVII, 82-3. Einnig er Skálholt nefnt í sömu sögu bls. 11, 15, 19, 21, 33, 35, 37-8, 41-3, 47, 52, 71, 75, 80, 84, 97-8, 102, 104, 115, 122-4, 127-8, 137-8, 140, 148, 151-5, 157, 160, 164-166, 169, 171, 174, 178, 180-3, 186, 188, 192-4, 201, 205, 208, 209; í viðauka Árna sögu, ÍF XVII, 212; í Lárentínusar sögu biskups, ÍF XVII, 223, 230, 235, 258-9, 268-70, 285, 304, 310, 336, 382, 391, 395-7, 400, 415, 428, 438; í Söguþætti af Jóni Halldórssyni biskupi, ÍF XVII, 445, 449; og í Biskupa ættum ÍF XVII, 463.

[haustið 1269]: Máldagi kirkjunnar í Villingaholti. "ella Byscup sa er j scala holli a foræde circiu fia þessa," DI II, 63.

[um 1270]: Rekaskrá staðarins í Skálholti. "Þessa reka ok hualuoner aa stadurinn j Skaalholli. [...] j þistilfirde fraa steine þeim er stenndur j uidiarvijkur ose ok til Sual bars aar oss [...] J gards reka fra dalnum vestara ok til saurvesna lækiar [...] j millumm saurvesta lækiar ok gautu vijkur [...] fra gautuvijk vestann verdre ok til Sandar oss [...] j millvmm holknar oss og hafralonsar [...] j millum laxar oss ens forna ok hafralons ar [...] J millum tottar vt fra Sanns ennda og hafra lons [...] fra tott þessi og til fossar [...] fra steini j lambanesi fyrir Loni ok j millum deilldar skerìa [...] millum deilldar skerìa og grafs tiarnar [...] millum steins j lambanesi ok kross oss ens forna [...] millum kross oss ens forna og hrafnabiargar ar [...] millum graps tiarnar og hrafnabiargar ar [...] j millum hrafnabiargar ar ok vordv a brimnesi [...] j millum vordv a brimnesi og hraunlækiar [...] millum hraunlækiar og mafuanes [...] miilvm mafuanes og tangahorns [...] fra tangahorni fyrir skala landi [...] fra skala landi fyrir kumla vijk [...] fyrir hrollugstodum og fyrir eidi og fyrir fagranesi. til fossar. fyrir gunnolfsvijk [...] j Smyrla felli til finnafiardar aar [...] fyri Bæ [...] fra steini j lambanesi [...] fyrir hljidar landi [...] með Eidi. með midfiardarnesi [...] með ollum midfirdi [...] með divpalæk [...] fyrir þorualldstada landi [...] fyrir skeggiastodum. [...] fyrir Backa. [...] fyrr havfn [...] fyrir steintom [...] fyrir nordan viduijkur aa. [...] fyrir austur tom [...] j millvm hafnar ar og fwla vjkur [...] j millum fula vijkur og merkia lækiar [...] fra Sanngili til selar þar til ad huamshuus koma framm. [...] fyrir gnips landi enu sydra. [...] fra gliufursaa og til Bodvarsdals ar. [...] fyrir Bodvars dal [...] fyrir fagradal. Þetta a kirkian j skalholli. j hellisfirdi [...] j Sandvijk," DI II, 67-72. Aðrar útgáfur af þessari skrá eru í DI II, 73-6 og DI III, 2.

[um 1275]: Máldagi Mariukirkju í Krýsuvík. "Enn frá mijgande grof til kirkiufiöru eiga stader j skalholte o krijsevijk helming [...] enn frá kirkiufiöru og til markz vid Herdijsarvijk ä stadurinn j skalholte helmijng vidar [...] þridiung hualreka eigu bader stader saman til markz vid strandarmenn. enn fiordung hvals vid stadarmenn til vogz," DI III, 3. Sjá einnig: Máldaga 1307, DI II, 361; Máldaga 1477, DI VI, 124; Máldaga 1533-54, DI XII, 662; og Máldaga frá um 1570 og síðar, DI XV, 641.

[um 1275]: Rekaskrá Strandarkirkju í Selvogi. "Sa er maaldage aa herdijsarvijkur fiorum a stadur j skalholte a halfann vidreka. allann annann enn auxar talgu vid j millum Selstada oc hellis firer austann riett til marks vid strandar land. [...] Skalholli oc krijsevijk aa halfann allann reka under fuglberge vid strandarland. millum wogs oc hellis aa stendur land iijj vætter enn ef meire er þa aa skalholli oc krijsevijk fiordung j öllum hual. Enn fiere austann wog til vindass aa stadur j Skaalholte oc krijsevijk [...]," DI II, 124-5.

31.7.1280: Árni Þorláksson biskup í Skálholti gefur Mikjálsklaustri (Munkalífi í Björgvin) Vestmannaeyjar, DI II, 191.

2.5.1297: "þeir stadi i skalaholttz biskupsdömi. sem kirkiur eigu allar. skulo uera undir biskups forrædi. en þer se, leikmenn egu halfar edr meir skulo leikmenn hallda, " DI II, 324. [1327]: Um reka kirkjunnar í Árnosi í Trékyllisvík og reka Skálholtsstaðar. "[biskup skal] hafa helmijng spikz vr þeim huolum sem j arnes rekamarki kunna a lannd ad koma [...] hier með tekst vmmbod ä ollum þeim rækum sem skalholttz kirkjustadur ä ä stronndum," DI II, 618.

22.8.1327: Skrá um reka Skálholtsstaðar á Ströndum. "j trekyllisey [...] a ruteyiarstronndu [...] j arnesi [...] avijkurland

halft id eystra [...] ä mille raufar oc knarrarnes [...] milli gilz og melzlækjar [...] j nordfirði milli melzlækjar oc drangar [...] a hruteyjar ströndu milli hualär ocmerkihamar," DI II, 622. Önnur útgáfa af skránni er í DI II, 622-3. Þar er Skáholt einnig sagt eiga reka "j arnesi [...] j ofeigsfirde." 17.12.1340: " [...] sub Anno Domini M^o. ccc^o. xl^o. xvj^o. kalendas Januarij keyptum vier vid Biarna bonda Guttormsson af stadarins vegna j skalholtti a þann hatt ad hann [leggr] til stadarins fiordunginn j Vtskalalandi med ollum þeim hlutum ok hlunnendum er þar til liggia ok leiged hafa ad fornu ok nyu [...] Jtem gafu þau bædi hion Biarne oc Jngibiorg annan fiordunginn j jordunni honum heilaga Petre porstula ok heilogum þollaki biskupi til æfinnligar eignar med ollum þeim hlutum og hlunnendum er þar til liggia ok leigid hafa ad fornu ok nyiu," DI II 734 [AM 260 fol, 55-56 skr. c. 1650]

[1344]: "Þessa reka feck jon biskup sigurdarson vnnndir stadinn. [...] j byrgisvík. [...] a knarrarnesi og þronga bas. [...] a krossnesi. [...] a munadarnesi. [...] j ofeigsfirði [...] a ruteyjarströnd," DI II, 785.

13.5.1367: "Þorbjorn Hoganson bar so fallinn wtnisburd [...] ad fyrer lx. vetra oc adur optsinnis las hann optliga oc heyrði lesinn kirkiu maldaga a Strönd j Selvoghi so latanda ad kirkiann a Strönd j Selvogi a [...] hvalreka vid stadinn j Skalholtti oc kirkiuna j Krysvúvík fra Migandi grof oc austr ad Osskerium," DI III 212

[1367]: Máldagar kirkena í sunnlendingafjórðungi. "Kirkiuvogur [...] skalholttzstadr a helming j hualreka ollum vid stad j grindavíkj ef meira er enn iiij vætter. millum Rangagiogurs og valagnupa," DI III, 221.

12.8.1378: Oddgeir biskup í Skáholti kvittar Sigurð bónda Þórðarson um porcio kirkjunnar á Mýrum í Dýrafirði, DI III, 329.

1397: "[frá Stað í Grindavík skal gjalda] til Skalholttz vjc skreidar hvert är oc flytia til Hialla. Skalholtt a helming j hvalreka ollum vid stad j Grindavík ef meira er enn iiij vætter millum Rangagiogurs oc Valagnvoa. Þar eiga fleiri j. enn Þad verður attungur skiptingarhvals er hlytst j Þessu takmarke j Skalholtti. og Þvi eiga Staderner fiordung vr aullum hval, " Máld DI IV 101-102 [Staðar í Grindavík]

fyrir 1401 og síðar: Máldagi Maríukirkju á Skarði á Skarðsströnd. "[...] milli karahafnar oc grindar [...] En staduren i skalholte a fiordung i hvalreka oc i vidreka i greindu takmarki iafnt vid Skarðskirkju," DI III, 656. Sjá einnig: Máldaga 1491-1518 eða fyrr, DI VII, 74 og Máldaga frá um 1570 og síðar, DI XV, 593.

19.7.1415: Árni biskup Ólafsson í Skálholti fær fult umboð yfir jörðunni Hvalsnesi á Rosmhvalanesi, DI III, 760-1.

13.8.1416: Árni Ólafsson biskup í Skálholti fær Halli Þorgrímsyni jörðina Hof í Vatnsdal og Efre-Tungu í Vatnsdal til fullrar eignar. Jarðirnar hafði Árni biskup fengið hjá þeim hjónum Styr Snorrasyni og Þuríði Jónsdóttur, DI IV, 248.

18.5.1417: Árna biskupi Ólafssyni handlagðar jarðirnar Bakki í Bæjarþingum og Þingnes, DI IV, 252-3.

18.7.1439: Dómkirkjunni dæmdur reki milli Dýralóns og Stjörnusteins á Eyrarbakka að undanteknu smáhveli og smávið; DI IV 591-592

28.6.1448: Dómur um skipti á skógi frá Þingvallakirkju fyrir reka í Herdísarvík frá Skálholtsstað, DI IV, 731.

[1477]: Máldagi kirkjunnar á Stað í Grindavík. "skalholtt a helmijng i hualreka ollum vid stad j grinndavíkj. ef meira er enn iiij vætter millum ranga giogurs (oc valagnupa), " DI VI, 126. Sjá einnig: Máldaga 1491-1518, DI VII, 49 og Máldaga 1553-54, DI XII, 664.

1478: Stóllinn kaupir jörðina Oddastaði í Hnappadal. DI VI, 164

20.9.1478: Stóllinn eignast Miðhlíð á Barðaströnd. DI VIII, 65.

3.10.1478: Stóllinn selur jörðina Oddastaði í Hnappadal. DI VI, 164

7.8.1481: Stóllinn selur Guðlaugsvík í Hrutafirði fyrir hálf Þingnes í Borgarfirði. DI VI, 393-94

21.7.1482: Stóllinn fær jörðina Eyjar í Breiðdal í gjöld en 10 hdr í Gilsá í Breiðdal standa fyrir brigð. DI VI, 445

5.5.1483: Magnús bp fær Kirkjubæjarklautri jarðirnar Skaftafell í Örafum og Haukafell í Hornafirði í staðinn fyrir Eyjar og Þverhamar í Heydal og Guðmundarnes í Stöðvarfirði sem hann hafði tekið frá klaustrinu. DI VI, 482-83

21.9.1488: Stóllinn kaupir 10 hdr í Hofi í Örafum. DI VI, 638-39

13.10.1491: Stóllinn kaupir hálf Miðbæli undir Eyjafjöllum fyrir 20 hdr. DI VI, 765

[1491-1518]: Máldagi Skálholtskirkju. "Jtem kirkian I skalholtti a alla olmodsey I þiorsaa." DI VII, 46 [AM 257 4to; AM Apogr. 2676]

14.4.1492: Dómur um Halldór Brynjólfsson sem "hielde j sinne eign haukholtt þeirre jord er kirkian ok stadinn j skalholte hafde vm langan tima eignaztt [...]" DI VII, 110 sbr. 112-113

24.5.1492: Halldór Brynjólfsson afhendir stólnum jörðina Ketilhúshaga í Áverjahrepp í Gunnarsholtskirkjusókn með 6 kúgildum. DI VII, 117

1497: "Jn primis lofadi einar eyiolffson ad giallda biskup steffane j gamla skulld jordina hrawn austur j krok aa landi. ef þorklakur augmvdnzson villdi hafa hana ellegar. xxc j fullvirdis avrvv honum þorlaci j havnd oc þar til x. malnytvkugillsi j afgiollnd.

Jtem lofadi magnus magnusson biskupinvm. xvj. hundraudvm j jordunni breckum oc vj aurvm betur er liggur j gunnarsholltz kirkiu sokn ...

Jtem gallt torfe bondi [Jónsson í Klofa] j sin afgiollnd jordena alla mykines er reiknadizt. xij. hundrvdum," DI VII, 375-76 [AM Fasc LXIV, 24 - minnisblöð Stefáns bps á skinni]

1497: "Item a einar bondi j dal ad giallda þorlaki augmvndzsyni xxc jord at vore eda xxc kugillda vird oc þar til tiu hundrud j afgiold.

Item gallt magnus magnusson. xvjc. j jordvnni breckv j Gunnarsholltzkirkiusokn oc vj avra betur [...]" DI VII, 376-77 [AM Fasc LXIV, 24 - minnisgreinar Stefáns bps á skinni]

28.7.1505: Stóllinn eignast Köldukinn í Holtum og Kolbeinsey í Þjórsá. DI VII, 788

30.11.1508: Skálholtsstóll selur Hróarsholt en þar skyldu föðrast 3 kýr stólsins og vera ráðsmannsgisting. Í mót gaf stóllinn Tóftir og Holt í Flóa. DI VIII, 254.

23.4.1509: Vitnisburður um: "ad kirkian j skalholti ætti bædi vidreka og hualreka og onnur gædi þau sem aa land kynni ad bera fra auluersaa og ut ad thorlakshofn sem kallad hefer verid skeid ad fornu. þria hluti þar j enn kirkian j arnarbæli ætti þar j fiordung." DI VIII, 277-78.

28.6.1512: Dómur um rekatöku í Kaldárósi eða Kaldárlóni. DI VIII, 385-87

[1512]: Vitnisburður: "ad kirkian j Skalhollte ætte. xxx. hundrud j Kaldäros er stundum er kallad Selalön og halldin hefur vered allur lxc [...]" DI VIII, 387 [Sr. Flosa er síðast getið 1368]

19.6.1513: Stóllinn eignast Skeggjastaði á Ströndum. DI VIII, 458

13.2.1514: Helgafellsklaustur gefur Skálholti Máfahlíð, Arnarstapa og tvær jarðir er Kambar heita sakir þeirra tilfella sem Skálholtskirkja hefur orðið fyrir af eldgangi. DI VIII, 482

24.1.1515: Stóllinn eignast Auðsholt í Ölfusi. DI VIII, 542

2.5.1519: Dómur yfir Guðmundi Ingjaldssyni [umboðsmanni Skálholts og Viðeyjar í Grindavík?]: "at hann hefði med aungum skilum farit med tre og matreka þann sem aa land hefer komit j grindawik og skalhollzstad hefir til heyr," DI VIII, 683.

23.-24.5.1521: "jtem þorkellsgerdi og vindas. galmatiorn oc kirkiuhofn. hefer biskupin tekit uid þessum fiorum j sinn reikningsskap,"- virðingagerð eftir Vigfús Erlendsson látinn. DI VIII, 798

23.-24.5.1521: "galmatiorn hafde uigfus sett biskup augmunde til panta fyrir tiundum sinum. kirkiuhofn. þorkellsgerde og vindas. hefer biskupen tekid j sinn reikningskap og kirkiunar j skalahollte sem giorningar þar um gioruer uttuisa," DI VIII, 805 [önnur gerð sama skjals]

[1522-40]: Stóllinn eignast 24 hdr í Sveinseyri og Rauðsdal á Barðaströnd, 20 hdr, en lætur Alviðru í Dýrafirði af hendi. DI IX, 125

10.11.1523: Stóllinn lætur af hendi Eyvindarmúla í Fljótshlíð en fær í staðinn Sandgerði í Hvalsneskirkjusókn. DI IX, 182

28.3.1524: Stóllinn lætur af hendi 15 hdr í Gröf á Rangárvöllum með 5 kúgildum en fær í staðinn til fullrar eignar Grafarbakka í Ytrahreppi. DI IX, 204

29.8.1524: Stóllinn eignast Hvamm í Hvammssveit, Ásgarð og Ketilsstaði. DI IX, 234

[1524]: Stóllinn lætur Kolsholt í Flóa fyrir Hárlaugsstaði og Hús í Holtum. DI IX, 256

[1524]: Stóllinn lætur Arnarbæli og hálf Fjall í Ölfusi en fær í staðinn Haukaberg og Rakstaði á Barðaströnd og Indriðastaði í Skorradal. DI IX, 258

3.1.1525: Stóllinn lætur Stóra-Botn í Hvalfirði fyrir Hallkelsstaði í Hvítársíðu. DI IX, 262

26.7.1525: Stóllinn lætur Hvamm í Hvammssveit, Ásgarð, Magnússkóga, Ketilsstaði, hálf Glerárskóga og Breiðabólstað í Hvammssveit, Blöndubakka í refasveit, Hvamm á Vatnsnesi, Tungu í Bitru og Fjarðarhorn en fær í staðinn Bjarnaneseignir: Bjarnanes í Hornafirði, Fjörð og Dal í Lóni, Þinganes, Hafnarnes, Dilksnes, Krossbæ, Holt, Borg, hálf Fell, Kvísker, Hólm, Kelduholt, Skerin, hálf Hóla og rekann fyrir Uppsala landi. DI IX, 267 sbr. 420 (afhending á Hvammi 1527)

3.8.1525: Stóllinn eignast Stórahvol og Miðhús í Hvolhreppi, Minni Fjörð og Svínhóla í Lóni, en lætur í staðinn Hof í Örafum, Kvísker og Breiðármörk. DI IX, 274-75

[1525]: Stóllinn lætur Skáney fyrir spítala en áskilur sér forkaupsrétt. DI IX, 290

13.3.[1526]: Stóllinn eignast Galtarholt í Stafholtstungum en lætur í staðinn Steinsstaði í Tungusveit, ef Barkarstaðir sem áður höfðu verið gefnir fyrir héldust ekki. DI IX, 338

17.4.1526: Stóllinn eignast Bíldudal og Dufansdal á Vestfjörðum en lætur í staðinn Kross og Bryggjur í Landeyjum. DI IX; 345

[1526]: Stóllinn eignast 20 hdr í Borgarhöfn en lætur í staðinn Papey, sjálfa höfuðeyna. DI IX, 390

[1526]: Stóllinn lætur Hof á Kjalarnesi fyrir Barkarstaði í Svartárdal en Hof aftur ef þiggjandinn deyr erfingjalaus. DI IX 391-92

[1526]: Stóllinn eignast Gýgjarhól, Keldnaholt og Brú í Biskupstungum en lætur í staðinn Austastaskála og Miðskála undir Eyjafjöllum, DI IX, 392

[1526]: Stóllinn eignast Villingadal í Haukadal í Breiðafjarðardölum og 20 hdr í Gegnishólum í Flóa en lætur hálfan Geldingalæk á Rangárvöllum. DI IX, 393

[1526]: Stóllinn lætur Norðfjarðarnes í Norðfirði og Urriðavatn í Fellum. DI IX, 394

[1526 eða 27]: Stóllinn selur Kýraugastaði á Landi fyrir 30 hdr. ad til greindum þeim landamerki millum Launarshollts. stadarins jardar i Skalhollte. sem Radzmadurinn ridur á med skinsamra manna ráde oc yfersion. og hinna ellstu manna frásögn. DI IX, 395

1527: Sáttargerð biskupanna, Ögmundar og Jóns um Víðimýri og Kalmannstungu og skyldi Jón: "hafa jördina Galmars Tungu til byggingar og hallda gardinn og kirkiuna rielega ok skiællega ok giallda af .ccc. arliga vorum umbodsmanni. utan þá vier ridum i vora visitatio þd skjlldi falla nidur landskylid fyrer gisting," DI IX, 412

20.8.1527: Stóllinn eignast Holtsmúla á Landi, Brekkur í Holtum Lágafell og og Stakkholt í Landeyjum en lætur í staðinn Skúmsstaði með kirkjujörðum hennar. DI IX, 424

1527: Stóllinn eignast Öxnalæk í Ölfusi en lætur fyrir 10 hdr í Reykjum í Mosfellssveit. DI IX, 441

19.5.1528: Stóllinn eignast Grafarbakka í Hrunamannahrepp en lætur Gröf í Áverjahrepp, en geldur Grafarbakka síðan í ráðsmannskaup. DI IX, 452

6.11.1528: Stóllinn á Læk í Flóa. DI IX, 475

27.2.1529: Stólnum hafa verið gefnir hálfir Hamrar í Holtum en ekki fengist afhent. DI IX, 482

[1529]: Stóllinn eignast Kjalardal á Akranesi en lætur Drumodsstaði og Belgstaði í Biskupstungum. DI IX, 507-508

24.1.1530: "Þd fiördu sök ad hann [sr Þórður Einarsson í Hítardal] hefde ad sier teked og sundur höggved þriu trie ur Hvolzeyjum [þ.e. Hvalseyjum] þau sem biskupinum hofdu vered tilsögd og heilagre Skalholltskirkiu," DI IX, 510

25.1.1530: Samningur biskups við Helgafellsklaustur

Stóllinn eignast Stórugröf í Stafholtstungum en lætur á móti Kambana í Breiðuvík. DI IX, 512

1.7.1530: Vatnsfjörður, Hvammur, Ásgarður og Aðalvík dæmdar fullkomin eign heilagrar Skálholtskirkju. DI IX, 536-38

[1530]: Stóllinn selur Indriðastaði í Skorradal fyrir 30 hdr. DI IX, 559

[1530]: Stóllinn gefur Höfn í Dýrafirði. DI IX, 561

[1530]: Stóllinn eignast Dal í Valþjófsdal og hlut í Hjarðardal en lætur Dynjandi og þrjú eyðikot í Arnarfirði, Túnakort 1920: Austurbær: Tún: 4,6 ha. Girt. Slétt ca. 4/5. Matjurtag.: heima 891 m², hverag. 562 + 385 = 1839 m². Vesturbær: Tún: 6,3 ha. Girt. Slétt ca 5/6. Matjurtag.: heima 1400 m², hverag. 562 m²] = 1962 m²

1713: "Engjarnar eru tvennar, aðrar með Brúará, en aðrar með Hvítá, og spillast hvorutveggju, þessar af sandsáburði úr Hvítá, en hinar af grjóti, sem Brúará uppá þær ber. Engjavegurinn sumur er lángrur, svo og erfiður og torsóktur fyrir foröðum. Landþröng er hjer mikil, svo vinnuhestar staðarins eru tíðum burtlátinir til hagagöngu um vor eður sumartímamann í lönd staðarjadranna, þar sem heitir Miklaholtsnes og Bárar foruð. Vetrahart er hjer svo að í bestu vetrum er rosknu fje nokkurt fóður ætlað," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 290-1.

"Landið er svo til algróið og skiptast á mýrar, holt og ásar með klettabeltum og vallendisbríkum. Beitiland er gott bæði sumar og vetur, því landið er víða grasgefið og jörðin snjólétt. Slægjur voru allgóðar á Skálholtsmósum víó Brúará, þó þeir séu fremur votlendir. Þeir hafa ekki verið slegnir í allmörg ár. Syðsti hluti landsins er Skálholtstunga. og hefur sandfok úr eyrum við Hvítá og uppblástur eytt nokkuð gróðri þar upp á síðkastið, en Landgræðsla ríkisins hefur leitast við að hefta þessa gróðureyðingu með friðun og uppgæðslu. Veiði er töluverð í báðum ánum bæði lax og silungur," segir í Sunnlenskum byggðum I, 117. Í Landamerkjabók Árnassýslu segir: "Frá Skálholti var haft til forna fjárborg og Smalaskáli fyrir sunnan Klukkugil, einnig fjárhús uppundan Kerslæk Spóastaðamegin." Landamerkjabók Árnassýslu, bls. 186

ÁR-380:001 *Skálholt* heimild um bústað 425713 403309

Bærinn stóð á brekkubrún sunnan og suðvestan við kirkjuna og sjást þar enn tóftaleifar. Rofum yngsta bæjarins var rutt niður brekkuna á 6. áratugnum. Austur- og Vesturbær eru merktir inn á túnakort frá 1920. Matjurtagarður er merktur beint sunnan við Austurbæinn.

26.7.1503: Stephán biskup í Skálholti gefur Jóni Einarssyni ráðsmanni "gott ordlof til ad lata færa hus sitt j þann stad sem honum þicker betur henta," DI VII, 645.

1539: "[Síra Jón Bjarnarson] var settur til að skenkja þeim í timburstofunni [...]. Hafði Didrich [van Minden] farið tvisvar eður þrisvar fram í biskups stofu til biskups [...]," segir í Þætti um Ögmund biskup í Skálholti.

1541: Virðing á staðnum í Skálholti. Þar eru talin upp: "radzmanskiemma [...] gullsmidia og gullskiemma [...] stora badstofa med forbasstofu [...] gesthvs [...] elldaskali [...] skiædahvs [...] slaturskiemma [...] smiorskiemma [...] skreidarskiemma med hialli jnnar af [...] stadarsmidia [...] lambabvr [...] hesthvsin bædi [...] fiosin bædi og hladen [...] sodbvr [...] hituhvs [...] bordklefi [...] syruklefinn [...] storustofan. forstofan og burid. gaungin aull fra nordurdyrum og vr vtedyrum med radzmanz loffti [...] sueinaskali med vinnumannaskala [...] prestaskalinn og skolastofan, gaungin fra radzmanz loffti og vp ad kyrkiu med klefunum badum. [...] vestri tradaskiemma [...] Eystre tradaskiemma [...] asmundarstofa [...] kiallari med sueinastofu [...] Byskups herbergin fra Badstofu fram j gaung med karnopinu [...] b(r)ijgetarstuku," DI X.



Póstkort sem sýnir staðinn í Skálholti fyrir uppbyggingu. Bæjarhús til hægri, kirkjan vinstra megin. Ártal óvíst.



Bæjarhóll í Skálholti vinstra megin og beint neðan við kirkjuna. Horft í norður.

26.3.1548: Reikningskapur Skálholtsstaðar. Þar eru taldir upp gripir "j timburstofu [...] j lofftinu [...] j fremra lofti

[...] j skiemmunni litlu [...] j vijnkiallara [...] j sueinastofu [...] j biskups badstofu [...] j biskupsstofu [...] þar a þijlenu [...] j karnopi [...] j lockreckiu j sueinaskala [...] j gullskiemmu [...] j budinne [...] i studium [...] j slaturskiemmu [...] j elldaskala [...] j syruklefa [...] j bordklefanum [...] j stofunni [...] j blaunduklefanum [...] j skiædahvsinu [...] j radzmanzkiemmu [...] j burinu [...] j prestaskala [...] j radzmanzloffti [...] hia hallvardi j kiallaranum [...] j tradaskiemmunni vestri [...] j Eystri tradaskiemmunni," DI XI.

1548: Fatabúrsreikningur í Skáhholti. Þar eru taldir upp gripir "j budinne [...] j biskupsstofu [...] j innra Timburstofuopti [...] j Timburstofu [...] j vijnkiallara [...] j fremra kiallara [...] j Karnopi [...] (j) Lokreckiu j Sveinaskaala [...] j gullskemmu [...] j Hituhusi [...] j vestare tradarskemmu [...] j austare tradarskemmu [...] j kvockhusi [...] j vadmaalastuku," DI XI.

Samkvæmt Kort Beskrivelse over den nye Vulcans Ildsprudning i Vester-Skaptfields-Syssel paa Island i Aaret 1783 eftir Magnús Stephensen féllu öll hús í Skáhholti í jarðskjálftunum 1784.

"Að vísu er stundum talað um mörg hús og stórkostlega húsagerð í Skáhholti, og auðvitað má sjá tóftir biskupsstofu og skóla, þar sem nú er ekkert hús, en kirkjan varð þó aldrei annað en timburkirkja, og miðað við lýsingu á biskupsetrinu, þegar stóllinn var lagður niður [1785], er ekki að sjá að hann hafi verið mjög ásjálegur," segir í Íslenskum sögustöðum (KK).

"En munnmælasögn er: að Ketilbjörn [gamli Ketilsson] hafi látið búsmala sinn ganga fyrir austan Brúará, og látið gjöra garð frá henni austur að Tungufljóti, svo fjenaðurinn væri í sjálfheldu; en smalamaður hafi hafzt við í skála, þar sem bærinn Skáhholt var reistur síðar," segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1894 (sjá Brynjúlfur Jónsson 1894, bls. 3-6).

"Vorið 1902 var í austurbænum í Skáhholti byggð heyhlaða í bæjarhúsaröðinni austan til, 16 al. löng og 14 al. breið. Veit annar endi fram, en hinn upp undir kirkjugarðinn. Var hún grafin niður um 4 al. frá jafnsléttu sem nú er. [...] sjá má, að alt bæjarstæðið hefir hækkað upp með tímanum. Í framanverðri gröfinni urðu fyrir leifar af skálahússtöftinni fornu. [...] Göng höfðu verið úr norðvesturendanum inn í bæinn. Fyrir innan þau varð fyrir fremri endi undirgangsins [...]. Í suðvesturendanum urðu fyrir leifar af gafli skólahússins. [...] Dálítill tóft var fram úr skólahússtöftinni við suðausturendann," segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1904 (sjá Brynjúlfur Jónsson 1904, bls. 20-21).

Merk á uppdrætti frá fyrri hluta 18. aldar: Búrstofa, boðstofa, biskups baðstofa, biskups kamers, fremri stofan, herbergia dyr, candidata loft, giesta hús og giesta loft, britakamers, gaung, svefnhús, skólaskálinn, skólinn neðri beckr, efribeckr, laungagaung, barnhús, sýruklefi, gamlaborðstofa, britakofi, smiörklefi, grásíða, kalldyr, stórabúr, theatrum, sionnplats, restaskiemma, eldhús, miðbaðstofa, vinnukvenna baðstofa.



Horft yfir meginhluta bæjarstæðis í Skáhholti til norðurs. Í forgrunni er uppgriftarsvæðið frá 2002-2007. Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir.



Skálholt á málverki Johns Cleveley frá 1772.

Merkt á uppdrætti frá 1784; skólinn, skólaskáli, CONRECTORIS hús, göng, sjúkrastofa skólans, sýruklefi, geymsluhús - skemmur, borðstofa skólans, smjörklefi - skemma, skólaþjónustuhús, britakamers, spunahús, garns- og ulla-hús, vefarahús, búr, eldhús, suðurkamers, perstskamers, malarakamers, norðurkamers, bókakamers, daglegsetukamers, innstakamers, miðkamers, fremstakamers, fremstastofa, stórstofa, biskupakamers, litla- eða bókakamers. Sunnan við kirkjuna. Merkt á túnakort frá 1920, þá sem austur- og vesturbær.

Á uppdrátt frá 1836 er merkt inn: Bær, þrjár geymslur (fyrir brauð, þurrkað kjöt, fatakestur og stóla), fjórar ullargeymslur, smiðja, og þrjár garðar (hugsanlega kálgarðar). Leifar gamla skólans eru merktar upp við kirkjugarðsvegg.

Hóllinn er að mestu leyti grösugur og fremur sléttur. Uppgraftarsvæðið með upphlöðnum veggjum biskups- og skólahúsa er á honum miðjum, beint sunnan við kirkjuna.

Gríðarmiklar upplýsingar eru til um bæjarhólinn í Skálholti og þær byggingar sem á honum hafa staðið, bæði úr rituðum heimildum og úr fornleifarannsóknum. Hér er bæjarhólnum lýst í heild sinni, fyrst og fremst út frá yfirborðsummerkjum, en auk þess fá einstök hús á hólum sem sýnd eru á kortum t.d. frá 1784 og 1836 sérnumér. Ætla má að hóllinn sé alls um 215 m breiður frá austri til vesturs og að minnsta kosti um 160 í þvermál frá norðri til suðurs. Að austanverðu markast hann af austurbrún gamla kirkjugarðsins og í framhaldi af henni til suðurs er greinilegur halli út frá hólum til austurs - um 40-50 m austan við mörk uppgraftarsvæðis frá 2007. Að sunnanverðu eru mörk hólsins greinileg, enda á honum há og skörp brún sem er á köflum nánast lóðrétt niður mót suðri. Uppi á brún hólsins þar liggur hlaðgarður 099. Segja má að Kyndluhóll 038 skagi út úr suðvesturhorni hólsins og sé tengdur honum og vesturhlið hólsins er einnig fremur ljós, enda hallar frá honum til vesturs allt frá Kyndluhól og norður fyrir göngustíg sem liggur niður af svæðinu til vesturs af bílastæði. Norðurhlið hólsins er ekki mjög skörp og erfitt að átta sig á hvar hann endar til norðurs. Af fyrirbyggjandi kortum og gömlum málverkum að dæma má þó segja að svæðið þar sem hús vígslubiskups er teljist einnig til bæjarhóls, enda stóðu þar hús fyrr á öldum sem virðast talin til bæjartorfunnar. Bæjarhóllinn í Skálholti er með allra stærstu bæjarhólum sem þekkjast hér á landi, til marks um mikil umsvif á staðnum. Uppgrafnar minjar sem nú eru aðgengilegar á minjasvæði í hólum eru frá 16.-17. öld (sjá nr. 121) en yngri bæir á staðnum stóðu ofar, þ.e. norðar og vestar (sjá 115 og 080). Án efa myndu finnast eldri minjar í hólum ef grafið væri eftir þeim. Í Sögu biskupsstólanna segir: "Ýtt var ofan af bæjarhólum sunnan kirkjunnar og

hann sléttaður 1958. Veggjarbrotum og bæjarleifum frá 19. og 20. öld var ýtt burtu og suður af hólnum. Kristján Eldjárn fylgdist með því verki, en hann taldi sýnt að enn væru miklar mannvistarleifar í jörðu sunnan og suðvestan við kirkjuna og kirkjugarðinn. "

Hættumat: mikil hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Hörður Ágústsson 1987, 254; Túnakort 1920; Biskupa sögur II, 270-1; DI X, 628-30; DI XI, 613-25; DI XI, 651-7; Magnús Stephensen, 141; KK I, 122; Brynjúlfur Jónsson 1894, 2; Brynjúlfur Jónsson 1904, 20; Hörður Ágústsson 1987, 254-255, Skálholt 18. öld; SB, bls. 681; Brynjúlfur Jónsson 1894 og 1904; Uppdráttur frá fyrri hluta 18. aldar; Uppdráttur 1784; Uppdráttur 1836

ÁR-380:002 heimild um kirkju 425757 403374

"Skálholtskirkja sú er nú stendur, á breiðum hól sunnan við núverandi byggingar á staðnum en norðan við gamla bæinn, er á grunni eldri kirkjubygginga. Kirkjugrunnarnir og göng milli bæjar og kirkju voru grafin upp 1953-1958."

SKÁLHOLT (Á) - Pétur, Þorláki

e. 1000: „Gizurr hvíti lét gjöra hina fyrstu kirkju í Skálaholti,“ Hungrvaka, Biskupasögur I, 61

1082-c. 1100: Gizurr byskup lét ok log leggja á þat, at stóll byskups þess, es á Íslandi væri, skyldi í Skálaholti vesa, en áðr vas hveergi, ok lagði hann þar til stólsins Skálholtsland ok margra kynja auðæfi onnur bæði í londum ok í lausum aurum; Íslendingabók, ÍF I, 22-23

Gizurr bp lagði allt Skálholtsland „til kirkju þeirrar, sem þar er í Skálaholti, ok hann sjálf hafði gjöra látið, Þrituga að lengd, ok vígði Pétur postola,“ Hungrvaka, Biskupasögur I, 67.

1134-1148: Magnús lét mjög auka kirkju í Skálaholti, ok vígði síðan, ok var kirkjudagr settr á Seljumannamessu, en áðr hafði verit Krossmessa á vár, Þá er Gizur biskup hafði vígt. Hungrvaka, Biskupasögur I, 77

1153-1159: Ketill bp smíðar nýja kirkju, vígð með stórveislu fyrir 1159.

Hungrvaka,

Biskupasögur I, 81-83

1199-1211: Páll bp endurnýjar kirkju og vígir Þorláki,

Pálssaga,

Biskupasögur I, 132

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 8

[um 1270]: Rekaskrá á norðrströndum - DI III 2.

1285: "Þá tókz tal með þeim Hrafni ok byskupi í norðrstúku," Árna saga biskups, ÍF XVII, 148. "Af þessu (og orðunum í stúkunni í Skálaholti í 107. kap.) má ráða að krosskirkja hafi verið í Skálholti á tíð Árna biskups," ÍF XVII, 148 nm.

1309: Kirkiv brvni í

Skala holti ; Annales vetutissimi, IA 53

- Brann kirkia i Skalaholtti at leyndum guðz domi ; Høyersannáll, IA 74

- Bran kirkia i Skalaholtti vm vetrin eptir Pals messv ok varð borgit kalekvm flestum ok hauklvm. skrini ens h. Þorlaks byskups með helgvum domi hans. ok en litlv skrini ; Konungsannáll, IA 149

- Brann Jons kirkia i Latran ok Skala holtz kirkia með einum atburð ok a einum tima hvartveggi af loptligum elldi vm nóttina fyrir næsta dag ante conuersionem Pauli; Skálholtsannáll, IA 202



Skálholtskirkja og Þorláksbúð í kvöldsól. Horft í SSA.

- Brann kirkia j Skalhollte [ij nottum] fyrir Paals messo sua skiott sem menn eta [eda hafa mald]ryckiu list. vard Pa huorke eftir aaska [ne neitt a]nnat or lofte ofuan kom saa elldr at; Lögmannsannáll, IA 264

- tueim nottvm fyrir Pals messo vm vetrinn nær midnættj laust logandi elding stopvlinn j Skala holti med svo micilli aakefd at aa einne stundu brann upp avll kirkian med kluckvm ollvm og skriptum og flestvm ollum skruda nema hinum bestvm hoklvvm; Gottskálksannáll, IA 341

- Brann kirkia i Skalholti fyrir Paals messo af loptelldi ok husbunadr stadarins nær allr bækr ok kantara kapur. kalekum vard borgit flestum ok hóklum. episcopalia brunnu. skrini ens heilaga Thorlaks vard borgit med helgum domi hans. Potti þat flestum vndr a huersu litilli stundu kirkian brann. Þa var farit vm allt Island at bidia til kirkiugerdar. geingu menn þar all vel vndir; Flateyjarannáll, IA 391

- bran kirkia j Skalholti er herra Arni byskup Þorlakson hafdi giora latid ad miclum hlut vm nottina fyrir Pals messo hana bar a laugardag. Og ad leyndum Guds domi laust reid staupulinn med elldingum Þa stiarna war j austri med suo miclu megni ad kirkian hufan stopullinn war al brunned adur stiarna war j landsudri. Þar brunno bækur flestar: nema 18 bestu hauklar Þar bruno bækur buclar og messoklædi: kluckur og kistur kantarakapur tiaulld aull med beckiar klædum miced j reckiubunadij salun og blæiur. Þar tyndust 14 silfurbollar og margier dyrgripir bædi j gulli og brendu silfri og margra manna eignir. Vm worid war bedit vm allt Jsland til vpreistar kirkiunne stodu þar margier wel vndir: herra Jorundur byskup gaf aull Episcopalia; Oddaverjaannáll, IA 487

1311: Vpp hafin kirkio smið inn mikla i Skala holti; Annales vetutissimi, Flateyjarannáll, IA 53, 392

- Reist kirkia i Skala holti; Skálholtsannáll, Gottskálksannáll, IA 203, 342

1318: Kirkiu brot i Skala holti; Konungsannáll, IA 151

Veðr braut stópul ok kirkiu i Skala holti a Þorlaks messo dag fyrir jol ; Skálholtssannáll, IA 204

bravt stopvl [og kirkiu] j Skala holti fyrir ofvidri Thorlaks messo fyrir jol ; Gottskálksannáll, IA 345

braut staupul ok mikit af kirkiu i Skalholti a ÞorlaksMESSO dag fyrir jol; Flateyjarannáll, IA 394

20.7.1360: ... kirkiunne i skaalhollte ... DI III 145-46 ath IOD

14.1.1362: [Einar Þorláksson gefur] jc kirkiu j nortungu. ... j vadmalum. DI VI, 14

14.1.1362: [Einar Þorláksson gefur] ijc til stadarinz j skaalhollte. ... j vadmalum. DI VI, 14

5.4.1383: Einar Eiríksson gefur kirkjunni í sitt testamenti 10 hundruð; DI III 366

12.6.1386: Þorsteinn lögmaður Eyjólfsson gefur heilögum Þorláki og kirkjunni í Skálholti í sitt testamenti 5 kúgildi; DI III 392

1394: stod ...ueizla uel sio nætur. ueitt suo heidursamliga. at Þat skylldi huer hellst drecka sem til lysti. bædi nott oc dag oc Þat til marks vm ad stovv stofan var Priseten gatta j mille af hofudsmonnum. oc uar Þar ecki annat druckid enn Þyskt ol oc Þadan af dyrra ol; Lögmannsannáll, IA 285 [fyrir 1401]: [Kirkja á Skarði á Skarðsströnd] En staduren i skalholte a fiordung i hvalreka oc i vidreka i greindu takmarki iafnt vid Skardskirkiu; Máld DI III 655-658 [Skarðs]

1404: eydde þa enn stadenn j Skalhollte. þria tima ad þionustv folki. deydi þar þa þrir prestar oc mesti hlvtv klerka. ij prestar lifdv eptir brodir Þorfinnr kirkiu prestur. oc Þorarenn prestur Andres som. er þa var cappellanus byskupsins herra Vilchins; Lögmannsannáll, IA 287

1405: [snjóvetur-fjáfellir] atte staturinn j Skalhollte ... Lögmannsannáll, IA 287

1405: Obitus domini Vilchims episcopi Skalholltensins ... hann liet ... byggia stopulinn j Skalhollte allann af grund. hann bygdi oc sancti Thorlaks hofud medur klart silfur. oc lagdi sialfur Þar ut j hans helgan dom. hausinn heilann obrotinn. hann hafdi oc ut uorar fru bileti hid minna j Mariu stukv. oc sancte Olafs bileti fyrir framan korinn j Skalhollte oc eitt Þyskt bord er hann gaf kirkiunne. ... hann liet oc byggia stadnum buzv j Noregi er kollvd var Byskups bussann. forst honum iafnan vel sem uon var. hann leysti oc allar gamlar skulldir stadarins. suo ad um hans daga uard kirkian skvlldlaus.; Lögmannsannáll, IA 287-288, 296

25.7.1405: Sálugjafarbréf Bjarnar Einarssonar Jtem gefr ek kirkiunne j skalholti fimm hundruth; DI III 702 [1446]: [Þorvarður Loptsson gefur kirkjunni í sitt testamenti] .xc. oc þar til sæmiligt þing; DI IV 675

5.4.1471: Bréf Sveins biskups í Skálholti um viðartillag til kirkju og stöpulgerðar í Skálholti, DI V, 604.

6.8.1476: Stavpullin j skalholti uar reistur þridia dagin næsta fyrir lavrencius Messo anno domini M°. cd°. lxx°. sexto. anno domini M°. d°. xxx°. vii°. Máld DI VI, 86 [AM 680 4to]

[1491-1518]: "Jtem kirkian I skalholti a alla olmodsey I þiorsaa." Máld DI VII, 46 [AM 257 4to; AM Apogr. 2676]

1495: jehsus annao et cetera xcv. ar.

jn primis a biskupinn at heimta ... DI VII, 284-85 [AM Fasc LXIV, 25 - minnisblöð Stefáns bps á skinni - greinilega skrifað eftir yfirreið bps um Vestf.fjórðung sumarið 1495]

1495: [Skrá um kirkjur þær sem Páll Jónsson og Jón danur Björnsson áttu fyrir að svara]

Sigurd henriksson radmadr he[ima] a ad fara med biskups sk[i]ppi vestur fra edur a langanes oc taka ccc j kavp. DI VII, 285-86 [AM Fasc LXIV, 25, minnisblöð Stefáns bps á skinni - greinioega skr. eftir yfirreið hans um Vestfirðingafjórðung sumarið 1495] [1497]: Skrá um útlendan varnað sem sr. Einar Snorrason afhenti Stefáni bpi - DI VII, 377-78 [AM Fasc LXIV, 24 - minnisgreinar Stefáns bps á skinni]

1532: bran Skalahollts kirkia a alþingi Petrs messo. smidud kapella stor um haustit; Gottskálksannáll, IA 374
 1533: Reist Skalahollts kirkia; Gottskálksannáll, IA 374
 1541: Máld DI X 628-630
 26.3.1548: Máld DI XI 613-625
 1548: Máld DI XI 651-657
 1.7.1559: Bréf til konungs frá Gísla byskupi Jónssyni. Þar er beiðst timburs þar sem kirkjan sé að fali komin, DI XIII, 424-5.
 19.10.1570: Svo lagt fyrir að kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi styrki smíði Skálholtsdómkirkju, DI XV, 444-5.



Svæðið norðan kirkjunnar, horft í SV.

1588: Þjsks. Bps.A,VII,2, s.45
 1589x1630: Skalaholltsokn. 1 Spoastader. 2 Hofde. 3 Laugaräs 4 Audshollt 5. Eiriksbacke. 6 Helgastader. 7 Ida. 8 Fiall. AM 66a 8vo bl. 41a-b – samtíðar afskrift fyrir Odd þp Einarsson.
 1639: Þjsks. Bps.A,VII,2, s.41 og s.45
 1.4.1644: Þjsks. Bps. A,VII,2, s. 53
 4.4.1644: Þjsks. Bps. A,VII,2, s. 53
 1785: Biskupsstóll lagður niður og Skálholtssókn lögð undir Torfastaði; (PP, 86)
 27.2.1880: Skálholtssókn lögð undir Ólafsvelli; (PP, 80) [lög]
 16.11.1907: Ólafsvallaprestakall lagt niður og Skálholtssókn aftur lögð undir Torfastaði; (PP, 80)
 1709: "Biskups stóll og beneficium. Hjer er dómkirkjan og embættað hvern helgan dag árið um kring, og svo alla þá aðra daga í árinu, sem embættisgjörð er skylt að fremja," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II.
 Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er Jón sterki af Eyrarbakka sagður grafinn í kórgólfinu í Skálholtskirkju. "Löngu þar eftir voru skólapiltar í Skálholti. Tveir af þeim tóku saman ráð sín að vekja Jón upp og skyldi annar vekja hann upp og grípa bókina undan hendi hans, en hinn hringja klukkunum so hann færi niður aftur; fór þetta nú fram. Sjá þeir nú koma upp mikinn mann gráhærðan með bókina undir hendi sér. Þreif þá sá sem upp skyldi vekja til bókarinnar og

náði ekki nema miðparti hennar, þá var hinn of fljótur að taka í klukkurnar so þeir höfðu ekki meira af Jóni. Það er af bókinni að segja að það var Gráskinna galdrabók."

"Sæmundur [fróði] hafði heyrt af sínum góðum félagsmanni er Jón hét að sín ráð hafa vildi til að ná einni bók er þeir báðir vissu fyrrum niðurgrafna vera í Skálholtskirkjugarði með eigandanum. [...] Kemur so Jón til Skálholts, gengur í kirkju, læsir dyrum og meinar engan mann nálægan, kveður þrjár vísur. Við það opnast grafir í garðinum; kveður Jón enn vísu; gengu þá allir úr gröfunum og inn í kirkju. Fyrir þeim öllum gekk maður gamall og gráhærður og settist á forstólinn, hafandi bók í hendi sér. Jón kvað enn vísu í þriðja sinn; þá opnaðist bókin. En í því sama bar so við að frilla Jóns gaf af sér hljóð mikið [...]. Við þetta hljóð varð mikið hark í kirkjunni; hljóp þá Jón í klukkustrenginn og hringdi; þar með hurfu burt allir þeir sem enn voru komnir með miklum gný og fóru aftur í grafir sínar, en Jón missti bókarinnar," segir einnig í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Þegar Kálund kom á staðinn árið 1873 var kirkjan "ósjáleg turnlaus trékirka með þessa venjulegu þrjá glugga á hvora hlið." Ekki sést til eldri kirkna vegna þess að núverandi kirkja stendur á sama grunni og þær eldri.

Yfirlit um rannsóknir á kirkjugrunnum og hluta kirkjugarðs er í *Sögu biskupsstólanna*. Þar segir m.a.: "Árið 1952 hófst uppgröftur á kirkjugrunnum í Skálholti og var það umfangsmesta rannsókn á einum minjastað á Íslandi til þess tíma...Við uppgröftinn var rannsóknarsvæðið miðað við það svæði sem raskað yrði vegna nýbyggingar og tók það því ekki til nema hluta af kirkjugarðinum. Var þar grafið upp á um það bil 50 m löngu svæði og misbreiðu, eða 16-28 m á breidd. Þó voru könnunarskurðir gerðir nokkuð víðar, meðal annars í svonefndan Virkishól austan kirkju..Við rannsóknina 1954-1958 komu fram undirstöður tveggja kirkna sem staðið höfðu á sama stað hvor á eftir annarri. Hina stærri og eldri þeirra nefndu rannsóknarmenn "miðaldakirkjuna". Hún hafði verið hátt í 50 m að lengd og grunnurinn krossmyndaður...Hákon Christie taldi hann grunn kirkju þeirrar er brann á dögum Ögmundar biskups (líklega 1527). Hörður Ágústsson telur að grunnurinn sé undan kirkju þeirri er Gísli biskup Jónsson lét reisa (1567), en hún hafi líklega verið reist á sama grunni og kirkja sú er Ögmundur lét byggja fjórutíu árum fyrr...Ekki fundust minjar eldri kirkna en hinnar stóru "miðaldakirkju". Við uppgröftinn þótti sýnt að þegar grunnur hennar var gerður, og einnig við greftranir innan kirkju, hefði orðið það mikið rask að eldri kirkjugrunnar hefðu verið fjarlægðir. Ekki er reyndar mikið vitað um hinar elstu kirkjur í Skálholti en af rituðum heimildum má ætla að tvær kirkjur hafi staðið þar á undan kirkju Klængs. Einnig var grafinn upp grunnur yngri kirkjug og töluvert minni, líkega um 25 m langrar, og hefur verið talið víst að það væru leifar kirkju þeirrar er reist var um miðja 17. öld og hefur verið kölluð Brynjólfskirkja. Ofan á grunni Brynjólfskirkju stóð svo sóknarkirkjan frá 1851, 10 x 5 m, sem fjarlægð var við upphaf uppgrafar. Svokölluð Valgerðarkirkja, reist 1802, hafði staðið á eftir Brynjólfskirkju en á undan sóknarkirkjunni. Grunnur hennar kom ekki fram við uppgröftinn, líklega vegna þess að hann hafði verið fjarlægður þegar sóknarkirkjan var reist og líklegt að sama grjótið hafi verið notað aftur í undirstöður. Við rannsóknina var einnig grafinn upp fjöldi legstaða, en þeir voru allmargir innan hinna eldri kirkna, og auk þess nokkuð af beinum sem raskað hafði verið við eldri greftranir og byggingar. Alls voru þar tekin upp bein úr 111 manns..." Þegar þetta er ritað hefur nýr kirkjugarður verið í notkun um nokkurt skeið á flöt neðan og austan undir kirkjunni. Þó virðist einstaka gróf enn vera tekin í gamla kirkjugarði - þar er t.d. grafinn Sigurður Sigurðarson vígslubiskup sem lést 2010.

Hættumat: mikil hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 58; Hörður Ágústsson og Kristján Eldjárn 1990, 301-3; Biskupasögur I, 61, 67, 77, 81-3, 132; ÍF IV, bls.141-145; ÍF I, 22-23; DI II 734; DI III 2, 145-6, 212, 285, 366, 392, 655-8, 702; DI IV 101-102, 591-2, 675; DI VI, 14, 86, 164, 393-4, 445, 482- 3, 638-9, 765; DI VII, 46

ÁR-380:003 heimild um fjárhús 425848 403674



Staðsetning fjárhúss 003, horft í suður.

Fjárhús: "Var rétt fyrir innan hlið hjá Bjössa [Birni Erlendssyni]. Var uppistandandi þegar Bjösssi og Mæja komu (1950). 50-60 kinda hús og hlaða," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Á túnakorti frá 1920 eru sýnd útihús nyrst í Skálholtstúni sem að öllum líkindum eru á sama stað, um 300 m norður af bæjarhúsum 001. Húsin sjást ekki á eldri kortum af Skálholti. 1986 kom enn grjótt upp úr túni á þessum stað þegar slegið var. Bryndís merkir staðinn inn á svarthvíta loftmynd en hún er ónákvæm og óljóst hvort staðsetningin er norðan eða sunnan við heimreið að Skálholtsbænum um það bil þar sem hún klýfur sig frá veginum suður að kirkju (sem nú er lokaður).

Þar sem húsið var er nú plan austan við hús Skálholtsbónda, nálægt heimreiðinni að Skálholtsbænum (þ.e. þar sem staðarbóndinn býr. Smágras er í krika

milli heimreiðar og vegar að kirkju en á staðnum er nú búið að setja stórt malarplan fyrir heyrúllur.

Engar leifar sjást af húsunum sem hafa að öllum líkindum verið fjárhús. Húsin sjást vel á loftmynd sem tekin var upp úr 1950 og eru þar undir þaki, snúa frá norðri til suðurs og áföst að norðan er hlöðutóft eða túngarður.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 529; Loftmynd Li0-14- 36

ÁR-380:004 tóft hrútakofi 425886 403320



Tóft af hrútakofa 004 sést hér efst á mynd vinstra megin við miðju. Neðan við er bein lína, Austurtraðirnar (096). Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

Á túnakorti frá því um 1920 eru sýnd útihús í túni rúma 100 metra austur af bæ. Á sama stað eða mjög nálægt honum eru sýnd hús á korti Lottins frá 1836. Hér er gengið út frá því að þau hús hafi verið á sama stað þótt erfitt sé að staðfesta það, enda er talsverð skekkja í korti Lottins. Staðurinn virðist sá sami og Bryndís Róbertsdóttir skráði 1986: "Í miðju túni austan og neðan við kirkju. Þar hengdi sig maður snemma á þessari öld, er var þar í húsmennsku, var fjölskyldumaður." Söguna um þetta atvik virðist Bryndís hafa frá Guðmundi Óla Ólafssyni. Í lýsingu hennar segir: "Sams konar gras í tóft og er á túni í kring. Erfitt að mæla lengd kofa. Stendur þónokkuð upp

úr túni. Grjóthleðsla sést aðeins að framanverðu, en grjót verið hreinsað úr tóft og er í hrúgu fyrir framan. Á loftmynd sem tekin var upp úr 1950 virðast húsin þegar fallin í tóft.

Tún sem hallar mót SA, það er enn slegið en tóftin er kafloðin.

Stæðileg tóft, ein af fáum útihúsatóftum sem eru varðveittar á yfirborði í Skálholtstúni. Hún er algróin og frekar sigin, snýr mót SA, hallar niður eins og túnið. Alls er tóftin um 11 x 9 m stór og snýr hér um bil norður-suður. Tóftin er einföld og dyr hafa væntanlega verið í SA þótt það sé frekar óljóst núna. Veggirnir eru 1,5-2 m á þykkt, rísa 0,3-0,5 m upp fyrir yfirborð en eru þó hærri ef staðið er neðan við. Það vottar fyrir grjóti við dyrnar en því gæti hafa verið rutt til. Sést ekki garði. Neðar eða austar er áföst tota sem er ekki slegin heldur, ekki augljóst að þar séu mannvistarleifar en gæti þó hafa verið lítið mannvirki sambyggt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Skálholt 1836; Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 495;

Loftmynd Li0-14-36



Staðsetning á fjósi í Skálholti innan rauða hringsins. Kort frá 1784 lagt ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

saman við túnið eins og það er nú. Enn markar fyrir brún á þessum stað neðst í túninu sem nemur við framhlið húsanna á kortinu en þar neðan við er votlend dæld fyrir ofan Kyndluhól sem liggur nokkurn veginn frá N-S og hefur skurður verið grafinn úr henni. Þannig er hægt að staðsetja þessi hús með töluvert mikilli vissu með hliðsjón af kortinu gamla.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Hörður Ágústsson 1987, 254; Skálholt 18. öld; Skálholt 1836; Túnakort 1920;

Sigurður Skúlason 1927, 64; Sigurður Skúlason 1953, bls. 164

ÁR-380:006 heimild um útihús 425703 403410

ÁR-380:005 *Fjós-kelda* heimild um fjós 425684 403373

Merkt inn á uppdrátt frá 1784: Móhús, heygarður, þrjú hesthús, fjós, hlaða og nauthús; allt vestan við kirkju og bæ. Merkt inn á uppdrátt frá fyrri hluta 18. aldar: Fjós og hlaða og garður umhverfis.

Heygarður er merktur inn á uppdrátt Lottins frá 1836, um 7 m NV við bæ. Byggingar þessar stóðu á túni sem er vestan og suðvestan við bílastæðið vestan við kirkjuna, ofan og norðaustan við Kyndluhól 038. Fjós-kelda hefur verið norðan eða norðvestan við staðinn: "Fjós-kelda sést nú naumast. Hefur hún verið þurkuð upp með lokræsi," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927.

Nú er þar tún sem hallar töluvert mikið til vesturs. Ekki er vitað um byggingar á staðnum í seinni tíð. Túnið hefur verið sléttað og engar mannvirkjaleifar sjást á yfirborði. Í suðurjaðrinum á þessu svæði hefur verið lítið uppgraftarsvæði fyrir nemendur Háskóla Íslands og þar er opinn skurður þegar þetta er ritað en verið tyrft yfir botninn. Áðurnefnd hús stóðu vestast á svæðinu og hefur framhlið þeirra myndað beina línu með gafla mót vestri. Þegar kortið frá 1784 var lagt yfir loftmynd má sjá furðu vel hvar húsin hafa staðið og sömuleiðis að lögun og stærð garðsins kemur vel heim og

Merkt á uppdrætti frá 1784; geymsluhús, CONRECTORIS eldhús, smiðja, vinnumannaskemma og skemma Einars bryta.



Þrjár "Traða skiemmur" eru merktar inn á uppdrátt frá fyrri hluta 18. aldar, að því er virðist á sama stað. Þessi hús hafa staðið hér um bil þar sem nú er hús vígslubiskups um 40 m NV við kirkjuna eða hugsanlega eilítið vestar, en þar er tekið að halla niður af hólum sem staðurinn er á til vesturs.

NV-hluti bæjarhóls, byggingar og bílastæði. Húsin og allt þeim tengist er líklega löngu horfið. Íbúðarhúsið er með niðurgrofnum kjallara og bílastæði sunnan og vestan við það. Líklega er þetta það svæði sem einna mest hefur verið raskað á bæjarhólum. Sumarið 2015 var grafinn skurður fyrir dreni í kringum allt húsið en því miður náði enginn fornleifafræðingur að kanna hvort mannvistarleifar sæjust í sniði. Vígslubiskup telur að svæðið hafi verið mjög blautt þegar húsið var byggt.

Hættumat: mikil hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Hörður Ágústsson 1987, 254-255, Skálholt 18. öld

Staðsetning á skemmum 006 í Skálholti innan rauða hringins, þar sem er nú íbúðarhús. Kort frá 1784 lagt ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ÁR-380:007 heimild um prenthús
425685 403327

Á uppdrætti frá 1784 er merkt prenthús vestan

við bæjarhús í Skálholti. Sagt er frá prentsmiðjunni í Biskupasögum Jóns Halldórssonar í Hítardal, í umfjöllun um Þórð Þorláksson biskup: "...að prentsmiðjuna mætti flytja frá Hólum, svo sem arf og eigindóm sinn og samarfa sinna, og brúka hana í Skálholti. Og í sömu norðurreisu lét hann flytja hana með öllum hennar verkfærum frá Hólum og seinna um sumarið suður í Skálholt, uppbyggja þar af nýja húsinu, svokölluðu, hvert hann hafði keypt af síra Torfa Jónssyni, erfingja M. Brynjólfs, prenthús kostulega smíðað með súð og þili í hólf og gólf, stórum yfirgluggum á báðum hliðveggjum, vænum kakalofnum og bókbindarahúsi þar aptur af, svo ei voru önnur hús á stólum þar prýðilegri."

Grænn og gróinn bæjarhóll, fremur sléttur.

Prentsmiðjuna er unnt að staðsetja með nokkurri nákvæmni þegar kortið frá 1784 er lagt ofan á loftmynd og með hliðsjón af öðrum byggingum sem sjást á kortinu. Sannfærandi



Staðsetning á prentsmiðju 00 innan rauða hringins. Kort frá 1784 lagt ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

virðist að staðurinn sé sunnan við austurenda vesturtraðanna 011 (sem sjást reyndar ekki á kortinu og eru líklega tilkomnar seinna) en þær enda nokkuð snögglega og hefur sennilega verið fyllt upp í traðarendann. Þetta er suðvestan undir hábæjarhólnum. Iðagrænn og gróinn bæjarhóll en engin ummerki sjást um byggingar á yfirborði.

Hættumat: mikil hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Hörður Ágústsson 1987, 254; Túnakort 1920: Biskupasögur Jóns prófasts Haldórssonar 1. bindi, bls. 324-325

ÁR-380:008 heimild um kálgarð 425753 403305 Kálgarður er sýndur á á upprætti frá 1784. Hann hefur verið utan í suðurbrún bæjarhóls, beint suður af núverandi kirkju eða eilítið austar, örlítið austar en í stefnu beint upp/norður af Jólavallagarði 041 sem einnig sést. Þetta er fast austan við hábrún bæjarhólsins syðst.Grösugur bæjarhóll, sléttaður. Hér hallar landi mót suðaustri og frambrún hólsins er ekki jafnsnarbrött hér og hún er vestar.Grösugt svæði og þar vex njóli, engar mannvirkjaleifar sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Hörður Ágústsson 1987, 254



Staðsetning á kálgarði 008 innan rauða hringsins. Kort frá 1784 lagt ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ÁR-380:009 gripir 425031 401940

Næla sem talin er frá víkingaöld fannst í rofi á garðlagi við Hvítá fyrir mörgum árum. Finnandinn, sem kom með hana á Þjóðminjasafn 2015 (en hún fannst löngu fyrr – óljóst hvenær), taldi að umrætt garðlag lægi yfir Skálholtstunguna þvera og því er líkast til um að ræða garðlag 050 en þó ekki hægt að útiloka að fundarstaðurinn hafi verið sunnar og nær rústum í Stekkatúni, jafnvel við enda túngarðs 028D. Ekki er ósennilegt að nælan sé úr kumli.


Nælan er skráð í Sarp undir númerinu 2015-8. Þar segir: "Bronsnæla eða kinga, greinilega frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar, líklega 10. öld, sbr. Nælan frá Vaði með safnnúmer 4340 og grein í Gersemar og þarfapung bls. 78-79m. m. Nælan hefur verið kringlótt og er keilulaga. Hún er mynstruð. Fundarstaður: Skálholtstunga. Nálægt ármótum Brúarár og Hvítár hefur Hvítá brotið úr garðenda, sem liggur þvert yfir tunguna. Gripurinn fannst í brotinu."

Hættumat: hætta, vegna rofs


Heimildir: sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1561139



Næla sem fannst í rofi sunnan Skálholts. Ljósmynd:
Þjóðminjasafn Íslands/ 2015-8-004 .



Rissteikning finnanda af fundarstað gripsins. Þjóðminjasafn
Íslands.



Staðsetning á smiðju 010 innan rauða hringsins. Smiðjulækur í skurði
vestan við. Kort frá 1784 lagt ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ÁR-380:010

Smiðjulækur

heimild um smiðju

425607

403295

Smiðja er merkt á uppdrætti frá fyrri hluta 18. aldar og frá 1784. Hún er einnig merkt sem "tóft" á yfirlitskort af Skálholti frá 1996. Á sama stað er merkt útihús á uppdrætti Lottins frá 1836. Smiðjan hefur verið sunnan við Kyndluhól og Þorláksbrunn, um 10 m sunnan við Vesturtraðirnar 011. Þetta er fast við suðvesturhluta bæjarhóls 001, alveg undir honum. Þetta gæti verið sami staður og Brynjúlfur Jónsson nefnir í lýsingu sinni á Skálholti 1894 og hefur eftir eldri manni: "En ekki vissi Jón hvaða byggingar verið höfðu báðum megin við vesturtraðirnar hjá Þorláksbrunni. Þar sjást miklar rústir, en þó engin húsalögun. Þær eru víst eldri." Lækurinn vestan við Kyndluhól, sem yfirleitt er nefndur Myllulækur eða Kvernalækur (sjá 046), er kallaður Smiðjulækur á korti Lottins frá 1936.

Þetta er fast við suðvesturhluta bæjarhóls, alveg undir honum. Vestan við er dæld með miklum skurði en þar

rann áður lækurinn sem ýmist var nefndur Kvarnalækur, Myllulækur eða Smiðjulækur.

Hildur Gestsdóttir lýsti tóft á þessum stað 1999: "Ferhyrnd, mjög ógreinileg tóft, sunnan við Kyndluhól. Hún liggur nokkurnvegin austur vestur, norður og suðurveggir sjást að hluta, og partur úr vesturvegg. Ekki neitt grjót sýnilegt í hleðslu." Engar augljósar mannvistarleifar sjást á yfirborði þegar þetta er ritað 2016, enda allt á kafi í grasi. Tóftin sem Hildur Gestsdóttir virðist hafa séð 1999 er ekki greinileg en hún fór á vettvang í mars og þá hefur sína legið niðri. Smáhólbunga sem virðist vera ungt uppkast eða uppmokstur er um það bil á smiðjustæðinu og gæti hafa lent ofan á rústaleifum.

Hættumat: mikil hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Hörður Ágústsson 1987, 254; Skálholt 18. öld; Brynjúlfur Jónsson 1894, bls. 4



Vesturtraðir sjást óljóst hér í stefnu á kirkjunni. Við austurenda þeirra er ógróinn moldarbingur. Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

ÁR-380:011 Vestari traðir garðlag traðir 425638 403318

Í umfjöllun sinni um Skálholt 1894 segir Brynjúlfur Jónsson, fornfræðingur: "Þá [á tímum Finns biskups 1754-1785] lágu traðirnar austan að bænum, eins og nú, fyrir neðan kálgarðinn [líklega 069], vestur fyrir hann og þar upp á hlaðið. Þangað lágu líka aðrar traðir vestan og neðan að hjá Þorláksbrunni, sem enn er þar vatnsból."

"Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir [032]," segir í friðlýsingaskrá. Traðir eru hvorki merktar inn á uppdrátt frá 1784 né heldur á grunnmynd af húsum staðarins frá því í upphafi 18. aldar, en af frásögn Brynjúlfs að dæma hafa þær þó verið til þá. Leið frá bæ, framhjá Þorláksbrunni [039] og að Kvarnalæk/Myllulæk 046, er merkt inn á uppdrátt Lottins frá 1836. Ekki virðast það þó eiginlegar traðir af teikningunni að dæma, frekar eins og stígur. Traðirnar sjást enn utan í suðvestanverðum bæjarhól. Vesturendi þeirra er fast undir suðaustanverðum Kyndluhól 038 og þaðan liggja þær til norðausturs upp á hólinn. Traðirnar liggja niður grasi vaxinn bæjarhól.

Alls eru traðirnar rétt tæplega 85 m langar. Hlaðið er meðfram þeim beggja vegna og eru garðarnir mest um 1 m háir og algrónir. Sennilega er botn þeirra niðurgrafinn um 30-50 cm. Breidd traðanna innanmáls er víðast hvar um 5-8

m en að utanmáli eru þær rúmlega 8 m breiðar í þvermál. Þess má geta að traðir þessar eru breiðari og meiri um sig en Austurtraðirnar 096, sem eru eingöngu 2 m innanmáls, og gæti það helst bent til að Vesturtraðir hafi verið breikkaðar fyrir hestvagna. Hugsanlega var það slík vegagerð sem Brynjúlfur Jónsson átti við í pistli 1904: "Sama vor (1902) var í vesturbænum í Skálholti lagður vegur niður frá bænum vestur úr túninu. Ræsi var gjört með veginum og var Þorláksbrunnur þar á leiðinni. Veggerðarmenn grófu hann fram, tóku burt grjót það, ser hlaðið hafði verið innan í hann og jöfnuðu hann alveg með ræsinu, svo nú er hann ekki frammar til." Af þessu að dæma eru traðirnar eins og þær líta út núna sennilega að stofni til frá 1902, gerðar fyrir hestvagna. Á loftmynd sem tekin var upp úr 1950 sést að þá lá vegur í framhaldi af tröðunum þar sem læknum sleppti upp til norðvesturs, í átt að austurenda holtsins sem tóftir 094 eru á. Vegurinn virðist hafa verið upphlaðinn og líklega allt að 4 m breiður. Í framhaldi af honum virðist hafa legið slóði til vesturs meðfram norðurbrún holtsins. Ekki sjást augljós merki um þetta á nýlegum loftmyndum en staðurinn var ekki skoðaður nákvæmlega á vettvangi.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Friðlýsingaskrá, 60; Skálholt 1836; Eva Kr. Dal og Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2015, 217-8; Brynjúlfur Jónsson 1894, bls. 3; Loftmynd Li0-14-36

ÁR-380:012 tóft fjárhús 425885 403565

Hildur Gestsdóttir skráði tóft árið 1999 í Skálholti. Í lýsingu hennar segir: "Tóft er merkt á yfirlitsuppdrátt af Skálholti frá 4. júní 1996. Um 30 m suðaustan við minnisvarða um Jón Arason. Ílöng tóft sem liggur norður-suður. Inngangur virðist vera í suðurenda, en erfit að sjá greinilega vegna fannfergis. Ekki sést neitt grjót í veggjarhleðsuni. Tóftin liggur á þýfðu grasigrónu svæði, um 4 m. austan við veginn sem liggur að Skálholti frá Skólavörðu. Í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur frá 1986 segir: "Fjárhús: "austan þjóðvegur, rétt ofan við heimreið að Skálholti. 7,8 m austan við veg. Hóll norðan við prestshúsið gæti verið fjárhúshóll?? Ekki er fast berg í honum." Tóftin er um 30 m suður af



Tóft af fjárhúsum 012, græni bletturinn norðar er minnisvarði um Jón Arason biskup, sjá 085. Uppmæling ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.



Norðurendi tóftar 012, fjær sést minnismerkið um Jón Arason 085. Horft í norður.

minnisvarða um Jón Arason (085), rétt um 9 m austan við Skálholtsstaðarveg. Líklega er þetta sama hús og sýnt er á korti Lottins 1836 austan við Biskupatráðir 032 en það er þó ekki hægt að staðfesta. Það hús er í skrá þessari með númer 116. Austan við Skálholtsstaðarveg er móagróður og dálítill sína, með sóley, maríustakki o.fl. Engin trjárækt er á svæðinu en sjálfsprottnir víðirunnar eru á dreif.

Tóftin er einföld, um 13 m á lengd og 6 m á breidd, og snýr norður-suður. Inngangur er líklega á suðvesturhorni. Veggir tóftarinnar eru allt að rúmum 1 m á hæð þegar staðið er utan við tóftina að austanverðu, og eru 1,5-2,5 m á breidd. Ekkert grjót sést í veggjum og ekki sést móta fyrir garða eða hlöðu innan tóftarinnar. Ekki er víst að tóftin sé mjög gömul, en lítil gróska er í henni og veggir frekar signir og úr lagi gengnir. Sennilega er þetta fjárhús.

Hættumat: mikil hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Yfirlitsuppráttur 1996; Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 497; Skálholt 1836

ÁR-380:013 heimild um túngarð 425979 403330

Á loftmynd sem tekin var upp úr 1950 sést túngarður um Skálholtstúnið austan- og sunnanvert sem að líkindum er að mestu leyti horfinn nú en verður hér lýst með hliðsjón af myndinni. Lega garðsins passar mjög vel við mörk túnsins eins og þau eru sýnd á túnakorti frá 1920.

Þar sem garðurinn hefur legið eru ýmist sléttuð tún eða skurðir á mörkum mýrlendis og vallendis.

Garðurinn sést fyrst á myndinni tæpum 100 m austan við Virkishól 034 og liggur þaðan til suðurs, suðvestan bílvegarins í nokkrum sveig hátt í 200 m til suðausturs. Þar sveigir hann hér um bil beint í vestur og hefur legið á þeim slóðum þar sem nú er skurður. Hann hefur legið fyrir enda Austurtraðanna 096 og þá í átt að Jólavallagarði 041 og hefur myndað suðurhlið hans. Þaðan má greina garðinn áfram til suðvesturs en ekki er ljóst hvort hann fjarar út eða hefur hugsanlega legið vestur að Myllulæk/Kvernalæk (sjá 046). Ekki er ljóst hvort garður hefur verið um túnið norðanvert en meðfram því að austanverðu, ofan Fornastöðuls 022 er áberandi skörp lækkun á túninu til austurs vegna minni jarðvegs og væri það líklegasti staðurinn. Á loftmyndinni sést reyndar votta fyrir fornlegu garðlagi þvert yfir

mitt norðurtúnið en það fær hér annað númer, sjá 055.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Loftmynd Li0-14-36; Túnakort 1920



Loftmynd af Skálholti tekin 1951. Gardlag 014 er hér sýnt með rauðri línu syðst (sjá nr. 1). Landmælingar Íslands.

ÁR-380:014 tóft göng 425744 403356

Göng milli kirkju og hús í Skálholti koma við sögu í Íslendinga sögu Sturlungu en þar segir m.a.: "Órækja gekk sunnan á húsinn með meginliðit, - sóttu svá norðr eftir forskálanum þeim, sem til kirkju er. Þeir Gizurr höfðu borit vatn á forskálann, ok var hált á þekjunni." "Gangur var milli bæjar og dómkirkju þegar á öndverðri 13. öld og hélst á sama stað til 1785, Á 13. öld var hann kallaður forskáli, 1541 er hann nefndur göng, en á 17. öld og síðar ætíð kallaður undirgangurinn. Hann stefndi í suðvestur frá suðurhlíð kirkjunnar, var að mestu eða öllu leyti í jörð inni í garðinum, en með veggjum sunnan við garðinn," segir í riti Kristjáns Eldjárn um fornleifarannsóknir í Skálholti. Þar segir enn fremur: "Gangurinn var um 18 m langur milli húsa, 1,25 m breiður. seinast þó aðeins um 1 m, gólfið hallandi um 5°-6° upp til kirkju, veggir hlaðnir úr grjóti, en ef til vill torfi efst, uppgerð eins og í venjulegum göngum á 17. og 18. öld, með bitum, dvergum, ás og refti, en engum stoðum, heldur hafa bitar hvílt á veggrúnum, enda er stoða aldrei getið



Kristjana Vilhjálmsdóttir í göngunum sumarið 2016, horft í suður.

Þótt aðrir viðir séu taldir upp, gólfíð lagt hellum og lokræsi undir. Gangurinn kom á miðja framkirkju Ögmundar biskups og opnaðist þar með stigauppgangi upp á kirkjugólf. Á kirkju Brynjólfs biskups lá gangurinn undir suðurstúkuna og opnaðist með uppgöngu rétt inn undan henni. Undirgangurinn var gerður upp í september 1958, og stjórnaði Kristján Eldjárn því verki... Yfirgerð gangins er öll miðuð við hentugleika, en ekki er reynt að stæla neitt gamalt. Upprunalegt er fyrst og fremst gólfíð með lokræsinu og undirstöðurnar að langmestu leyti. Hurðin frá síðustu timburkirkjunni var sett fyrir ganginn." Göngin hafa verið endurgerð að hluta. Nú er inngangur inn í þau, lokuð með viðardyrum, um 20 m sunnan við kirkjuna.


Göngin voru grafinn upp við fornleifarannsóknir á Skálholti 1954-1958. Síðar voru þau hlaðin upp og eru aðgengleg gestum.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Sturlunga saga I, 463; Kristján Eldjárn, Håkon Christie og Jón Steffensen 1988, 45-6



Hringlaga tóft 015 á Réttarholti fyrir miðri mynd, í fjarska Vörðufell (vinstra megin) og Hestfjall fjær. Horft í suðvestur.



Tóftir á Réttarholti 015 (A er sunnar), uppmælingar á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

"Réttarholt er allstórt og sumstaðar nærri því skorið sundur af mýrarvikum," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. "Þar vottaði enn fyrir fjárréttarbroti árið 1927," segir í yngri örnefnaskrá. Á Réttarholti eru tvær rústir, annars vegar fjárborg (A), um 1,8 km vestnorðvestur af Skálholti (001) og hins vegar lítil rúst (B), um 50 m norðnorðaustur af fjárborginni. Götur 133 liggja fast norðan við fjárborgina, milli hennar og rústar B. Mólent holt með mýrum í kring. Brúará rennur um 200 m vestan við holtið.

Alls er svæðið hátt í 70 x 30 m stórt. Fjárborgin (A) er mest hátt í 27 m í þvermál, mjög sigin og er breidd veggja allt upp í 10 m á yfirborði. Rústin er vel greinileg og rís allt að 1,2 m að utan. Þvermál dældar í miðju er 7-8 metrar. Fjárborgin er töluvert grænni en móinn umhverfis og er stór hundapúfa á henni norðvestantil. Ekki sést hvar dyr hafa verið á fjárborginni. Rúst B er mun óljósari, veggir rofnir í sundur og hlaupnir í þúfur, en aðeins meiri grænka er innan veggja en utan. Rústin er sporöskjulaga, um 9 m á lengd og 7 m á breidd; breidd veggja um 2-2,5 m. Rústin er ekki ósvipuð rústunum í

Borgarhólum sem eru rúmlega 1 km suðaustar, sjá 023. Þeir blasa við uppi á brún sem rís yfir mýrarnar í suðaustri.

Ekki er óhugsandi að fleiri mannvirki leynist á Réttarholti, enda er það mjög þýft.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 61; Ö-Skálholt, 2

ÁR-380:016 *Mosar* heimild um áveitu 423762 403541

"Mosar nefnist einu nafni allstór áveita frá náttúrunnar hendi meðfram Brúará. Mosarnir ná norðan frá Kerslæk, er skilur lönd Skálholts og Spóastaða, og allt suður að Þorlákshver. Þeir eru víða erfiðir yfirferðar vegna flóða er kvíslast um þá. Þeim er skipt í 7 slægjuskákir frá vestri til austurs, og nefnast þær, talið frá norðri til suðurs: Skottið, Bakkaskák, Réttarholtsstykki, Stóraskák, Hólmaskák, Breiðaskák og Hveraskott. Meðan tvíbýli var í Skálholti, skiptust bændurnir á um að slá þessar skákir sitt árið hvor, og sló þá annar bóndinn 3 (Bakkaskák, Stóraskák og Breiðuskák), en hinn 4 (Skottið, Réttarholtsstykki, Hólmaskák og Hveraskottið), og var það lagt að líku," segir í örnefnaskrá. Mosarnir voru ekki skráðir á vettvangi sumarið 2016, enda var land meðfram ánni gríðarlega blautt og nánast ófært þegar þetta er ritað. Loftmyndir voru skoðaðar rækilega og á þeim er ekki að sjá garða eða annað sem hafi skipt slægjuskákunum upp. Hnit er tekið af korti.

Heimildir: Ö-Skálholt, 2-3

ÁR-380:017 *Folaldavað* örnefni vað 422359 400765

"Folaldavað er nú orðið rangnefni, því alstaðar er Brúará sundvatn á þessum stöðum. En ástæðulaust er að efast um, að hún hafi einhvern tíma verið reið þarna, því áin breytir sér oft, og nýjar eyrar myndast og hverfa á víxl," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. Á örnefnaupprætti sem fylgir lýsingu er Folaldavað merkt til vesturs úr Skálholtstungu miðri, norðan við Vesturtjörn svonefnda. Svæðið virðist allt mjög blautt og ekki var farið þangað sumarið 2016. Loftmyndir voru skoðaðir rækilega en ekki er augljóst á þeim að götur liggi að vaði á þessum stað.

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 61



Digra-Sigga 018, horft í vestur.

ÁR-380:018 *Digra-Sigga* örnefni landamerki 425920 406014

"Digra-Sigga er klettabelti nyrst í Skálholtslandi. Mætast þar landareignir Skálholts, Hrosshaga og Spóastaða," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. "Svo nefnist vörðubrot er stendur á klettabelti norðvestast í Skálholtslandi [...] Örnefnið bendir til, að þessi landamerkjavarða hafi í öndverðu þótt allfyrirferðamikil," segir í örnefnaskrá. "Digra-Sigga heitir klettahóll á Breiðás norðaustarlega. Sagt er, að þar hafi orðið úti förukona með þessu nafni," segir í örnefnaskrá Hrosshaga. Í landamerkjalýsingu Spóastaða frá 1886 segir: "...þaðan ræður bein lína suðri svokallaða Digrusiggu, sem er standklettur norðast í Skálholtsásum...." Í landamerkjalýsingu Hrosshaga í sömu bók segir að standklettur þessi sé með hundapúfu. Digra Sigga er heldur sunnar og austar en á núverandi merkjum, þ.e. að því gefnu að merkjagirðingar séu á réttum stað. Þetta er rúma 2,5 km beint norður af bæjarhól 001. Digra-Sigga er á ás sem liggur frá norðri til suðurs, hér um bil þar sem hann rís hæst.

Þar er engin varða heldur og mikil og há (80 sm) iðagræn fuglapúfa sem er áberandi kennileiti. Engin merki um vörðu sjást í nágrenninu og ekki heldur grjótrúst eða laust grjót yfir höfuð. Því virðist einna helst að marka landamerkjalýsingu Spóastaða varðandi Digru-Siggu, að nafnið eigi við klett eða hundapúfu. Nú eru merkin móti Hrosshaga um skurð um 30 m norðan við þúfuna á klettinum en að vestanverðu er girðing á merkjum. Ekki óhugsandi að varða hafi verið á svæðinu áður þótt þess sjáist nú engin merki.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 61; Ö-Skálholt, 3; Ö-Hrosshagi, 2; Landamerkjabók Árnassýslu, bls. 187 og 192.

ÁR-380:019 *Vörðuás* heimild um samgöngubót 425729 404795

"Vörðuás. Þar sér enn vörðubrot," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. Vörðuás er miðað við örnefnakort sem hangir uppi í Skálholtsskóla um 730 m norðan við þjóðveg, og útundir merkjum við Spóastaði.

Ás sem liggur N-S en trjárækt er hafin umhverfis og er það mest lerki og önnur barrtré.



Vörðubrot á Vörðuási 019, horft í norður.

Á efsta punkti ássins eru klappir og þar sjást smáhleðslur á tveimur stöðum en þó er ekki augljóst að það séu vörður. Áður en skógræktin hófst hefur væntanlega verið gott útsýni frá þessum stað en hann er þó alls ekki í sjónlínu við Skálholt og vörður á þessum stað því ekki verið sýnilegar þaðan. Hleðsluleifar sjást á tveimur stöðum á klöppunum. Sú nyrðri er hrúga og neðstu steinarnir talsvert mosagrónir. Það eru aðallega flatar hellur. Alls er hleðslan um 1 m á kant en ekki nema

0,3 m há. Holrými virðist undir henni, e.k. stokkur og hella ofan á. Ekki óhugsandi að þetta hafi verið refagildra fremur en varða þótt rýmið virðist helst til lítið. Tveimur metrum sunnar eru 8-10 stórir steinar í hrúgu og stendur ekki steinn yfir steini, sennilega til komið af mannavöldum. Ekki er vitað um aðrar vörður á ásnum þótt ekki sé útilokað að þær gætu verið horfnar í skógrækt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 62

ÁR-380:020 vegur leið 425899 403184

"Tíðaholt nefnist holt eitt allmikið [...] Samnefnt holt er og í suðaustur frá staðnum og heitir Tíðarskarð, þar sem leiðin liggur yfir það," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. "[L]eiðin liggur yfir þetta holt frá Skálholti að Iðuferju," segir í örnefnaskrá. Gata frá Skálholti að Iðuferju er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910, liggur til suðausturs frá Skálholti í átt að Tíðaholti en virðist svo hafa verið angar af henni bæði norðan og sunnan við holtið.

Gatan hefur væntanlega legið niður bæjarhólinn eftir Austurtröðum 096 og síðan yfir slétta mýri þar austan við, en þar er komið í land Laugaráss.

Austurtraðirnar sjást vel eins og kemur fram annarstaðar í þessari skrá (sjá 096) en eftir það má sjá leifar af óljósum upphlöðnum vegi sem hefur legið yfir mýrina í landi Laugaráss í framhaldinu. Hann er frekar óljós ef staðið er á bæjahlónum í Skálholti, nema helst ef sólin er lágt á lofti, en það mótar fyrir honum á loftmyndum á um 650 m löngum kafla, í stefnu frá enda Austurtraða á norðurenda holts sem væntanlega er Tíðaholt. Vegurinn hefur ekki verið skoðaður vel á vettvangi en líklega hefur hann verið 3-4 m breiður. Landamerkjaskurður milli Skálholts og Laugaráss hefur verið grafinn í gegnum hann og einn lítill skurður að auki vestan við hann. Ekki sjást glöggar götur í framhaldi af veginum Laugarásmegin og sennilega búið að raska þar miklu vegna sumarhúsabygginga.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 62; Ö-Skálholt, 4; Herforingjaráðskort 47 NV 1910

ÁR-380:021 Skólavarða varða þingstaður 425889 403825

"Skólavarða sú, sem enn sér merki til í Skálholti, er nú orðin ærið hrörleg, og mun mannhöndin hafa gert sitt til að



Skólavarðan skreytt franska fánaum sumarið 2016.

eyðileggja hana, ef satt er að grjót hafi verið rífið úr henni til húsbygginga," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. Þar segir ennfremur: "Samkvæmt lýsingu háaldraðs manns, sem nú er látinn fyrir nokkuru [svo], var varðan öll hlaðin úr stórgrýti; þess sér enn merki. Hún náði stórum manni í öxl. Uppi á brúnum hennar voru 4 bekkir, og var þar rúm fyrir 12 manns, þrjá á hverjum. Á hornum vörðunnar voru reistir ferhyrindir steinar, nokkru hærri en bekkirnir. En ofan í vörðuna miðja var laut eða skál; hvíldu þar fætur þeirra, er sátu á bekkjunum." "Eins og nafnið bendir til, hlóðu skólapiltar í Skálholti þessa vörðu í öndverðu, og ætla má að þeir hafi oft setið uppi á vörðunni og rætt þar áhugamál sín," segir í örnefnaskrá. Bryndís Róbertsdóttir lýsir vörðunni við fornleifaskráningu 1986: "Allstórir hnullungar í neðri hluta vörðu, en rétt efst og aðallega í henni miðri er smágrjót. Grjót er nú hrunið úr öllum hornum, nema NA horni. Mikill hrossaskítur og traðk í kringum vörðuna. Sunnan við vörðuna mótar fyrir smá hleðslu, grjótaráð. Stærstu steinar í vörðunni eru að SV og NA annar 1,35 x 0,9 m en hinn 1,2 m að lengd." Ágústa Edwald gerði fornleifarannsókn umhverfis vörðuna árið 2006 til að komast að því hvort skólapiltar hefðu skilið eftir sig ummerki þar. Ekkert fannst, enda hafði svæðinu umhverfis verið raskað við endurbyggingu og mól sett í grunninn til

að styrkja vörðuna. Skólavarðan er friðlýst samkvæmt friðlýsingaskrá en hún var hlaðin upp skömmu fyrir árið 2000. Varðan er tæpa 470 m NNA af Skálholtskirkju, í krika milli þjóðveggar og vegar sem líklega er gömul heimreið að

Skálholti.

Varðan stendur á hæð norðan við Skálholt við þjóðveginn. Varðan er um 4 x 4 m að grunnflatarmáli og rúmlega mannhæðarhá á hornunum, sem eru hlaðin upp fyrir aðrar brúnir. Hún er fallega hlaðin úr grjóti. Eins og segir hér að framan var hún hlaðin upp fyrir tæpum 20 árum. Til eru ljósmyndir sem Hjálmar Bárðarson tók af vörðunni fyrir upphleðslu og má af þeim sjá að hún hefur verið hrunin að nokkru leyti, líklega einkum að sunnan og vestan. Líklega hefur verið stuðst við lýsinguna úr örnefnaskrá frá 1927 þegar varðan var hlaðin upp.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 62; Ö-Skálholt, 4; Friðlýsingaskrá, 60; Eva Kristín Dal og Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.) 2015, 213-4; Sarpur: Ljósmynd: Hjálmar R. Bárðarson 1988-297-5; Ágústa Edwald 2006, bls. 38-39; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur nr. 478.

ÁR-380:022 *Forni-Stöðull* heimild um rétt 425812 403518

"Fornistöðull mun hafa verið grasflöt, en þar var í byrjun þessarar aldar gerð allstór fjárrétt, hlaðin úr gróti. Þar er sagt, að Jón biskup Arason og fylgdarmenn hans hafi reist tjöld sín, er þeir komu til Skálholts árin 1548 og 1550," segir í örnefnaskrá. "Þar hefur líklega verið hestarétt," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986.


Ílöng tóft sem liggur í brekku í þýfðu landi, um 20 m vestan við veg sem liggur frá Skólavörðu að Skálholti.

1999: Tóftin snýr norður-suður, og sjást langveggir enn, en hún viðrðst opin í báða enda. Við suður enda tóftarinnar liggur grjót í hrúgu. Óvíst er hvort það tengist tóftinni. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Tóftin var skoðuð að nýju sumarið 2016 þegar fornleifar á Skálholtsjörðinni voru skráðar. Fornistöðull er í lægð fast austan við gamla túnið, sem markast hér af allt að 2 m hárra brún að austanverðu, um 130 m NNA af kirkjunni. Tóftin mælist alls um 34 x 10 m stór frá NNA-SSV og er opin í norðaustur en vestari langveggur teygir sig nokkrum metrum lengra í norður



Leifar réttar á Fornstöðli 022. Meðfram langhlið hægra megin sjást leifarnar af Biskupatröðum 032. Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

en sá austari. Þetta er einföld rúst og aflöng en hleðslur orðnar mjög veigalitlar og sennilega hefur grjót verið fjarlægð



Réttarleifar á Fornastöðli 022, leifar Biskupatraða austan við. Skurður sést upp við innanverðan vesturlangvegg. Uppmælingar ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

úr þeim. Það sem aðallega sést eru undirstöður sem eru gríðarlega stórt grjót víðast hvar. Hæð veggjanna er þá sem mest nemur þykkt grjótsins, 20-30 cm. Að miklu leyti er gróið yfir undirstöðurnar og engin gróska á staðnum heldur hálfgerður mói með sóleyjum, fjalldalafíflum og mosa, fremur rýrt land. Inni í tóftinni, upp við vesturvegginn heldur norðar en um miðbikið virðist hafa verið grafinn skurður einhverntíma, hugsanlega af fornleifafraeðingi þótt ekki hafi tekist að finna upplýsingar um hann. Hann er algróinn, rúmlega 1 m á kant. Dæld liggur meðfram Fornastöðli að austanverðu sem sennilega eru leifar af gömlu Biskupatröðunum 032. Staðurinn hefur margþætta merkingu: Tjaldstæði Jóns Arasonar og félagar auk þess sem stöðulsnafnið bendir til að þar hafi málnytupeningur verið mjaltaður. Ummerkin sem nú sjást eru þá væntanlega af fjárréttinni sem var þar síðast. Þess má geta að mannvirkið sést ágætlega á loftmynd sem tekin var af Skálholti upp úr 1950. Það virðist þá býsna heillegt og

alveg reglulega ferkantað, með ógrónum hleðslum en virðist þó opið í norður líkt og nú er. Ekki er ósennilegt að grjót hafi verið fjarlægð úr hleðslum eftir miðja 20. öld.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skálholt, 4-5; Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 472; Loftmynd Li0-14-36

ÁR-380:023 *Borgarhólar* tóftir fjárskýli 424856 403110

"Borgarhólar eru tveir vallendishólar, og vottar þar enn fyrir fjárborg," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. Borgarhólar eru einnig merktir inn á örnefnauppdrátt í sömu lýsingu. Þeir eru rétt um 400 m vestur af Oddsstofu, sem er stærsta húsið í Skálholtsbúðum, en um 150 m vestan við vegarslóða sem liggur annars vegar suður að Hrafnakletti og hins vegar að Þorlákshver. "Fyrst ber að nefna 3 fjárborgir, misgamlar, í Borgarhólum, sem eru nokkru vestan vegar þar sem beygt er niður að sumarþúðum," segir í minjaskrá Bryndísar Róberts 1986.

Borgarhólar eru hæsti hluti víðáttumikils holts sem nær.....Fátt er þar um kennileiti. Mýrlent og þýft er í kringum hólana en þeir sjálfir eru sundurskornir af þýfi. Norðan við holtið er mjög blautur skorningur með moldarflagi. Staðurinn var skráður árið 2007 v/ deiliskipulags og aftur árið 2016 vegna skráningar á allri Skálholtsjörðinni. Í seinni umferð var einungis bætt lítillaga við lýsingu, stærðum og uppmælingum. 2007: Í Borgarhólum eru fjórar rústir og ná þær alls yfir svæði sem er rétt tæplega 100 m langt og tæplega 20 m breitt og liggur frá suðvestri til norðausturs. Rústirnar fjórar liggja svo til í beinni línu. Sú nyrsta, hér nefnd A, er nyrst í hólunum. Hún er allgreinileg og sker sig aðallega úr vegna sinuvaxtar, en annars er mosi ráðandi á holtinu. Einnig er hún ívið sléttari en umhverfið. Tóftin er sporöskjulaga og sigin, um 15 x 12-13 m stór (18 x 16 m skv. Mælingu 2016) frá NA-SV. Hún er hæst að norðan og þar er stór hundapúfa á henni. Eginlegir veggir sjást varla en þó er lægð í henni miðri. Hæð er á bilinu 0,5 - 1 m. Tóft B er lægri og óljósari, um 20 m suðvestar en A. Þetta er hringlaga þúst, um 10 m í þvermál (2016: 12 x 10 m NA-SV). Ytri brúnir eru vart sjáanlegar en sinugróin dæld er í



Tóftir 023, Borgarhólar. Tóft A er nyrst en D syðst. Uppmælingar ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

hringlaga og allt að 2 m há. Allar útlínur rústarinnar eru greinilegar, að hluta vegna þess að hún er vel bitin af hrossum sem augljóslega sækja í skjólið. Brúnirnar ofan á rústinni eru mjög þýðar en í miðju er skál eða dæld, flöt í botninn og nokkuð sinuvaxin, um 5 x 4 m stór frá austri til vesturs og allt að 0,7 m djúp. Á einum stað í rústinni sér í grjóthellu í sverði. Ekki er augljóst hvers vegna rúst D er svo miklu stæðilegri en hinar en þó mætti geta þess til að annaðhvort



Borgarhólar 023, horft í norður.

miðju, um 5 x 2 m stór A-V. Veggirnir eru sundurskornir vegna þúfna. Tóft C er mjög ógreinileg og hugsanlega náttúrumyndun 7-8 m suðvestan við B. Þetta er þýfð þúst með sinuvexti, um 8 x 6 m stór frá austri til vesturs (2016: 12 x 10 m A-V). Síðast en ekki síst er tóft D syðst á holtinu. Hún er langveglegust þeirra allra og líkist hól úr fjarska. Alls er hún 15-16 m í þvermál, nánast

hafi hún verið topphlaðin eða að einfaldlega sé um fleiri byggingarstig að ræða undir rústinni sem sést á yfirborði. Sunnan við rústina endar holtið í miklu þýfi en ekki sjást fleiri greinilegar rústir. Þess má geta að rústirnar í Borgarhólum líkjast mjög fjárborgum sem hafa verið skráðar í Grímsnesi, ekki síst þar sem heita Grænuborgir (Ár-448:049) á Hömrum þar sem rekið var bú frá Skálholti á árunum 1539-1708. 2016: Þess má geta að fast norðaustan við tóft A er slakki með moldarflagi sem gæti hafa verið blautara fyrir tíma skurðgraftar á svæðinu. Skammt ofan við slakkann eru dældir sem gætu hugsanlega verið gamlar mógrafir. Þá má bæta því við að fast utan í tóft A að suðaustanverðu er

dálítið þýfi sem er lægra en rústin sjálf og ekki óhugsandi að þar hafi verið mannvirki.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 62; Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986

ÁR-380:024 Torfholt örnefni rista 425530 402542

"Torfholt er getið í sambandi við grjóftflutninga til Skálholts á dögum Stefáns biskups Jónssonar. Er sagt, að þar væri þá skipsnaust [025] við ósinn, sem kemur heim við það, að holtið er við Hvítá, vestan við mynnið á Undapólli," segir í örnefnaskrá. Torfholt er niður við Hvítá, rúma 400 m suður af bæjarhól 001.

Stakt, aflangt holt sem snýr N-S, Hvítá rennur í sveig upp að því að suðaustan. Mýrar, sumstaðar mjög blautar, eru við holtið að norðan og austan og skurður hafa verið grafnir vestan við það.

Engin ummerki sjást um torfristu eða mógrafir við holtið en geysimikill gróður er víðast hvar umhverfis. Tvær þústir voru þó skráðar nyrst í holtinu, sjá 137 a og b.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Skálholt, 5

ÁR-380:025 heimild um naust 425577 402449

"Torfholt [024] er getið í sambandi við grjóftflutning til Skálholts á dögum Stefáns biskups Jónssonar. Er þar sagt, að þar væri þá skipsnaust "við ósinn", sem mun eiga að tákna Undapollur [...] Undapollur er grunnt syki sem mynnir út í Hvítá. Er það nú í daglegu tali jafnan nefnt Pollur eða Hundapollur," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. Undapollur er við Hvítá, rennur austan við Torfholt 024 og er á merkjum milli Laugaráss og Skálholts.

Lækjarpollur. Mikill og hár gróður er við hann beggja vegna þegar þetta er ritað.

Hvergi fundust leifar af tóft eða annað manngert við Undapoll, en aðeins var gengið við hann að vestanverðu. Svæðið var einnig kannað af loftmynd en engin augljós ummerki sjást.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 62

ÁR-380:026 hleðsla óþekkt 426533 405050

"Smíðjuhólar [064] nefnast tvö allstór holt austur við Langasund. Er mælt að þar hafi staðið smíðja Illuga staðarsmiðs




Hleðsluleifar 026 á austari Smíðjuhólum, horft í norður.

Jónssonar, sem uppi var á dögum Finns biskups Jónssonar," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. "Engar tóftir fundust í Smíðjuhólum," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Smíðjuhólar eru norðan við veg og vestan við sund sem nefnist Langasund. Þetta er um 2 km NNA af bæjarhól 001. Tveir áberandi hólar, mun styttri en holtin í kring sem flest eru aflöng. Milli hólanna er gróið, áberandi skarð frá NV-SA og um það liggja götur 067. Engar tóftir fundust heldur í hólunum en á efsta punkti þess eystri er smáhleðsla, mögulega vörðubrot. Nokkrir stórir steinar sem hefur verið hlaðið saman, mosa og skófum vaxnir og skófir. Hæð mest um 0,3 m. Hleðsluleifar eru einnig á vesturhólum, sjá 070.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 63; Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 481



Beitarhúsatóftir 027. Uppmælingar ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

"Hestaklettur sést nú naumast, með því að fjárhús hefir verið byggt þar," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. Tvær fjárhústóftir eru enn greinilegar, önnur á Hestakletti en hin þar skammt austar. Staðurinn er um 1,8 km suðvestur af Skálholtskirkju og rétt um 1 km suður af Borgarholti 022. Þangað liggur bílfær vegarslóði. Á þessum stað eru sýnd tvö hús á herforingjaráðskorti frá 1910 og að því er virðist heim og saman við tóftirnar. Í lýsingu Bryndísar Róbertsdóttur frá 1986 segir: "Rétt ofan við hús er smá hleðsla undir girðingu en túnið hefur vafalaust verið afgirt á sínum tíma. [...] Björn [Erlendsson] notaði þau frá 1950-1968 en þá var fé flutt heim."

Hestaklettur er fremst á nokkuð háu holti sem síðan lækkar snarlega til suðurs fram af klettinum. Þar neðan við er slétt vallendi og hefur vafalaust verið slegið í eina tíð. Austan við klettinn er tiltölulega slétt kvos.

Staðurinn var skoðaður við deiliskráningu 2007 og aftur þegar allar minjar á Skálholtsjörðinni voru skráðar árið 2016 en þá var litlu bætt við öðru en nákvæmum stærðum úr uppmælingum. Eins og áður sagði eru tóftirnar tvær og hafa áreiðanlega verið notaðar á sama tíma. Hætt var að nota húsin um 1970 en þá urðu þau illa úti í ofsaveðri. Alls er svæðið um 90 x 40 m stórt frá austri til vesturs. Vestari tóftin, hér nefnd A, er stór og stæðileg og mikið af timbri og bárujárnsleifum innan veggja. Alls er hún um 28 x 12 m (32 x 14 við uppmælingu 2016) stór frá NNV til SSA og samanstendur af fjárhúsum, sem í hafa verið tveir grjóthlaðnir garðar og niðurgrafinni hlöðu í norðurenda. Fjárhúsin sjálf eru um 12 m breið syðst að utanmáli og opin í suður, hefur þar verið timburgafl fyrir. Garðaleifarnar eru óverulegar, aðeins sjást hlaðnar undirstöður og þær fjara út þegar komið er um 5 m inn húsið. Alls hefur fjárhúsið verið um 15 m langt að innanmáli og 7 m breitt. Hlaðan hefur verið mjórri, um 5 m þversum en allt að 10-12 m löng. Timburskilrúm hefur verið á milli og vottar fyrir undirstöðum þess. Veggir fjárhússins eru upphlaðnir úr stóru grjóti en hlaðan hefur verið grafin inn í holtið og er allt að 2 m djúp. Bratt er fram af fjárhúsdyrnum og hefur sennilega verið þægilegt að moka út. Má jafnvel ímynda sér að húsunum hafi verið valinn staður með þetta í huga - auðvelt hefur verið að koma áburðinum á vallendið fyrir neðan sem virðist kjörið til túnræktar. Slétt klöpp er undir húsinu næst dyrum. Tóft B er um 50 m austar og stendur mun lægra. Hún er ekki jafn stórkaraleg og tóft A, hleðslur fínlegri og ekki jafnmikið niðurgráfin þótt hlaðan sé að hluta grafin inn í holt. Tóftin samanstendur af fjárhúsum með tveimur gördum, hlöðu og síðan tveimur hólfum sem eru sambyggð tóftinni að austanverðu. Fjárhúsin og hlaðan eru

alls 18 x 12 m (2016: 20 x 12 m) að stærð og snúa norður-suður. Hlaðan er í norðurenda en tóftin opin í suður og hefur þar verið timburpil, líkt og á tóft A. Fjárhúsið hefur verið um 11 m langt og 7 m breitt en hlaðan legið þvert á



Beitarhúsatóftir 027. Ofar er tóft A, horft í norðvestur; neðar er járn í tóft B.

og verið 8 x 4-5 m A-V. Nær austurgafli hennar hátt í 1 m austar en austurlangveggur fjárhússins. Leifar af tveimur gördum liggja eftir húsinu endilöngu, mun greinilegri en í tóft A. Austurveggur hlöðunnar ríst hæst, allt að 2 m og er hann lítið eða ekkert farinn að hrynja. Aflangt hólf er sambyggt fjárhústóftinni að austan og liggur líkt og hún frá norðri til suðurs. Líklegt er að skepnur hafi verið hafðar þar einnig. Hólfið er um 10 x 2 m stórt að innanmáli og


dyr á suðurenda. Veggir eru signari en í aðalhúsinu. Annað hólf en óljósara gegnru út frá hlöðunni til austurs. Það er í halla mót austri, niðurgrafið og samfallið og því fremur óljóst. Það virðist um 5 x 3 m stórt A-V að utanmáli. Undir hruninu grillir í timbur og járn.

Hættumat: hætta, vegna deiliskipulags

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 63; Herforingjaráðskort 47 NV 1910; Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 480

ÁR-380:028 *Stekkatún* tóft+garðlag býli 424885 401608

"Stekkatún (Stekkjartún) er allmiklil vall-lendishæð; þar eru nú kartöflugarðar," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. Stekkatún er við Hvítá, norðaustan við mjóddina á Skálholtstungu, um 1,8 km suðsuðvestur af Skálholti (001). Staðurinn er að öllum líkindum bæjarstæði, þó ekki sé þess getið í heimildum. Bryndís Róbertsdóttir skoðaði Stekkatún og rissaði inn á loftmynd árið 1986. Í Stekkatúni voru skráðar margar minjar sem í lýsingu fá bókstafi til aðgreiningar. Á svæðinu eru þrjár rústahólar sem mældir voru upp (A, E og F). Svæðið er afmarkað af gördum. Nafn staðarins bendir til að þar hafi verið stekkur en að líkindum hafa verið þar mun meiri umsvif fyrir á öldum, e.t.v. býli




Stekkatún 028. Uppmælingar ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

eða einhverskonar útibú frá Skálholti.

Hvítá rennur meðfram svæðinu að austan og sunnan og er rof í bakkanum við ána. Rofið er þó víða byrjað að gróa, með grasi og lúpínu. Í lýsingu Bryndísar Róbertsdóttur kemur fram að heitt vatn komi upp úr klöpp niður við ána en það gleymdist að kanna á vettvangi.


Alls er svæðið sem hér er skráð rúmlega 300 x 170 m stórt frá norðri til suðurs. Það samanstendur af rústum og garðlögum. Í meginatriðum skiptist það í tvennt: Sunnantil eru tveir rústahólar og fjórar rústir að auki innan túngarðs. Norðantil er líkt og garðlagi hafi verið bætt við utanverðan túngarðinn og innan þess er þriðji rústahóllin sem hér er nefndur A. Hann er stærstur rústahóla á svæðinu og þar hefst lýsingin. Hóllin, sem kalla mætti bæjarhól, er um 50 m á lengd, og rúmir 40 m á breidd og 4-5 m á hæð. Hóllin er grasi gróinn og mikil gróska í honum. Á hólnum eru fjórar tóftir eða gerði. Tóft A1 er suðvestarlega á hólnum og snýr suðvestur-norðaustur, um 16 m á lengd og 8 m á breidd. Tóftin er vel greinileg, einkum innra byrðið sem er algróið með sóleyjum og elftingu.

Hæð veggja er um 0,5 m ef staðið er innan í tóftinni og er breidd þeirra um 2-4 m. Veggirnir eru mjög signir og er



Rústahóll A á Stekkatúni 026, horft í SSV.

tóftin sennilega aðeins grafin inn í hólinn. Dyr hafa líklega verið til suðvesturs, en ekki er hægt að greina þær með vissu. Tóftin minnir á fjárhús og gæti verið leifar af stekki, sbr. nafn svæðisins. Tóft A2 er fast upp við tóft A1 að norðvestanverðu. Hún virðist vera ferkantað hólfi, um 7 m á lengd og 6 m á breidd að utanmáli, með sama áttahorfi og tóft A1. Tóftin gæti verið sérstakt mannvirki en einnig er mögulegt, ef tóft A1 er stekkur, að gerð hafi verið lambakró við stekkin. Ekki eru þó alveg augljós tengsl milli A1 og A2 en tóft A2 er mun óljósari. Veggir eru lægri og signari, að mestu um 0,2-0,3 m á hæð og 2,5-3 m á breidd. Ekkert op er heldur sýnilegt á tóft A2. Þriðja mannvirkið A3, er utan í hólnum að suðaustanverðu. Mannvirki A3 er líklega tvö samhliða hús, frekar en kálgarðar. Húsin liggja lítillega á ská út úr hólnum í suðaustur, að heild um 12 m á lengd og 19 m á breidd. Veggir mannvirkisins eru mjög signir, um 4-5 m á breidd, og sést það aðallega sem tvær samhliða dældir sem liggja utan í hlið hólans. Hugsanlega hafa þetta verið fjárhús. Mannvirki A4 er hvilft nyrst í hólnum, um 12 m á lengd og 9 m á breidd að innanmáli. Mögulega er um kálgarð að ræða en það er óljóst. Meginbrún hólans að suðvestan endar u.þ.b. beint framan við tóft A1 og hallar skarpt fram af tóftinni en lág tota gengur áfram til suðvesturs sem mögulega gæti verið öskuhaugur. Þá heldur lýsingin áfram, og nú innan aðaltúngarðsins D. Hann afmarkar svæði sem er um 240 x 160 m stórt NA-SV. Hlaðið er á þrjá vegu en Hvítá rennur með svæðinu að austan og ljóst af rofi sem þar er að svæðið hefur áður verið stærra. Erfitt er að ráða í hversu mikið kann að hafa brotnað af því. Garðurinn er alls um 380 m langur, algróinn og víðast hvar 4-5 m breiður á yfirborði eins og áður sagði.




Gerði B er syðst á svæðinu, alveg fram á bakkanum við Hvítá og er syðsti hluti þess rofinn. Virkt rof virðist hins vegar ekki í gangi og er sámilega gróið með lúpínu vestantil í rofinu. Það gæti þó að öllum líkindum breyst snögglega, s.s. ef flóð kæmi í Hvítá. Gerðið er ferkantað, liggur suðsuðvestur-norðnorðaustur, um 13 m á lengd og 11 m á breidd; veggir um 2 m breiðir og 0,3-0,4 m háir. Ekkert grjótt er sýnilegt. Hugsanlega er gerðið einn af þeim kartöflugörðum sem talað er um í örnefnalýsingu 1927. Gaddavírgirðing liggur þvert yfir tóftina, u.þ.b. horn í horn. Vestan við gerði B er lítil dæld og handan hennar, um 3 m frá gerðinu er þúst á bakkanum sem gæti verið leifar annars mannvirkis sem hér er kallað C. Þústin virðist vera bakhluti eða gafl á mannvirki sem hefur legið norður-suður og eru leifarnar um 3,5 m á lengd og 10 m á breidd. Veggir eru um 1,5-2,5 m breiðir. Innan mannvirkisins virðist marka fyrir tveimur hólfum, en einnig er mögulegt að það sem virðist vera milliveggur sé rof sem gróið hefur upp aftur. Líkt og í tilfalli gerðis B er gróið framan við mannvirki C. Túngarður D afmarkar stærstan hluta svæðisins. Garðurinn er fornlegur en sést ágætlega, um 4-5 m breiður og 0,4-0,5 m á hæð. Hann er mjög þýfður, gróinn mosa og elftingu og lítillega rofinn á stöku stað. Garðurinn sést syðst um 10 m norðan við árbakkann, fyrst sem reglulegar þúfur. Hann liggur fyrst til norðvesturs um 145 m en sveigir síðan nokkuð skarpt til norðausturs. Eftir um 195 m tekur garðurinn aðra beygju til suðausturs og liggur áfram um 40 m að bökkum Hvítár, illgreinanlegur á síðasta kaflanum. Skammt frá suðurenda garðsins er rof á honum. Þar sem garðurinn teygir sig lengst til vesturs liggur annar garður (126) út



frá túngarðinum til vestnorðvesturs og liggur sá garður þvert yfir Skálholtstunguna. Af afstöðu milli garðlaga að dæma er túngarðurinn eldri en sá garður. Rústahóll E er vestast í túninu, um 60 m austur af vestasta hluta túngarðs D. Hóllinn liggur frá suðaustri til norðvesturs, um 35 m langur og 27 m breiður, hæstur að suðaustanverðu um 4-5 m, en lækkar smám saman til norðvesturs. Tóftin á hólnum tekur yfir megnið af hólnum að syðsta hlutanum frátöldum og liggur u.þ.b. eftir halla hólins. Hún er aflöng, um 15,5 m á lengd og 9,5 m á breidd, en ytra byrði hennar er heldur óskýrt. Tóftin er sennilega grafin niður í hólinn og er hæð á veggjum um 1,5 m að innanverðu. Ekkert grjót sést í veggjum. Tóftin gæti verið af fjárhúsum, en ekki sést marka fyrir garða eða hlöðu. Hóllinn gæti verið tilkominn vegna uppsafnaðra mannvistarleifa eða verið hlaðinn upp af mannavöldum. Rústahóll F er um 75 m suðaustur af rústahól E. Hóll F snýr norður-suður, er 38 m langur 20 m breiður og um 2 m á hæð, hæstur nyrst. Á hólnum er tóft, um 21,5 m á lengd og 8 m á breidd - líklega fjárhús og fyllir tóftin nánast út í lengd hólins, líkt og á rústahól E. Veggir tóftarinnar eru um 2,5-3,5 m breiðir og er tóftin opin til suðurs. Í norðurenda tóftarinnar vottar fyrir tveimur hólfum, hvort um sig u.þ.b. 2,5 x 1,5 m að innanmáli, og mögulega er einnig lítið afhólf til hliðar til vesturs, um 1,5 x 1 m að innanmáli. Líklega er þetta fjárhústóft og þá sennilega af svipuðum aldri og tóftin í hól E.

G er stök tóft nálægt norðurhlið túngarðs D, rúma 60 m norðaustur af rústahól E. Hún er mjög óljós og rís lágt, ekki nema 0,3-0,4 m en hefur að líkindum verið tvískipt, alls um 20 x 10 m stór frá suðvestri til norðausturs. Nyrðra hólfíð

er minna og virðist op á því í norðvestur en aðalhólfíð virðist opnast til SV. H er lág þúst sem lítið ber á og ekkert lag á henni, í horni túngarðs rúma 20 m norðaustur af G. Hún er alls rúmlega 10 m í þvermál en heldur lengri frá norðri til suðurs en á hinn veginn. Tóft A er eins og áður segir innan við garð sem gæti hafa verið hlaðinn síðar en aðaltúngarðurinn – þessi garður er hér kallaður I. Hann teygir sig frá miðri norðurhlið túngarðs tæpa 120 m til norðausturs, í áttina að Hvítá, en ekki tókst þó að rekja hann nema rúmlega hálf leið þangað á vettvangi en í framhaldinu er óljós hæðarrani sem gæti verið afleiðing af því að svæðið hafi blásið upp og gróíð aftur. Nú er svæðið sem afmarkast af þessum garði, túngarði og Hvítá um 100 x 100 m stórt en óreglulegt að lögun – einna næst þríhyrningi. Garðurinn er mjórri en aðaltúngarðurinn, að jafnaði um 2-3 m á breidd en hinn er að jafnaði 4-5 m breiður. Þessi garður er þó með skarpari útlínur og benda flestar vísbendingar til að hann sé yngri.



J er hugsanleg tóft í beinu framhaldi af NA-enda túngarðs I og fast norðvestan við bæjarhól A. Þetta er lágur rústahóll, býsna sléttur að ofan og markar fyrir rúst þar ofan á sem er nær því að vera sporöskjulaga en ferköntuð í grunninn, um 12 x 9 m stór frá NV-SA. Engar dyr sjást þar á. Hóllinn er rúmlega 1 m á hæð ef staðið er austan við hann..

Fleiri rústum var ekki lýst á svæðinu en þess má þó geta að skammt vestan við aðaltúngarðinn sunnarlega er ferkantað gerði (061), líklega kálgarður eða akur sem gæti verið samtíða elstu rústunum í 028. Þá eru áberandi grænir valllendishólar fyrir utan túngarð I, hér um bil beint vestur af bæjarhólnum en ekki óyggjandi að þar séu mannvistarleifar. Að lokum ber að geta þess að árið fyrir nokkrum árum (2014?) barst gripur á Þjóðminjasafn, næla frá víkingaöld (sjá nr. 009), sem mun hafa fundist í rofi á garðlagi við Hvítá. Finnandinn taldi að umrætt garðlag lægi yfir Skálholtstunguna þvera og því er líkast til um að ræða garðlag 050 en þó ekki hægt að útiloka að fundarstaðurinn hafi verið sunnar og nær rústunum, jafvel við enda túngarðs 028D. Ekki er ósennilegt að nælan sé úr kumli.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 63; Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986



Rof neðan við tóftir 028 B og C, horft í suðvestur.

ÁR-380:029 *Helgu-Systur* varða óþekkt 426212 403862



Helgusystur 029, horft í austur.

"Helgu-Systur eru tvö vörðubrot austur við Langasund," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. Helgusystur eru utan eða austan í löngum ás norðan megin við þjóðveginn, vestur og upp af Langasundi og um 700 m NA af bæjarhól. Þær standa mjög lágt, á stalli eða smáhjalla sem skagar aðeins út úr ásnum og rís rétt aðeins yfir mýrina. Töluvert grjót er framan í honum. Ekki er gott að sjá að vörðurnar hafi blasað við frá neinum stað, kannski helst úr Tíðaskarði austan Skálholts þar sem farið var til staðarins á leið frá Iðuferju. Staðurinn er ekki sýnilegur heiman

frá Skálholti.

Vörðurnar eru tvær og aðeins um 1,5 m á milli þeirra. Þær mynda línu frá NA-SV. Sú sem er norðar (hér nefnd B) er alveg fallin og bara grunnurinn eftir. Hleðslan er úr stóru grjóti á upphækkun, sennilega jarðföstum kletti. Hún er rúmlega 1 m á kant í þvermál en sennilega hefur hún aldrei risið mjög hátt ef marka má grjóthrun í kring, þótt hugsanlega hafi grjót verið fjarlægð til að setja í hina vörðuna sem er mun stæðilegri. Nú er hleðslan ekki nema þrjú umför og hæð hennar mest 30-40 sm. Grjót í köntum er áberandi en hleðslan er lægri í miðjunni og þar virðist vera mun smærra grjót. Hin varðan (A) er óhrunin, úr svipuðu grjóti og álíka mikil mosavaxin. Hún er stæðileg, 1,5 m á hæð og rúmur 1 m á kant. Grunnflöturinn er næstum ferkantaður en hleðslan mjókkar upp á við og á toppnum trónir einn stór steinn. Inni í vörðunni er greinilega mikið af smáu grjóti, líkt og holrými þar hafi verið fyllt með smærra grjóti. Óljóst er um merkingu Helgusystra, virðist ólíklegt að þær hafi átt að marka leið og sennilega hefur leiðin í Hrosshaga aðallega legið ofar í holtinu. Ekki er óhugsandi að hér hafi verið samkomustaður á borð við Skólavörðu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 63

ÁR-380:030 Íragerði örnefni legstaður 425647 403581



Íragerði. Uppmæling ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Brynjúlfur Jónsson lýsir Íragerði 1894: "Norðvestast í túninu heitir Íragerði, þar er sýnt leiði hinna írsku sveina Jóns biskups Gerrekssonar. Það er upphækkun nál. 12 fðm. löng og nál. 1 1/2 fðm breið." "Íragerði nefnist enn í dag norðvesturhluti tún þess er fylgir vestari hálfendu Skálhóltsstaðar, í norðvestur frá bænum. Er mælt, að þar hafi verið dysjaðir sveinar Jóns biskups Gerrekssonar, er drepnir voru 1433," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. "Leiði sveina Jóns Gerrekssonar á túnbletti þeim, er Íragerði heitir," segir í friðlýsingaskrá.

"Íraleiði eru tvö leiði hlið við hlið í Íragerði, en það er tún vestan íbúðarhúss Björns og Maríu. Eru um það bil í miðju túni, niður í brekkunni," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Í lýsingu Ragnars Edvardssonar frá 1999 segir: "Lítill hringlaga hóll í grasigróinni brekku um 70 m norðan við aðalbílastæðið." Íragerði er í túni um 130 m NNV af Skálholtsskóla og um 30 m austan við veginn heim að Skálholti sem nú er notaður (sá vestari).

Tún, enn er slegið allt umhverfis Íragerði. Óveruleg yfirborðsummerki, þýfður óræktarblettur í túni, 6 x 4 m stór frá VNV-ANA. Erfitt er að fullyrða frekar um hvort hér geti verið legstaður. Bryndís Róbertsdóttir lýsir staðnum árið 1986: "Sami gróður á leiðunum og á túninu í kring. Stefnan á leiðunum er ekki nákvæm því þau eru svolítið bogin, gætu hafa sigið undan halla í brekkunni. Nokkuð hefur rofist úr neðra leiðinu (vestra) og er þar mold og líka á milli leiðanna. Vafalaust hafa kindur sparkað þetta eitthvað út." Í lýsingu sem gerð var vegna skráningar á friðlýstum minjum 2015 á Suðurlandi segir: "Umræddur staður er þúfnakragi eða þúst í rennislétu túni. Ekkert friðlýsingaskilti er á staðnum."

Hættumat: mikil hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Brynjúlfur Jónsson 1894, bls. 4; Sigurður Skúlason 1927, 63; Friðlýsingaskrá,

60; Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 483; Eva Kristín

Dal og Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.) 2015, 223-4; Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir o.fl., bls. 32

ÁR-380:031 Brekkutún örnefni tún 425657 403500

"Brekkutúns er getið í Biskupa-annálum síra Jóns Egilssonar; lifir það nafn enn í dag," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. Á örnefnaupprætti Sigurðar Skúlasonar frá 1927 er Brekkutún merkt sunnan við Íragerði en norðan við Kyndluhól - hér um bil miðja vegu á milli. Þetta kemur þó ekki alveg heim og saman við lýsingu í

Biskupaannálum Jóns Egilssonar en þar segir: "...þeir dysjuðu þá alla í Íragerði, fyrir vestan Brekkutún."

Ekki er ljóst hvað örnefnið hefur verið notað um stóran skika en punkurinn sem Sigurður merkir á kortið er hér um bil þar sem nú er nyrsta bílastæðið við Skálholt, norðvestan við Skálholtsskóla. Samkvæmt hinni lýsingunni gæti túnið hafa verið austan við Íragerði, en þar eru nú slétt tún og hafa risið nokkur hús, t.d. hús rektors Skálholtsskóla.

Ekki er vitað um sérstakar minjar í Brekkutúni og er það aðeins skráð hér sem heimild um gamalt tún. Jón Egilsson sá er annálana ritaði var fæddur árið 1548 og því er þetta eitt elsta örnefni sem þekkt er í Skálholti en eins og sést af lýsingu er erfitt að skera úr um nú hvar það hefur verið.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 64; Biskupaannálar Jóns Egilssonar, bls. 36

ÁR-380:032 *Biskupatraðir* hleðsla traðir 425802 403494

"Biskupatraðir (venjulega nefndar "traðir") liggja meðfram kirkjugarði að norðanverðu. Fram með tröðum þessum að norðan er laut ein, og eru það hinar eiginlegu "Biskupatraðir"," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. Í sömu lýsingu er talað um Biskupatraðir yngri og líklegt að það séu leifar þeirra sem sjást - eldri traðir eru að líkindum horfnar hafi þær verið norðan við kirkjugarð.

Norðurtraðir og traðagarður eru merkt inn á uppdrátt frá 1784. Á uppdrættinum frá 1836 er leiðin merkt sem vegur að Heklu. Þar virðist sem traðirnar séu hellulagðar norðan við kirkjugarð og meðfram honum að vestan allt niður að bæ. Meðfram Fornastöðli 022 að austanverðu sjást hleðslur sem taldar eru leifar Biskupatraða.

Gróíð svæði austan undir kantí sem markar túnið að austanverðu.



Biskupatraðir 032 rétt við Fornastöðul 022, horft í norður. Þær sjást enn betur á loftmynd sem fylgir umfjöllun um Fornastöðul hér framur.

holt og er raunar svo regluleg þar að ætla má að hún hafi verið rudd eða löguð til. Hún hverfur í rofi vestan við holtið og þar sleppir loftmyndinni. Gatan virðist þó ekki liggja í átt að vaði við Spóastaði heldur stefna fremur meira til norðurs.

Hættumat: mikil hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 64; Hörður Ágústsson 1987, 254-255; Skálholt 1836; Loftmynd Li0-14-36

ÁR-380:033 mannabein legstaður 425797 403485

"Hefur kirkjugarðurinn verið færður saman í eina tíð, enda koma stundum upp mannabein upp úr Biskupströðum hinum yngri [sjá 032]," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. Líklega eru það leifar af Biskupatröðum yngri sem enn sjást austan við Fornastöðul, sjá 032.

Land er gróíð milli gamallar heimreiðar sem nú er lokuð (sú austari) og hárrar brúnar sem markar túnið að austanverðu.

Traðirnar sjást fyrst um 20 m sunnan við rúst á Fornastöðli 022. Þaðan má rekja þær alls um 70 m til norðausturs fast austan við réttarvegginn. Þær sjást fyrst og fremst sem óljós dæld en markast þó á kafla af óverulegum hleðslum að austan og vestan. Meðfram kirkjugarðinum eru traðirnar alveg horfnar en hafa þar legið á sama stað og göngustígur við norðurhlið kirkjugarðs. Á loftmynd sem tekin var upp úr 1950 má rekja götu í framhaldi af Biskupatröðum og með hliðsjón af því sést að hlutar hennar eru enn greinilegir. Gatan liggur norðaustur fyrir tóft 012 en sveigir þar meira til norðurs og norðvestur. Farið hefur verið fyrir sunnan og vestan Skólavörðu 021 en skammt þar vestan við virðist gatan hverfa í tún sem þá hefur líkast til verið nýlega gert. Gatan birtist aftur þar vestan við, liggur þráðbeint í norðvestur yfir

Nú er óljóst hvar mannabeinin hafa fundist en svo virðist sem það hafi verið talsvert norðar en mörk kirkjugarðs sem þekktust 1927.

Hættumat: mikil hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 64

ÁR-380:034 *Virkishóll* þúst virki 425799 403414

"Virkishóll. Svo hefur sá, er þetta ritar, leyft sér að nefna hól þann, er enn sýnir glögg minjar virkis þess, sem Skálhyltingar höfðu sér til varnar árið 1548, er Jón biskup Arason veitti þeim heimsókn á staðinn. Hóll þessi ber naumast nokkuð sérstakt nafn, en þó mun hann hafa verið nefndur Virkishóll, og ætti það nafn að festast við hann svo hann gleymist síður," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. Í endurbættri útgáfu skrárinnar segir: "Þessi hóll er í túninu nokkuð austan við núverandi kirkjugarð, en sé það rétt, sem Páll E. Ólason segir í Mönnum og menntum I, bls. 261, að virkið, sem hann er leifar af, hafi verið gert í kirkjugarðinum, er auðsætt, að garðurinn hefur ekki einungis verið minnkaður að norðan, eins og áður er getið, heldur einnig allverulega að austan. Virkishóll á sér nú í daglegu tali ekkert nafn, en mun fyrrum hafa verið nefndur eins og hér er gert og ætti vitanlega að halda því nafni." Virkishóll er um 20 m norðaustan við Þorláksbúð, alveg við austurbrún gamla kirkjugarðsins og mætti telja hann til hluta af kirkugarði, en austurbrún hans er há og greinileg en hallar skarpt niður af til austurs.

Virkishóllinn gengur eins og tota út úr kirkjugarðinum til norðausturs og þar er töluvert hátt niður af honum, um 1,5 m. Hallinn er tekinn að minnka þar sem hóllinn skagar fram úr brúninni norðarlega í austurhlið garðsins.



Virkishóll sumarið 2019. Eins og sést hefur verið hlaðið meðfram jöðrum hans. Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

Þótt veggir séu illgreinilegir má ráða af lögun hólsins að hér hafi verið hringlaga mannvirki. Nýslegið er þegar þetta er ritað og mótar fyrir jarðlægrri rúst sem er alls rétt rúmir 10 m í þvermál. Norður- og austuhluti hennar eru nokkuð greinilegir og mynda líkt og skeifu eða hálfhring. Norðvestur- og vesturhlutinn eru mun óljósari. Þústin er 0,2-0,3 m á hæð. Hvergi sést í grjótt en veggirnir eru allt að 2 m breiðir. Allt svæðið er grasi gróið og slegið og í mjög mikilli rækt. Lítið skilti með númeri er á staðnum og vísar væntanlega í kort af staðnum fyrir ferðamenn. Þess má geta að á loftmynd sem tekin er upp úr 1950 er hóllinn ekki áfastur kirkjugarðinum, líkt og segir í örnefnalýsingu frá 1953, heldur stendur hann stakur skammt austan við hann. Því er ljóst að garðurinn hefur verið færður út til austurs og hóllinn þannig verið innlimaður í hann eftir að myndin var tekin. Ekki er hægt að staðfesta þær kenningar Sigurðar Skúlasonar (sem ritaði örnefnalýsingu) að garðurinn hafi í fyrndinni náð bæði lengra til norðurs og austurs. Viðbót 2019: Af loftmynd sem Elín Ósk Hreiðarsdóttir tók árið 2019 hafa jaðrar hólsins verið hlaðnir upp í hálfhring.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 64; Loftmynd Li0-14-36; Sigurður Skúlason 1953, bls. 164.

ÁR-380:035 Þorláksbúð hús skemma 425777 403397

"Norðaustantil í kirkjugarðinum er tóft, sem enn heitir Þorláksbúð, nál. 6 faðma löng og 3 fðm. Breið. Þar ljét Ögmundur biskup syngja messu, eftir að kirkjan brann," segir í lýsingu Brynjúlfs Jónssonar af staðnum 1894. "Þorláksbúð er eitt þeirra örnefna, sem kennt er við Þorlák biskup hinn helga. Mun hún stafa frá Ögmundi biskupi Pálssyni. Á dögum hans brann Skálholtskirkja, og lét biskup þá reisa hús þetta til bráðabirgða, til þess að guðþjónustum yrði haldið uppi," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927.



Þorláksbúð árið 2009. Þá var grafinn þar könnunarskurður vegna fyrirhugaðrar endurbyggingar.

"Þorláksbúð, forn tóft norðaustantil í kirkjugarðinum," segir í friðlýsingaskrá.

Þorláksbúð er merkt inn á kort frá fyrri hluta 18. aldar og kort frá 1784. Leifar Þorláksbúðar eru einnig merktar inn á kort frá 1836. Hin upphaflega Þorláksbúð, eins og hún leit út fyrir uppgröft, sést á loftmynd sem tekin var af Skálholti upp úr 1950. Þetta er fremur óljós tóft af myndinni að dæma og algróin, lætur lítið yfir sér.

"Grafið var í tóft Þorláksbúðar 1954 og hún svo endurhlaðin. Hús í gömlum stíl var byggt ofan á rústinni á fyrstu árum 21. aldar og stendur það

nú yfir tóftinni og hylur hana. Ekki er friðlýsingarskilti á minjastaðnum," segir í lýsingu sem rituð var við skráningu á friðlýstum minjum á Suðurlandi 2015. Könnunarskurðir voru grafnir í Þorláksbúð sumarið 2009 áður en ráðist var í endurbyggingu hennar fyrir tilstilli Þorláksbúðarfélagssins. Í skýrslu Mjallar Snæsadóttur um málið eru raktar lýsingar á mannvirkinu úr úttektum: "Búðarinnar er getið í allmörgum úttektum staðarhúsa, sem varðveittar eru í Þjóðskjalasafni. Um hana segir 1589 "kirkjubúðin sterk að viðum". Þá er búðin nefnd í úttekt frá 1698:

"búðin í kirkjugarðinum með 6 stafgólfum, af gömlum og nýjum viðum vel sterkum, langböndum og reisifjöl, sillum

fyrir utan áfellur, standþil og bjórþil að framan, vængjahurð með loku, læsing og lykli, ítem hring í hurðinni af járni. Járngrind af netverki í bjórglugga, gömul og ryðétin, húsið er uppbyggt allvænt, sterkt og stæðilegt að viðum, að veggjum utantil mjög hrörlegt." Ef rétt er að húsið sé reist á fyrstu árum Ögmundar biskups, eða um 1530, hefur það verið orðið um 170 ára gamalt þegar lýsingin hér á undan er skrifuð. Því er ekki að undra að veggir séu hrörlegir." Í sömu skýrslu kemur jafnframt fram að gögn um uppgröftinn frá 1954 hafi ekki verið gefin út og frumgögnin ekki fundist. Könnunarskurðir 2009 staðfestu að grafið hefði verið innan úr tóftinni við uppgröftinn 1954. Í þeim komu einnig ljós af eldri veggjum og sömuleiðis sáust grafir skammt neðan yfirborðs, bæði inni í búðinni og utan hennar.



Þorláksbúð endureist, horft í austur.

Þorláksbúð er á sléttum fleti norðan við Skálholtskirkju, innan kirkjugarðs.

Lýsing á tóftinni sem rituð var við fornleifaskráningu 1999 hljóðar svo: "Mjög greinileg tóft, 15 x 7 m stór sem liggur austur-vestur með inngang í vesturenda. Hefur trúlega verið endurhlaðin við uppgröft 1954-8. Veggirnir eru um 1 m á þykkt, og er grjót í innri brún." Veggir voru hlaðnir upp og hús reist á rústinni á vegum Þorláksbúðarfélagssins árið 2012.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Brynjúlfur Jónsson 1894, bls. 4; Sigurður Skúlason 1927, 64; Friðlýsingaskrá,

60; Skálholt 18. öld; Hörður Ágústsson 1987, 254-255; Skálholt 1836; Eva Kristín Dal ofl 2015, 207-8; Loftmynd Li0-14-36; Mjöll Snæs dóttir 2009

ÁR-380:036 þúst óþekkt 425496 402335

Þúst sem gæti verið manngerð er suðaustan undir hápunkti Torfholts 024, skammt suðaustan við götur 061. Þetta er tæpum 70 m norðaustan við garðlag sem afmarkar rústir á Torfholti (sjá 062) og rúma 50 m upp eða vestur frá bakka Hvítár. Þýfður mói, lyngi vaxinn, í halla mót austri, niður að ánni.

Þústin sker sig úr því hún er sléttari en umhverfið og rís örllítið upp fyrir það, 0,1-0,2 m. Hún er alls um 11 x 6,5 m stór frá norðri til suðurs en ekkert sérstakt lag á henni sem bendir til að um töft sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

ÁR-380:037 Varðabrunnur heimild um brunn 425631 403391

"Nafnið Varðabrunnur er talið allgamalt," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927.

"Björn [Erlendsson] hefur heyrt sagnir um að hann hafi verið lagður af þegar taugaveiki gekk," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986.



Varðabrunnur innan rauða hringins. Kort frá 1784 lagt ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Varðabrunnur er merktur inn á uppdrátt frá 1784. Varðabrunnur hefur líklega verið skammt sunnan við tröppur sem liggja niður af bílastæði suðvestan við hús vígslubiskups og að göngustíg sem liggur að Skálholtsbúðum.

Á þessum slóðum lækkar land skarpt til vesturs og er þetta ekki ósennilegt brunnstæði.

Allt er á kafi í grasi og engin ummerki sýnileg enda virðist brunnurinn ekki þekktur í seinni tíð. Á kortinu er hann sýndur upp af enda skurður en sá skurður er líklega lönguhorfinn. Nú liggur skurður milli Kyndluhóls og stígsins en sá kemur illa heim og saman við staðsetningu á kortinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Sigurður Skúlason

1927, 65; Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 488,

Hörður Ágústsson 1987, 254-255

ÁR-380:038 Kyndluhóll heimild um öskuhaug 425607 403323

"Kyndluhóll er allstór, sléttur hóll í túninu vestur af staðnum, suður við vestri heimreið. Við gröft í hól þennan hefir komið í ljós, að hann er eintóm aska og brunninn bein. Nafnið er ef til vill afbakað fyrir Kyndluhól," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. Á grunnmynd af Skálholtsstað frá 1784 er þessi hóll merktur sem öskuhaugur. Kyndluhóll er friðlýstur samkvæmt friðlýsingaskrá.

Á Kyndluhól, um 130 m SV af bæ, er hesthús merkt inn á uppdrátt frá 1836. Hóllinn var skoðaður árið 2014 vegna verkefnis um friðlýstar minjar á Suðurlandi. Þar segir: "Kyndluhóll er hár og áberandi hóll, samsettur úr mannvistarleifum. Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Guðmundur Ólafsson (2002) gróf í Kyndluhól á 9. áratug 20. aldar og fornleifafræðingar á vegum Fornleifastofnunar í tengslum við rannsóknir á Skálholtsstað 2002-2007. Í hólnum eru umfangsmikil öskulög og torfleifar en ekki fundust afgerandi byggingar. Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2005) gerði MSc ritgerð í örformgerðarfræði sem byggði á sýnum úr hólnum."

Hár og grasi vaxinn hóll sem skagar út úr brekkubrún til vesturs. Kyndluhóll er í brekku vestan við gamla bæjarstaðið



Kyndluhóll, horft í suður. Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

við bakka Kvernalækjar. Hann skagar í raun út úr vesturbrún bæjarhóls 001. Umhverfis hóllinn að austan, vestan og sunnan er deiglent en tún ná að norðurhlið hans.

Hóllinn er um 8 m hár þar sem mest er og fremur toppmyndaður. Hann er hátt í 30 m í þvermál að neðanverðu. Engar tóftaleifar sjást á honum. Í lýsingu frá 2014 segir: "Kyndluhóll er sérstakur minjastaður og þrátt fyrir að í hann hafi verið grafið bæði á 9. áratug 20. aldar og á árunum 2002-2007 var ekki endanlega úr því skorið hvaða tilgangi staðurinn þjónaði, þótt nafnið sjálft, nálægð við þekktu smiðju og mikil öskulög og aðrar minjar í nágrenninu bendi helst til að einhvers konar járnvinnsla hafi farið þar fram frá a.m.k. 15. öld (sjá skýrslu Guðmundar Ólafssonar um Skálholtsuppröft)." Sólveig Beck gerði rannsókn á Kyndluhól sumarið 2005, gróf þar skurð og tók sýni til rannsóknar til að varpa ljósi á samsetningu mannvistarlaga í honum. Hvorki fundust afgerandi leifar af útihúsum né heldur merki um smiðju. Í meginatriðum voru niðurstöður þær að í yngri og efri lögum hólsins er mikið af ruslalogum: brennd og óbrennd bein, viðarkol o.fl. Eldri lög var erfiðara að leggja mat á en þau virðast þó blanda af öskuhaugum og byggingarleifum.

Hættumat: mikil hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 65; Friðlýsingaskrá; 60; Eva Kristín Dal og Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.) 2015, 219-220; Skálholt 1836; Sólveig Beck 2005

ÁR-380:039 Þorláksbrunnur heimild um brunn 425605 403305

"Sama vor (1902) var í vesturbænum í Skálholti lagður vegur niður frá bænum vestur úr túninu. Ræsi var gjört með veginum og var Þorláksbrunnur þar á leiðinni. Veggerðarmenn grófu hann fram, tóku burt grjót það, er hlaðið hafði verið innan í hann og jöfnuðu hann alveg með ræsinu, svo nú er hann ekki framar til," segir í greinarstúf Brynjúlfs Jónssonar 1904.



Þorláksbrunnur innan rauða hringins. Kort frá 1784 lagt ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Þorláksbrunnur er enn eitt örnefni, kennt við Þorlák biskup hinn helga. Brunnur þessi er sunnan undir Kynndluhóli, norðan við hina vestri heimreið til staðarins. Var hann í ógáti fylltur grjóti árið 1902 og ber síðan minna á honum en áður," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. Einnig merkt inn á grunnmynd af Skálholti frá 1784, á uppdrátt frá fyrri hluta 18. aldar og uppdrátt frá 1836 sunnan undir Kynndluhóli.

"Þorláks-brunnur í djúpum tröðum suðvestur frá bænum í hallanum sunnanundir Kynndluhól," segir í friðlýsingaskrá. Sunnan við Kynndluhól er þúst í dokkinni sem þar er og er það líklegasta staðsetning brunnsins.

Grasi gróið og þýft svæði. Engin afgerandi ummerki á

yfirborði eru til marks um staðsetningu brunnsins. Þessi staður er í beinu framhaldi af suðvesturenda traðanna 011.

Heimildir: Brynjúlfur Jónsson 1904, bls. 21; Sigurður Skúlason 1927, 65; Hörður Ágústsson 1987, 254; Friðlýsingaskrá, 60; Brynjúlfur Jónsson 1904, 21; Skálholt 18. öld; Skálholt 1836; Eva Kristín Dal og Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.) 2015, 211-2

ÁR-380:040 Draugadý örnefni draugur 425714 403181

"Draugadý ber sennilega að setja í samband við nöfnin Draugahver og Draugaslóð, sem bæði eru í Laugarásslendi. Hafa þau varðveitt í sambandi við þá sögn, að kölski hafi ætlað að bera Draugahver alla leið til Skálholts, en orðið að snúa aftur, vegna þess að kirkjuklukkunum á staðnum var hringt til að skjóta honum skelk í bringu. Var það þó þarflaust, enda hafa Skálhyllingar síðan lítið lofað það verk," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. Nú er ekki vitað nákvæmlega hvar Draugadý var en á korti sem fylgir örnefnalýsinguinni er það sýnt sunnan undir bæjarhól að því er virðist - en kortið er langt frá því að vera nákvæmt. Í skráningu Bryndísar Róbertsdóttur frá 1986 segir: "Talinn vera beint neðan kirkjunnar þar sem tveir framræsluskurðir mætast."

Sunnan undir bæjarhól er Jólavallagarður 041 en sunnan við hann er land mjög blautt en þar hafa verið grafnir margir skurðir til framræslu. Sennilega hefur Draugadý verið á þessu svæði.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 65; Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 491



Jólavallargarður 041, horft í suður. Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

Örnefnið "Jólavallagarður" kemur fyrir í biskupasögum Jóns í Hítardal en þar er sagt frá því þegar byggingarefni til nýrrar dómkirkju er flutt í Skálholt árið 1646: "Fékk og tilflutti ekki einasta þá beztu rekaviðu, sem hann kunni að fá, heldur og einnig bestilti hann utanlands frá mikla viðu, svo anno 1646 kom hið síðara Eyrarbakaskíp nærri fult með grenivið frá Gullandi....Fylgdi biskup dæmi Ögmundar biskups og hans skikki, að þeir úr Flóa og Ölvesi drógu stórtren af Eyrarbakka upp að klettinum fyrir utan Brúnastaðatún, en hinir, úr Grímsnesi, Túngum, Reppum og af Skeiðum, drógu þaðan og heim í Skálholt. Þá hver dráttur var kominn heim yfir Jólavallargarð, skipaði biskupinn að bera hey út undir garðinn og mat á borð, svo undir eins, sem hestarnir gátu ei dregið leingur áfram, lét hann sleppa þeim í heyið, og strax sem dráttarmennirnir með aðstoð heimamanna höfðu komið trjánum í kirkjugarðinn, skyldu þeir setjast til borðs." "Að lokum skal þess getið, að mér hefur ekki tekizt að afla öruggrar vitneskju um, hvar örnefnið Jólavallargarð sé að finna í landareign Skálholts. Þetta örnefni kemur fyrir í sögu Brynjólfs biskups Sveinssonar eftir séra Jón Halldórsson, prófast í Hítardal, í sambandi við viðarflutninga á ísum neðan af Eyrarbakka upp að Skálholti um miðja 17. öld. Af þessari frásögn má ráða, að Jólavallargarður hafi verið skammt fyrir neðan kirkjugarðinn, sennilega neðst í túninu, þar sem mýrin endar og þar með ísalög, svo að hestarnir gátu ei dregið leingur áfram. Niðri við túnjaðar, skammt fyrir neðan Kringlu sést enn glöggt móta fyrir fornum ferhyrindum garði. Staðarins vegna gæti þetta vel verið Jólavallargarður hinn forni, en ekkert skal hér fullyrnt um, hvort svo muni vera," segir í örnefnaskrá. "Garðlag gamalt syðst á túni, talið kunna að vera Jólavallargarður," segir í friðlýsingaskrá. Í lýsingu Bryndísar Róbertsdóttur frá 1986 segir: "Garðurinn hefur flast allmikið út og er nú sem ávalur rimi. Er lægstur að vestan og að


sunnan að hluta. Erfitt er að mæla nákvæma þykkt garðsins." "Jólavallagarður hefur verið talið vera sá staður þar sem enn sést ferhyrnt gerði í túninu neðan við Skáholtsstað. Ekkert friðlýsingaskilti er á minjastaðnum. Tveir skurðir voru teknir í garðinn á vegum HÍ (nemendauppgrafter í Skálholti), en ekki tókst að aldursgreina garðinn.

Ástand: Gerðið er í ágætu ástandi. Rof er þó í það á nokkrum stöðum sunnarlega og gæti jafnvel hafa verið plægt í gegnum það þar. Garðurinn er í aflíðandi halla til suðurs. Umhverfis eru tún og fódurrækt og neðar (sunnar) eru framræstar mýrar."

Garðurinn var skoðaður við fornleifaskráningu 2016 og bætist hér örlítið við fyrri lýsingar. Hann er neðan við bæjarhólinn, undir brattri suðurhlið hans. Þar er grösugt flatlendi og sléttá tún fast vestan við.

Garðurinn er ferkantaður, alls um 27 x 25 m frá austri til vesturs, ferkantaður að lögun. Grasvöxtur var mikill þegar garðurinn var skoðaður á vettvangi og fátt annað um hann að segja. Hleðslan er algróin og nær mest um 0,6 m hæð. Við skoðun á svarthvítri loftmynd frá 1951 virðist sem túngarður hafi verið á þessum slóðum meðfram suðurhlið túnsins og hafi þá gerðið verið sambyggt honum að innanverðu (sjá 013).

Heimildir: Biskupasögur Jóns prófests Halldórssonar, 264-265; Ö-Skálholt, 8; Friðlýsingaskrá, 60; Minjaskrá Bryndísar Róberts nr. 493; Eva Kristín Dal og Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.) 2015, 225-6



Jólavallargarður 041 vinstra megin, til hægri eru Austurtraðir 096. Uppmæling ofan á loftmynd frá Lofmyndum ehf.

ÁR-380:042 heimild um mógrafir 425158 403851

"Kerslækur myndast í sunnanverðu Markasundi, sem það er orðið æði votlent. Hann mun draga nafn af því að í honum er víða hyljótt. Kerslækur rennur fyrstur en beygir brátt í vestur og fellur í Brúará. Hann deilir löndum Skálholts og Spóastaða. Við hann eru sumsstaðar mógrafir," segir í örnefnaskrá. Kerslækur rennur á norðurmerkjum Skálholts vestast. Ekki var farið að honum við Brúará en á þeim slóðum rennur hann í skurði og hvergi sést þar nokkuð sem líkist mógröfum. Hins vegar sjást víða reglulegar dokkir við hann sunnan og suðvestan við útihús sem standa 6-700 m norðvestur af bæjarhól 001. Á þeim slóðum er lækurinn enn í sínum rétta farvegi.

Grafirnar eru ekki með mjög skarpar brúnir en hugsanlega mótar fyrir þeim á svæði sem er rúmlega 100 m langt frá austri til vesturs skammt vestan við þar sem Kerslækur sveigir úr norðri til vesturs. Þetta fæst staðfest þegar skoðuð er loftmynd frá því upp úr 1950, en þá eru grafirnar mun greinilegri á svæði sem er u.þ.b. 100 x 60 m stórt frá austri til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skálholt, 4; Loftmynd Li0-14-35



Skyrvað 043 var á þessum slóðum. Skurður er nú á merkjum milli Skálholts og Hrosshaga. Horft í vestur.

ÁR-380:043 *Skyrvað* heimild um vað 426636 405669

"Skyrvað nefnist staðurinn, þar sem venjulega er farið yfir Skyrvaðskeldu, sem er á landamerkjum Skálholts og Hrosshaga," segir í örnefnaskrá. Bestu upplýsingarnar um staðsetningu á Skyrvaði eru örnefnakort sem hangir uppi í Skálholtsskólanum. Þar hefur verið farið yfir á leið í Hrosshaga (sjá götur 092). Vaðið er merkt uppundir ás sem liggur frá norðri til suðurs, virðist hafa verið vestan undir honum.

Nú er skurður á merkjum milli Hrosshaga og Skálholts og er væntanlega grafinn gegnum Skyrvaðskeldu, í það minnsta eru engin merki um hana sýnileg.

Engin ummerki um götur sjást nú á þessum slóðum, enda mýrlent.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Skálholt, 5; örnefnakort af Skálholti

ÁR-380:044 *Staupasteinn* örnefni 425711 403370

Brynjúlfur Jónsson segir 1904: "Staupasteinn er nú hið eina, að kalla má, sem minnir á hinn forna Skálholtsstað. Hann er bjarg mikið og stendur hjá bænum við traðirnar, er þó nú mjög niðursokkinn. Þar stigu gestir á bak og drukku hestaskál, er þeir löðu af stað." "Staupasteinn er stór ferhyrndur steinn. Hann var sokkinn mjög djúpt árið 1927. Nokkru eftir síðustu aldamót var steininum lyft úr jörðu, og kom þá í ljós að hann var fleygmyndaður að neðan," segir í örnefnaskrá.

"Staupasteinn, fyrir heiman traðirnar við vestur-bæinn, að norðvestanverðu. Sbr. Árb. 1894: 4," segir í



Staupasteinn, horft í VSV. Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2015.

friðlýsingaskrá. Í skráningu Bryndísar Róbertsdóttur 1986 segir: "Grágrýtissteinn, sléttur, með nokkru af skófum, stendur á grasblett sem er á miðju hlaði, sunnan til á blettinum." Í skráningu sem gerð var árið 2015 segir: "Staupasteinn er á gróinni eyju á malbikuðu bílplani fyrir framan kirkjuna. Ekkert friðlýsingarskilti er við steininn en hann er ekki á upphaflegum stað og verið færður oft en einu sinni." Steinninn stendur enn sunnan við bílastæðið sem er vestan við kirkjuna. Steinninn er um 1x1 m að stærð, ferkantaður og 0,2 m á hæð. Steinninn er náttúrulegur og hvergi sér til mannaverka á honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Brynjúlfur Jónsson 1904, bls. 21; Ö-Skálholt, 8; Friðlýsingaskrá, 60; Minjaskrá Bryndísar Róberts nr. 489; Eva Kristín Dal og Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.) 2015, 209

ÁR-380:045 Þorlákssæti örnefni
425978 403613

"[Þorlákssæti] nefnist klettur með örliðu þrepi fyrir neðan, hæfilegu til að láta fæturla hvíla á, þegar setið er á klettinum. Þessi klettur er í klettabelti á vesturbrún Langasunds, norðaustur af staðnum," segir í örnefnaskrá. Þar segir enn fremur: "Þorlákssæti dregur nafn af því, að sagt er að Þorlákur biskup hinn helgi Þórhallsson hafi oft setið þar, enda næðissamara en heima á staðnum." Í Biskupasögum frá 1878 segir frá aftöku Jóns Arasonar og sona: "Sinn var af tekinn í hverjum stað: einn hjá Þorlákssæti, hinir þar skamt frá, fyrir norðan túngarðinn; en sumir skrifa, þeir hafi allir verið hálshöggirnir fyrir norðan traðirnar, ekki langt frá stöðlinum...."


Þorlákssæti er friðlýst.

Tvær hraunbrúnir, upp af hvor annarri. Sætið er talið hafa verið í efri brúninni en ekki vitað nákvæmlega hvar. Víðsýnt er frá staðnum til austurs. Þangað liggur göngustígur sem endar uppi á efri klettunum.

Heimildir: Ö-Skálholt, 4; Friðlýsingaskrá, 60; Eva Kristín Dal og Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.) 2015, 221-2; Biskupa sögur II, bls. 353



Kristjana Vilhjálmsdóttir situr hér á kletti sem helst þótti koma til greina sem Þorlákssæti. Horft í NNA.



Smiðjulækur/Kvernalækur sést á korti Lottins frá 1836, vestan við Kyndluhól. Hann rennur í skurði í dag.

"Kvernalækur. Svo nefndist fyrr á öldum lækurinn, sem rennur vestan við Íragerði [030] og Kyndluhól [038] niður í Undapoll. Dr. Björn Sigfússon hefur bent mér á þetta forna heiti og kveðst hafa rekist á það í ísl. annálum (útg. Bókmenntafélagsins). Mér er það í barnsminni, að lítið mylnuhús stóð við lækinn skammt neðan við Kyndluhól. Voru kvarnirnar knúðar vatnsafla. Lækurinn var þá stundum kallaður Myllulækur," segir í ornefnaskrá. Einnig merkt á uppdrætti frá 1784. Myllan hefur verið við Myllulæk/Kvernalæk, um 20-30 m suðvestur af Kyndluhól 038. Lækur þessi er nefndur Smiðjulækur á korti Lottins frá 1836, en smiðja stóð skammt austan við hann sjá 010.

Lækurinn er nú allur í skurði en hann gæti hafa runnið öllu nær Kyndluhól af kortinu að dæma.

Á þessum stað sjást nú engin mannvirki og borin von að nokkuð sé eftir af myllunni en skurðurinn er um 10 m breiður og 3 m djúpur. Myllan er sýnd á korti frá 1784, sjá aftast í skýrslunni.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skálholt, 8; Skálholt 1784

ÁR-380:047 gata leið 425995 403545

Djúp og mikil gata liggur undir holti því sem Þorlákssæti 045 er talið hafa verið í og til norðausturs.

Blásið holt. Gatan er alveg greinileg, um 0,5 m djúp og 2-3 m breið. Hún var rakin á um 130 m löngum kafla til norðausturs, niður brekkuna. Engin leið er merkt frá staðnum í þessa átt á gömlu herforingjaráðskorti en sennilega hefur leiðin legið utan í holti til norðurs, í átt að Hrosshaga, enda varla sérlega greiðfært til austurs þar sem er víðáttumikil mýri.

Hættumat: engin hætta

ÁR-380:048 þúst fjárskýli 424675 402714

Greinileg þúst er hátt í 350 m suður af syðstu rústinni á Borgarhólum, sjá 047D.

Þýft holt. Þústin er nokkurn veginn hringlaga, um 10 m í þvermál. Engir eiginlegir veggir sjást en þó er þústin lægst í miðju. Hún rís hæst um 0,7 m. Ekkert grjót sést í veggjaleifum. Þústin er lík fjárborgarrústum, t.d. þeim sem hér eru skráðar undir númerum 047 A og B.

Hættumat: engin hætta

ÁR-380:049 þúst óþekkt 423754 402295

Mjög rústalegur hóll er 1,3 km suðvestur af Borgarhólum og um 360 m NNV við Þorlákshver.

Hóllinn er á mörkum sléttar mýrar við Brúará og þýfðs holts sem einnig er víða blautt. Tjörn sem liggur frá norðri til suðurs er vestan við rætur hólsins.

Hóllinn er um 25 x 10 m stór og liggur N-S. Hann sker sig mjög úr umhverfinu og líkist rústahól. Hann er verulega stórþýfður en ekkert rústalag sjáanlegt á honum og engin hólf sjáanleg. Hóllinn er uppundir 1,5 m hár þar sem mest er. Lýsingin er frá 2007 en staðurinn var heimsóttur að nýju sumarið 2016 og þá mældur upp. Hugsanlega er hóllinn heldur styttri en upphafleg lýsing gefur til kynna og talið sennilegast að hér gæti verið rúst undan beitarhúsum og hugsanlega eldri minjar undir.

Hættumat: engin hætta




Garðlag 050 nálægt Hvítá, horf til vesturs.

ÁR-380:050 garðlag vörslugarður 424944 401946

Leifar af miklum og fornlegum garði liggja yfir tunguna milli Brúarár í vestri og Hvítár í austri, heldur norðar en þar sem tungan er mjóst. Garðurinn var skráður af Bryndísi Róbertsdóttur árið 1986 og hefur í hennar skrá númerið 462. Haukur Jóhannesson og Bryndís Róbertsdóttir grófu í garðinn í júníbyrjun 1986: "Hann liggur frá Brúará, skammt ofan við Þorlákshver, austur að Hvítá. Hann er um 1,4 km langur. Garðurinn hefur því girt Skálholtstunguna og vafalítið verið hlaðinn til að halda búfé í sjálfheldu fyrir neðan. Lítið var lauslega á snið í gegnum garðinn og reyndust vera um 13 cm af jarðvegi milli garðlagsins og svonefnds Landnámslags. Ef tekið er mið af jarð vegsþykknun, þá mun garðurinn vera frá um 1200. Undir garðinum fannst H-1104 og svart öskulag, líklega Kötulag frá lokum 10. aldar."

Garðurinn liggur yfir mýrlent holt vestast en síðan í þokkalegu vallendi þegar nær dregur Brúará. Alls er garðurinn hátt í 1,4 km á lengd en hann er víða orðinn mjög ógreinilegur þótt eflaust fari það eftir árstíma og birtuskilyrðum hverju sinni hversu auðvelt er að koma auga á hann. Vesturendi hans var skoðaður á vettvangi vorið

2007. Hann hans ætti að vera um 300 m VNV við Þorlákshver en er sennilega alveg horfinn þar, enda hefur áin vafalaust breytt sér og flætt yfir bakka sína. Garðurinn verður þökkalega greinilegur hér um bil 80 m beint norðan



Garðlög 050 og 126 sem liggja milli Brúarár og Hvítár. Uppmælingar (grænar) ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Guli liturinn táknar þá hluta garðlaga sem teiknaðir voru upp af loftmynd.

við Þorlákshver. Þaðan má rekja hann rúma 400 m til austurs en þar hverfur hann í lægð um 150 m suðvestur af beitarhúsum við Hrafnaklett 027A. Garðurinn var ekki rakinn lengra að þessu sinni en á loftmynd sést að hann er hér um bil óslitinn milli Brúarár og Hvítár. Ógreinilegastur er hann við Brúará en einnig illsjáanlegur á svæðinu sunnan við beitarhús 027. Á því svæði sem garðurinn var rakinn er hann 3-4 m breiður en svo lágur og sokkinn að hann rís ekki nema um 0,3 m upp fyrir þýfið umhverfis. Garðurinn sjálfur er einnig mjög þýfður og varla hægt að segja að hann skeri sig úr umhverfinu. Hvergi sér í grjót í honum. Engar heimildir eru þekktar sem greina frá garðinum en það er auðvelt að ímynda sér að gott aðhald fyrir skepnur hafi verið í Skáholtstungunni með stór vatnsföll á báða vegu og aðeins þurft að hlaða fyrir að norðanverðu. Ekkert bendir þó til að mannvirkinu hafi verið haldið við lengi. Garðurinn sker horn á tveimur sumarhúsalóðum, þeim sem eru suðvestast á deiliskipulagsreitnum. Sumarið 2016 var austurhluti garðsins skoðaður á vettvangi. Hann var rakinn frá Hvítá um 150 m norðan við rústir og garðlög á Stekkatúni. Næst ánni er hann mjög slitróttur, mótar aðeins fyrir honum en rof er í móunum og auk þess vallendi sem teygir sig yfir svæðið þar sem garðurinn hefur líklega verið. Um 100 m vestan við árbakkanna verður hann mjög greinilegur og er þar á honum stór fuglaþúfa og mikil efting sem sker sig talsvert úr gróðurfarinu. Þaðan liggur garðurinn greinilega í vestrátt og má segja að hann stefni beint á suðurendann á miklu holti eða ás sem liggur í átt að Skáholtstungu. Garðurinn er hér skarpur og greinilegur, mikið mannvirki og nær allt að 1,2-1,3 m hæð en er mjög hlaupinn í þúfur þannig að brúnir hans eru ekki mjög greinilegar. Breiddin er allt að 5-6 m. Það sést ekki grjót í honum. 40-50 m vestur af austurendanum er mikið rof og þar liggja götur í gegnum hann (073). Óljóst er hvort op


hefur verið á garðinum eða hvort göturnar hafa myndað rof í gegnum hann. Þegar komið er framhá götunum er garðurinn sundurskorinn langsum af götu sem liggur eftir honum endilöngum og ofan í honum, sennilega eftir hross sem hafa verið á beit á svæðinu. Um það bil sem garðurinn mætir holtinu er breitt rof á honum, hann virðist sundur á allt að 20 m löngum kafla. Líklega er um gamalt rof af náttúru völdum. Við endann er garðurinn mjög veglegur, allt að 3-4 m hár en það stafar af því að dæld er við hann. Í framhaldinu tekur við mikið valllendi, nánast tún, sem er framan við beitarhúsin á Hesthamri (027) og þar sést garðurinn vart á yfirborði. Almennt má því segja að garðurinn sé illa sýnilegur uppi á háholtinu en mun greinilegri beggja megin við það. Hann sést þó vel á loftmynd nánast óslitið frá Hvítá að Brúará, alls um 1,4 km.

Hættumat: hætta, vegna deiliskipulags

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 462; Bryndís G. Róbertsdóttir og Haukur Jóhannesson 1986, bls. 214

ÁR-380:051 heimild um tún 425861 403313

Á loftmynd sem var tekin upp úr 1950 vottar óljóst fyrir beðasléttum í túni Skálholts milli Austurtraða og tóftar 004. Nú er þar sléttað tún í halla mót suðri. Greinilega sjást á myndinni tvær samhliða beðasléttur sem hafa legið frá norðri



Beðasléttur 051 innan svarta hringsins, útihús 052-054. Merkt inn á loftmynd frá 1951 (Li0-14-36, Landmælingar Íslands). Beðasléttur gætu einnig hafa verið vestan við Jólavallargarð 041, sem er neðst fyrir miðri mynd.

til suðurs og verið u.þ.b. 40-50 m langar og líklega um 5-6 m á breidd hvor. Hugsanlega hafa einnig verið beðasléttur vestar, beggja vegna við Jólavallagarð, en það er mjög óljóst. Svæðið var ekki rannsakað nákvæmlega á vettvangi en líklega eru slétturnar horfnar, enda túnið sléttað, og ekki vottar fyrir þeim á nýrri loftmynd

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Loftmynd Li0-14-36

ÁR-380:052 heimild um útihús 425680 403326

Á túnakorti frá 1920 sjást tvö útihús í túni um 40-50 m suðvestur af vesturbænum í Skálholti. Hér er skráð húsið sem stóð norðar og austar en einungis fáir metrar hafa verið á milli þeirra. Á loftmynd sem var tekin skömmu eftir 1950 sjást hús að því er virðist á sömu stöðum og hugsanlega á grunni enn eldri húsa sem hér eru skráð undir númerum. Þetta er sunnan við austurenda Vesturtraða 011. Þetta tiltekna hús gæti hafa staðið á sömu slóðum og prenthús 007 - eða skammt vestan við það. Húsið hefur staðið á bæjarhól sem er gróinn og fremur ósléttur. Engin merki sjást um húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Loftmynd Li0-14-36

ÁR-380:053 heimild um útihús 425671 403319

Á túnakorti frá 1920 sjást tvö útihús í túni um 40-50 m suðvestur af vesturbænum í Skálholti. Hér er skráð húsið sem stóð sunnar og vestar en einungis fáir metrar hafa verið á milli þeirra. Á loftmynd sem var tekin skömmu eftir 1950 sjást hús að því er virðist á sömu stöðum og hugsanlega á grunni enn eldri húsa sem hér eru skráð undir númerum (sjá 102, þá nærri austurenda þeirrar húsalengju). Þetta er sunnan við austurenda Vesturtraða 011. Húsið hefur staðið á bæjarhól sem er gróinn og fremur ósléttur.

Engin merki sjást um húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Loftmynd Li0-14-36

ÁR-380:054 heimild um útihús 425568 403371

Á túnakorti frá 1920 er merkt stórt mannvirki, líklega útihús frekar en kálgarður, fast vestan við Vesturbæinn í Skálholti og líklega um 20 m norður af austurenda Vesturtraðanna 011. Líklega hafa þetta verið fjós og hlaða, en útihús sem líklega gegndu því hlutverki sjást á sama stað á loftmynd sem tekin var í Skálholti upp úr 1950.

Þar sem húsin stóðu er nú slétt flöt í halla mót vestri sunnan og vestan við bílastæði. Þar höfðu löngu áður staðið fjós og heygarður, sjá 005 og 104 (sem gæti hafa staðið á sama stað).

Engin ummerki sjást um byggingar á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Loftmynd Li0-14-36

ÁR-380:055 heimild um túngarð 425762 403565

Á loftmynd sem tekin var upp úr 1950 sést votta fyrir signu garðlagi, hugsanlega fornum túngarði, í túninu norðan við Skálholt. Hann hefur verið um 200 m norður af kirkjunni. Á þessum slóðum er nú íbúðarhús rektors og sléttað tún vestan við það.

Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi með tilliti til garðsins en líklega er hann horfinn, engin merki hans sjást á nýlegri loftmynd. Á gömlu myndinni sést hann á hér um bil 50-60 m löngum kafla frá SA-NV og virðist breiður og



hugsanlega jarðlægur þá þegar. Hann hefur legið frá túnbrúninni, sem er hærri en holtin austan við og inn í mitt tún en fjarar út þar. Ekki er augljóst að hann hafi tengst túngarði sem sést á sömu loftmynd afmarka suðurtúnið (sjá 013) en það er þó ekki útilokað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Loftmynd Li0-14-36

ÁR-380:056 heimild um áveitu 426412 403725 "Vatnið úr þessari löngu keldu [í miðju Langasundi], sem skilur lönd Skálholts að vestan og jarðanna Höfða og Laugaráss að austan, fellur frá brúnni sunnan við Söðlahól eftir skurði, sem grafinn var snemma á þessari öld út í Undapoll; skilur þessi skurður lönd Skálholts og Laugaráss," segir í örnefnaskrá. Vel greinilegur skurður rennur í Undapoll úr norðri eða norðaustri, virðist líklegt að hann hafi verið vélgrafinn þá hugsanlega ofan í eldri skurð. Skurðurinn liggur í blautri mýri og hafa vegir verið lagðir yfir hann á tveimur stöðum. Ekki mótar fyrir eldri skurði. Austanvert við skurðinn mótar fyrir dæld sem gætu verið leifar af keldunni.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skálholt, 6

Garðlag 055 innan svarta hringsins. Merkt inn á loftmynd frá 1951 (Li0-14-36, Landmælingar Íslands).

ÁR-380:057 heimild um

mógrafir

"Torf er skorið nokkurt til eldingar í heimalandi þó slæmt sje," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ekki er vitað hvar mógrafir hafa verið á þessum tíma, í upphafi 18. aldar en mógrafir hafa verið skráðar á nokkrum stöðum í Skálholtslandi, t.d. við Kerslæk (sjá 042), upp af mýrum við Brúará (sjá 135) o.fl.

Heimildir: JÁM II, 290

ÁR-380:058 heimild um leið

"Engjavegurinn sumur er lánur, svo og erfiður og torsóttur fyrir forröðum," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ekki er vitað um sérstakan engjaveg og líklega átt við almennt að komast á engjar. Líklega hafa þær verið vestur við Brúará allt suður í Skálholtstungu.

Heimildir: JÁM II, 291

ÁR-380:059 heimild um leið

"Enn mille eyvindar tvngv skilvr ain og nedann vnder gotvnrar fyrir vtann aana er ridit er vt aa vollvna, og fra hnvkvm og vt til blondv og svo yfer vnder goturnar er ridit er vr skalhollti. og vt epter heidinne sem goturnar liggia," segir í landamerkjalytingu Laugarvatns og Snorrastaða frá því fyrir 1497. Hér er að líkindum átt við svonefnda Biskupaleið sem lá frá Skálholti til Þingvalla um Lyngdalsheiði austan- og norðanverða. Lýsingin hér er fjarri Skálholti en í landi Skálholts hefur verið farið fyrst að Spóastaðaferju, sjá 092.

Heimildir: DI VII, 325

ÁR-380:060 þjóðsaga draugur

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er sagt frá reimleika í Skálholti eftir dauða biskups sem olli því að heimilisfólk varð að flýja staðinn á hverri nóttu. Drengur kemur í Skálholt og gistir, þótt heimamenn vari hann við draugnum. "Einu sinni er draugurinn sneri bakinu fram að skáladyrunum er stóðu opnar ætlaði han að vega drenginn upp á bringu sér til að slengja honum því fastar niður. Pilturinn sá fyrirætlun þessa í hendi og þykist vita að það muni verða bani sinn. Tók hann þá það ráð er draugurinn rembdist sem mest að toga hann að sér að hann hleypur upp fangið á honum svo hart að draugurinn dettur aftur á bak og verður þrepskjöldurinn í skáladyrunum undir miðjum hrygg hans, en drengurinn lendir við fallið ofan á honum. En svo vildi til þegar afturgangan datt fram úr skálanum með hausinn að dagsbirtuna sem þá var komin á mitt loft lagði í augu hennar, og sökk hún því í tveim hlutum niður þar sem hún lá, sinn hvorumegin þrepskjaldarins, og luktist gólfíð þegar aftur er hlutarnir hurfu. Þó pilturinn væri nokkuð stírdur og marinn af átökum afturgöngunnar tekur hann sig þó til og býr til tvö krossmörk úr tré er hann rekur þar niður gólfíð þar sem bútarnir höfðu sokkið niður, annan fyrir innan, en hinn fyrir framan skáladyrnar. Síðan leggst hann niður og sofnar þangað til staðarmenn koma um morguninn er fullbjart var orðið."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÞJÁ I, 260-2

ÁR-380:061 gata leið 425459 402299

"Um miðjan garðinn [062] er hann rofinn nokkuð á kafla, því þar liggja djúpar götur í gegnum hann og liggja áfram upp eftir og fyrir neðan tóft nr. 467," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Gata þessi sést mjög vel, aðallega syðst í Torfholti 024 norðan við garð 062. Þýfður mói rétt austan undir hæsta hluta Torfhólts. Gatan er allt að 0,8 m djúp og mikil en á þessum stað má segja að eingöngu sé um eina afgerandi götu að ræða. Hins vegar sjást fleiri götur austan í holtinu, sjá 138. Gatan var rakin á um 90 m löngum kafla suður eftir Torfholti en hún hverfur jafnskjótt og komið er inn fyrir garðinn. Þó má á loftmynd sjá óljósa slóða í framhaldinu en sennilegast virðist að leiðin hafi legið að rústum 072 og hugsanlega áfram meðfram bakka Hvítár.

Hættumat: engin hætta



Uppgróin gata 061, Vörðufell í baksýn. Þúfan vinstra megin er á garðlagi 062. Horft í suður.

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 463

ÁR-380:062 garðlag óþekkt 425426 402280

"Nokkru ofan við þær [tóftir sem hún merkir 072-074] er mikið og fornt garðlag, sem nær yfir holtið [Torfholt 024] [...] Sunnan til í Torfholtinu. [...] Um 30 m frá ánni að garði þar sem hann er öruggur," segir í minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Garðlagið er greinilegt, fornlegt og mikið og liggur yfir sunnanvert Torfholt (sem er við Hvítá) um 1,1 km SSV af bæ og út í mýrina þar suðvestan við.


Staðsetning garðsins er allsérstök enda liggur hann þvert yfir suðurhluta holtsins en girðir ekki af nema lítinn hluta af því en hverfur síðan út í mýrina sunnan við.

Garðurinn sést fyrst um 30 m vestan við Hvítá þótt sennilega hafi hann áður náð alveg niður af henni, en austan garðs og að á er snarbrattur bakki næst ánni og síðan flagmóar upp af. Fyrst sést garðurinn þar sem eru tvær myndalegar fuglaþúfur á honum og stefnir frá upptökunum í vesturátt og er hægt að rekja hann með góðu móti á um 70 m löngum kafla. Þar sem hann liggur niður af holtinu stefnir hann til suðvestur, út í mýri sem hefur verið ræst fram. Þar er búið að grafa skurði í gegnum hann á 2-3 stöðum og er hann mjög ógreinilegur en mótast þó fyrir honum á loftmynd. Nú er svæðið sem garðurinn afmarkar um 340 x 110 m stórt frá NA-SV og að stærstum hluta mýri. Sennilegt virðist að Hvítáin hafi breytt um legu eða brotið af bökkunum, í það minnsta á mýrlenda svæðinu, og því hafi það áður verið stærra. Fornlegar tóftir, hér merktar nr. 072, eru innan garðsins á nefi alveg við Hvítá en þó verður að teljast alveg óvíst hvort samhengi sé milli minjanna, þ.e. hvort garðurinn hafi átt að girða þær af sérstaklega. Um miðbik garðsins liggur mikil gata (sjá 061) í gegnum hann og þar er garðurinn dálítið slitróttur á kafla, sennilega vegna umferðar. Þar sem götunni sleppir er garðurinn slitróttur á rúmlega 10 m kafla en heldur svo áfram niður holtið og þar er tekið að halla niður að því. Hann er að jafnaði 3-4 m breiður og býsna stæðilegur, allt að 0,8 m hár. Sennilega er hann úr torfi eingöngu, hvergi sér í grjóti. Þar sem garðurinn mætir mýrinni hefur greinilega verið gerði sambyggt

honum í halla mót suðri. Það er lágreistara en hann og veggirnir óljósari og hlaupnir í þúfur. Rof sjást upp við báða veggjaendana, upp við stóra garðinn. Alls er gerðið rúmlega 11 x 11 m stórt að utanmáli. Við endann á garðinum, þar sem hann mætir mýrinni, er djúp kvos utan í holtinu og laut norðan við garðinn en sennilega er þetta af náttúru en ekki manna völdum. Alls er sá hluti garðsins sem nú er vel sýnilegur og rekjanlegur um 70 m langur en alls er hann um 430 m langur og hefur hugsanlega verið enn lengri eins og áður kom fram. Ekki er hægt að staðfesta að garðurinn sé eiginlegur túngarður, lega hans í mýri bendir frekar til að svo sé ekki þótt gróðurfar kunni að hafa breyst í aldanna rás. Þó eru rústir innan garðsins á litlu svæði uppi á holtinu, fast við Hvítá (sjá 072) en sennilegt að þær tengist veiði í ánni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 463



Garðlag 062, innan þess eru rústir 072. Uppmæling (grænn litur) ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf., guli liturinn sýnir þann hluta garðlags sem var teiknaður upp af loftmynd.

ÁR-380:063 heimild um aftökustað

Í riti sínu um íslenska sögustaði, sem ritað var eftir ferðir um Ísland 1872-74, greinir Kristian Kálund frá meintum aftökustað Jóns Arasonar: "Við upphaf vegarins fram hjá kirkjugarðinum [væntanlega Biskupatraðir 032] og heim á staðinn, er sýndur staðurinn, þar sem biskup [Jón Arason] var líflátinn; sjást enn "blóðblettirnir."" Nú er ekki fyllilega ljóst við hvaða stað er átt, en þó hefur hann augljóslega verið nálægt tröðum 032. Við þær er minnismerki [085] sem var sett niður á líklegum aftökustað eftir athugun Matthíasar Þórðarsonar Þjóðminjavarðar á staðháttum. Í lýsingu á tilurð minnismerkisins kemur þó fram að þessi staður hafi verið mun norðar en áður var talinn aftökustaður Jóns - sem kemur ekki vel heim og saman við lýsingu Kaalunds. Hér verður staðsetningin látin liggja milli hluta, enda verður seint úr því skorið nákvæmlega hvar Jón Arason var höggvinn eða hvar menn á 19. öld töldu að hann hefði verið höggvinn.

Heimildir: KK I, 121

ÁR-380:064 *Smiðjuhólar* örnefni smiðja 426556 405067

"Smiðjuhólar nefnast tvö allstór holt austur við Langasund. Er mælt að þar hafi staðið smiðja Illuga staðarsmiðs Jónssonar, sem uppi var á dögum Finns biskups Jónssonar," segir í örnefnalýsingu sem rituð var 1927. "Engar tóftir fundust í Smiðjuhólum," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Smiðjuhólar eru norðan við veg og vestan við sund sem nefnist Langasund. Þetta er um 2 km NNA af bæjarhól 001. Tveir áberandi hólar, mun styttri en holtin í kring sem flest eru aflöng. Milli hólanna er gróið, áberandi skarð frá NV-SA og um það liggja götur 067.

Engar tóftir fundust heldur í hólunum en á efsta punkti þess eystri er smáhleðsla, mögulega vörðubrot, sjá 026. Hleðsluleifar eru einnig á vesturhólum, sjá 070.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, 63; Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 481

ÁR-380:065 heimild um vað

Í örnefnalýsingu í Inn til fjalla segir: "En ástæðulaust er að vefengja, að hún [Brúará] hafi einhvern tíma verið reið þarna [á Fólaldavaði 017], því að hún er sífellt að breyta sér, og nýjar eyrar myndast og hverfa á víxl. Sumar eitt á 2. tug aldarinnar man ég eftir því, að áin var oft riðin út af sunnanverðum Mosunum, og var hún þá furðu grunn þar, en breytti sér seinna, og varð þá aftur hrokasund á þessu skyndivaði." Ekki er nú vitað nákvæmlega hvar þetta skyndivað var en Mosarnir eru í skrá þessi merktir nr. 016. Þeir náðu þó yfir býsna stórt svæði eða "...norðan frá Kerslæk, er skilur lönd Skálholts og Spóastaða, og allt suður að Þorlákshver," eins og segir í örnefnalýsingu Sigurðar Skúlasonar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Sigurður Skúlason 1953, bls. 156 og 158



Götur 066, horft í norðaustur.

ÁR-380:066 gata leið 425816 405582

Margar samhliða reiðgötur sjást í slakka norðarlega í vestanverðu landi Skálholts. Þetta er norðan við þjóðveg og um 450 m suður af Digru-Siggu 018, sem var hornmark milli Skálholts, Hrosshaga og Spóastaða.

Gróinn slakki milli holta. Göturnar hafa aðallega legið eftir þurrum holtum en mýraslakkar eru á milli þeirra.

Margar samhliða reiðgötur sjást en eru nú mjög uppgrónar. Þær liggja norður-suður og af loftmynd að dæma hafa þær, eða a.m.k. angi úr þeim sveigt meira til norðausturs þar sem slakkanum sleppir. Sennilega hefur þetta verið tilbrigði við aðalleiðina frá Skálholti í Hrosshaga, sjá 067.

Hættumat: engin hætta

ÁR-380:067 gata leið 426468 404931

Götur lágu frá Skálholti til norðurs, í Hrosshaga. Þær sjást á herforingjaráðskorti frá 1910, lágu nánast í beina línu milli bæjanna tveggja. Væntanlega hefur verið farið eftir Biskupatröðum 032 fyrsta spölinn og svo áfram eftir þurrum ásnum til norðurs, en alls er leiðin rúmlega 4 km á lengd í beina loftlínu. Farið hefur verið um holt sem eru austan við beitarhúsatóftir 078 og 086.


Að mestu hefur leiðin legið um þurra ása sem nú eru mikið blásnir.

Víða sjást nú götur eftir ásunum, margar kindagötur og einnig er sennilegt að farið hafi verið um fleiri en eina götu. Þó er mjög afgerandi og djúp en uppgróin gata milli Smiðjuhóla 064 sem áreiðanlega tilheyrir þessari leið.

Hættumat: engin hætta



Götur 067 milli Smiðjuhóla, horft í SV. Í fjarska sést í turninn á Skálholtskirkju, hægra megin við Vörðufell.



Útihús 068 og kálgarðar 069. Kort frá 1784 lagt ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ÁR-380:068 heimild um útihús 425730 403304

Á korti frá 1784 sjást hús sem hafa verið á suðurbrún bæjarhóls hér um bil í beinu framhaldi af göngunum út úr bænum og örlítið vestar. Þau hafa verið byggð utan í kant á bæjarhólnum sem er kallaður hlaðgarður á kortinu (sjá 099). Þarna voru fimm hús sambyggð: skólaþjónustuhús, britakamers, spunahús, garns- og ullarhús og vefarahús. Á eldri upprætti sem talinn er frá upphafi 18. aldar eru sýnd hús á sömu slóðum og við þau skrifað: Vinnukvennabaðstofa. Mjög grösugur og ósléttur bali.

Hlaðgarðurinn 099 sést reyndar vestar en ekki á nákvæmlega þessum stað en hægt er að nota stefnu hans til að miða út staðsetningu húsanna. Engar tóftir eru sýnilegar á yfirborði en hóllinn er smáhæðóttur og grösugur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Skálholt 1784; Skálholt í upphafi 18. aldar

ÁR-380:069 heimild um kálgarð 425766 403321

Á korti frá 1784 sést að tveir kálgarðar hafa verið austanvert í bæjarhólnum, ofan eða norðan við Austurtraðir 096 þar sem þær sveigja til suðausturs. Þetta er tiltölulega skammt austan við mörk uppgraftarsvæðis, beint niður af austurenda kirkjunnar. Líklega eru þetta garðar sem Brynjúlfur Jónsson nefnir í lýsingu sinni frá Skálholti 1894 og hefur eftir eldri manni: "Austur frá þeim [skólahúsunum] var aldingarður, er lá í brekkuhalla upp að kirkjugarðinum. Þar voru ræktaðar ýmsar jurtir, og hefir kúmen verið þar síðan."

Hóllinn er sléttur og grösugur á þessum stað og hallar mót SA.

Engin merki um garðana sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Skálholt 1784; Brynjúlfur Jónsson 1894, bls. 3

ÁR-380:070 hleðsla óþekkt 426455 405006

Hleðsla er sunnarlega á vestari Smiðjuhólnum (sjá 064), um 1,8 km NNA af bæjarhól 001. Hún er öllu veglegri en sú sem er á eystri hólnum, sjá 026.

Hóllinn er ógróinn að ofanverðu.

Hleðslan er lítil um sig og líkist ekki beint vörðu. Hlaðið hefur verið úr flötum hellum upp í um 40 cm hæð og stærsta hellan liggur ofan á hleðslunni. Þetta gæti verið vörðubotn en lítur þó næstum eins og eigi að vera sæti, í það minnsta er hentugt að tylla sér á hleðsluna. Leið 067 lá á milli hólanna en bæði þessi hleðsla og hin 026 verða að teljast ólíklegir vegvísar þótt ekki sé hægt að útiloka að þær hafi áður verið hærri.

Hættumat: engin hættu

ÁR-380:071 Torfabrún örnefni rista 426285 404677

"Klif er í daglegu tali nefnt klettabelti eitt í norðaustur frá Skólavörðu. Nær það í raun réttir norður með svo nefndu Langasundi...sem er allbreitt mýrarsund, þar sem mætast annars vegar Skálholtsland, en hins vegar Laugarásland og Höfðaland. Norðurbrún Klifs nefnist Torfabrún," segir í örnefnalýsingu. Torfabrún nefnist hábrún á ás sem liggur frá norðri til suðurs næst Langasundi að vestan en fyrir sunnan Smiðjuhóla 064. Væntanlega nær hún yfir fremur langt svæði en punktur er tekinn rúmlega 1,4 km NNA af bæ 001.

Mýrar eru víða umhverfis og hefði mátt rista torf í þeim.


Engin ummerki sjást um torfristu eða mótekju.

Hættumat: engin hættu


Heimildir: Sigurður Skúlason 1927, bls. 62

ÁR-380:072 tóftir óþekkt 425432 402185

"Á ystu nöf sunnan til í Torfholti. Alveg á árbakka Hvítár milli tveggja smá kletta úr bólstrabergi er skaga út í ána. [...] Syðst eru örugg merki um 3-4 tóftir, en það kæmi mér ekkert á óvart þó þær væru fleiri," segir í minjaskrá



Yfirlitsmynd af svæðinu ásamt garðlagi 062. Uppmæling (með grænum lit) ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf., gulur er sá hluti garðlags sem teiknaður var upp af loftmynd.



Rústasvæði 072 við Hvítá. Uppmæling ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Bryndísar Róberts 1986. Þessar tóftir eru austan í Torfholti, fast við Hvítá um 1,2 km suður af bæ. Þær eru innan við garðlag 062, á totu eða litlu nesi sem skagar út í ána.

Tóftirnar eru í grasi vaxinni kvos sem hallar niður að ánni en klettur eru næst árbakkanum. Ekki er ósennilegt að tóftirnar tengist því að þarna hafi verið veiðistaður, en aðdjúpt er og strengur í ánni framanvið og þar virðast lögð net enn í dag. Alls ná tóftirnar yfir svæði sem er rúmlega 30 x 30 m stórt. Greinilegust er tóft sem hér er nefnd A. Hún er beint upp af þeim kletti sem skagar lengst út í Hvítána, býsna fornleg og má með góðum vilja sjá skálag á henni, þ.e. að hún sé breiðust um mniðjuna. Hún snýr NA-SV og er alls um 13 x 6 m stór. Eftir stærstum hluta hennar suðvestamegin liggur djúp skora sem markar innra byrði stærsta hólfsins. Veggirnir sitt hvoru megin eru 2-3 m breiðir og allt að 0,5 m háir. Þá eru tvö lítil hól í austurendanum. Öll er tóftin algróin og sést hvergi í grjótt. Öll hólfin virðast hafa tengst innbyrðis og að auki er greinilegt op á þeim langvegg sem snýr í norðvestur. Suðvesturendinn er mjög ógreinilegur en þar virðast ganga hleðslur í framhladinu niður í meiri halla mót suðri, niður að ánni og gæti þar hafa verið framhald á tóftinni. Þar vex mikil lúpína þegar þetta er ritað og erfitt að leggja mat á tilvist tófta. Tóft B er beint ofan eða norðan við og aðeins um 2 m milli hennar og A. Það er mjög óljóst mannvirki, eins og hvilft sem gengur upp í brekkuna, 7 x 3 m stór en mjókkar til norðurs, og engar eiginlegar dyr sýnilegar. Lítil, mosagróinn hóll er alveg við norðausturendann á mannvirkinu og hann virðist vera náttúrulegur. Í framhaldi af honum til vesturs og ofan við tóftina er flatt svæði sem gæti verið svo af mannavöldum þótt ekki móti þar fyrir veggjum. Tóft C er um 10 m vestur af B. Hún er í brekku og þótt það sé greinleg tóft er hún mun óljósari en A. Hún virðist vera tvískipt og aflöng, liggur í brekku móti suðaustri og er alls um 12 m löng og 5-6 m breið og snýr NA-SV. Veggirnir eru minni um sig en í A, vart nema 0,5-0,8 m á þykkt og hlaupnir í þúfur, varla nema 0,2 m á hæð. Að því leyti er hún mjög frábrugðin tóft A sem þó er lík að stærð og hugsanlegt er að veggirnir hafi aldrei verið þakberandi. Í tóftinni mótast fyrir tveimur hólfum sem virðast ekki tengjast. Engar dyr sjást á tóftinni. Þótt tóftinni halli niður að Hvítá eru alls um 20 m niður að árbakkanum og talsvert bratt. Beint niður af tóftinni vex bæði hvönn og lúpína og ekki óhugsandi að þar gætu leynst einhverjar hleðslur. Tóft D er rétt um 5 m norður af C, í kvos sunnan eða suðaustan undir brekku. Hún er í mjög svipuðu ástandi og C, þ.e. mjög sigin og fornleg en veggir fremur lítilfjörlegir og rísa varla nema um 0,2 m upp fyrir yfirborð. Ytra byrði veggja er alveg greinilegt en innra byrði óljósara. Hugsanlega hefur verið inngangur að sunnanverðu en það er mjög óljóst. Svo virðist sem garðlag gangi 3-

4 m út frá suðvesturhorni en fjarar síðan út. Að lokum skal geta þess að vestast á svæðinu er hringlaga rofblettur (merktur E á korti), um 4 m í þvermál, sem gæti verið náttúrulegur en ekki óhugsandi að þar hafi mannvirki verið grafið inn í holtið.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Minjaskrá Bryndíðsar Róberts 1986, nr. 464



Rústasvæði 072, horft til austurs yfir Hvítá.

ÁR-380:073 gata leið 424902 401960

Miklar götur skera garð 050 sem liggur þvert yfir Skálholtstungu ofarlega, um 55 m frá austurenda garðsins. Ein skýr megingata sker garðinn. Hún er djúp og breið en vel gróin með mosa í köntum og liggur u.þ.b. í stefnu norður-suður. Um 40 m sunnan garðs 050 mæta göturnar annarri götu sem liggur austur-vestur og sjást ekki merki um göturnar sunnar á loftmynd. Af loftmynd má rekja göturnar um 590 m leið áfram norðan garðs stefnir hún u.þ.b. á holt með fjárhústóft 125. Um 425 m norður af garði 050 greinast göturnar í tvennt. Önnur kvíslin liggur að Brúnum en hin stefnir til norðnorðvesturs í átt að Borgarhólum (023) og má rekja hana um 290 m leið á loftmynd.

Hættumat: engin hættu

ÁR-380:074 þúst óþekkt 423949 401345

Á loftmynd virðist rústalegt svæði við Brúará, sunnan við litla læk eða keldu sem er við enda garðlags 097. Þetta er um 2,7 km suðvestur af bæ, skammt ofan við mjóðdina ofan við Skálholtstungu þar sem skemmst er milli Brúarár og Hvítár. Mjög grösugt svæði og fremur þurr þótt víða sé votlent í kring.

Engar augljósar rústir fundust þegar farið var á vettvang. Þar er rími við ána og gríðarlega gróskumikið og mishæðott

land. Jarðhiti er skammt austan við. Hugsanlega væri hægt að ganga úr skugga um tilvist rústa að vetrarlagi en alls má ætla að svæðið sé um 30-40 m í þvermál.

Hættumat: engin hætta

ÁR-380:075 gerði óþekkt 425485 402398



Norðurveggur rústar 074, horft í austur yfir Hvítá. Í fjarska sést brú yfir ána við Iðu/Laugarás.


gerðisins sýnilegir en grjót sumsstaðar mosavaxið. Norðurhlið gerðisins er hlaðinn úr stórkaralegu grjóti, sérstaklega við norðausturhorn en þar liggur mjög stór hella. Vestarlega á suðurvegg er bil sem mögulega gæti verið inngangur, en þó virðist grjót undir. Erfitt er að segja til um hlutverk gerðisins en staðsetning þess er óvenjuleg fyrir rétt. Frá gerðinu er gott útsýni yfir Hvítá að brúnni við Iðu þar sem áður var ferjustaður en sá staður sést illa frá Skálholtsbænum. Ekki er óhugsandi að menn hafi ætlað að fylgjast með mannaferðum frá þessum stað og hefði þá verið auðvelt að senda merki heim í Skálholt. Úr mannvirkinu sést ekki suður í Skálholtstungu og lítið útsýni er til vesturs, en sé farið litlu ofar upp á Torfholtið sést vel yfir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 467

Bryndís Róbertsdóttir skráði það sem hún taldi hugsanlega vera rétt árið 1986: "Frekar austan megin í miðju Torfholtinu." Gerðið var einnig skráð 1996 af Hildi Gestsdóttur og Ragnari Edvardssyni: "Tóftin liggur í miklum halla, ofarlega í Torfholti, um 400 m vestur af Undapólli. Ferhyrndur garður, myndaður af óreglulegri steinahleðslu sem er alveg í jarðhæð. Hugsanlegur inngangur í norðvesturhorni." Gerðið er um 970 m suðsuðvestur af Skálholti (001), beint upp af Sandeyri í Hvítá, ofarlega í Torfholti. Gerðið er í smáhalla móti austri niður af háholtinu. Umhverfis er mólent, flagmói sunnan við og lítið rof fyrir norðan, nær skálholti. Gamlar reiðgötur eru neðan við Torfholtið að austanverðu.

Gerðið er ferhyrnt, um 12,5 m á lengd og 10,5 m á breidd og snýr austnorðaustur-vestsuðvestur. Veggir gerðisins eru um 1,5-2 m breiðir, hlaðnir úr grjóti, en alveg sokknir og eru þeir víðast hvar um 10-20 cm fyrir neðan yfirborðið. Veggirnir eru misgreinilegir - vesturveggurinn er gróinn að hluta svo aðeins sjást endarnir og er ytri kantur norðurhliðar er einnig gróinn en innra byrðið virðist sokkið og fallið niður. Að öðru leyti eru veggir



Rúst 075. Uppmæling ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ÁR-380:076 Skólavegur vegur leið 424917 402917

"Beygir út af þjóðvegi nokkru vestan við Skálholt og var lagður fram á holt þar sem víðsýni er mikið og þar var Jónas frá Hriflu búinn að velja búnaðarskóla stað, en af framkvæmdum varð ekki. Af þessu holti liggur nú vegur niður að hitaveitu úr Þorlákshver og annar slóði að fjárhúsum tveim framan við holtið," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Vegurinn var ekki skráður sérstaklega, enda telst hann ekki til fornleifa og hefur sennilega breyst frá upphaflegu formi, en þó þykir rétt að greina frá honum hér, enda er hann það eina sem er til vitnis um hugmyndir um búnaðarskóla í Skálholti sem aldrei varð að veruleika. Vegurinn liggur til suðurs ofan eða vestan við Skálholtsbúðir.

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 471




Brúará neðan við Þorlákshver, horft í vestur. Ekki er ljóst hvar laugin hefur verið.

"Við Þorlákshver úti undir Brúará var baðlaug, hlaðin úr múrsteini í upphafi 18. aldar en fordjarfaðist í jarðskjálftum (líklega 1730-1740). Eftir það sóttu Skálholtsbiskupar aftur í Laugarás. Menjar munu enn sjást um Þorlákslaug," segir í yfirlitsskrá yfir sögulegar laugar í byggð á Íslandi - en þar er ekki vitnað til heimilda. Á vefsíðu Skálholts segir um Þórð Þorláksson (biskup í Skálholti 1674-1697): "Hann lét hlaða upp Þorlákslaug af grjóti og kalki til að auka og nota heita vatnið." Í Íslenskum æviskrám, 5. bindi segir um Þórð: "...hlóð þar upp Þorlákslaug af grjóti og kalki og setti í hana tvo stokka." Freysteinn Sigurðsson getur um laugina í greinargerð um baðlaugar á Íslandi, sem rituð var 1998, og segir þar "Menjar munu enn sjást um Þorlákslaug." Þorlákshver er um 2,3 m suðvestur af Skálholti (001) og liggur vegur að hvern um frá Skálholtsvegi. Vísa er til um Þorlákslaug, eignuð sr. Halldóri Eiríksyni af Austfjörðum. Hún er varðveitt í handritinu AM 211 fol á Stofnun

Árna Magnússonar. Ekki er vitað til þess að vísan hafi verið prentuð þótt vel kunnir það að vera. Hún hljóðar svo:

Skamt frá staðnum Skálholts er, sem skeiðarum (?) nija Þorlákshver hann er af vörmu vatni að þá vellandi en blessun á lagði hinn dýri drottinn man um dagana þá. Þá hefur annar úr þeim baug efnað og fullgiort Þorlákslaug hún er að nytsemd metin meir mynduð af steinum, kalki og leir, straumana heitu stodva og auka stockar tveir Meistara Þórðar það er verk Því er mín von og trúin sterk Að sá hvor sig í henni þvær Af einhverri hann meinsemd grær Þar hana helgar hófu og vígðu hendur tvær.



Handrit AM 211 fol., varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.


Slakki er vestan og suðvestan við Þorlákshver og renna heitir lækir úr honum eftir þeim út í Brúará. Milli lækjanna er grösugt holt, um 50 m í þvermál. Engar leifar sjást af hlaðinni laug né heldur önnur augljós ummerki sem tengja mætti

við laug, vatnsleiðslu eða annað. Hverinn sjálfur er vatnsmikill og þó ekki sé öruggt hvort hann hafi færst úr stað virðist hann tiltölulega stöðugur. Mikið rask hefur orðið við hverinn, en við hann er lítill hitaveituskúr og rör sem liggur ofan í hverinn. Smáhleðsla er í kringum Þorlákshver en vatnið í hvernem er of heit til að hægt væri að baða sig í því nálægt upptökunum. Ekki er að sjá að á svæðinu sé kaldur lækur sem hægt hefði verið að leiða saman við til að kæla laugina. Líklegasta staðsetning laugarinnar er í öðrum hvorum slakkanum vestan og suðvestan hversins. Gengið var meðfram læknum vestur að Brúará en ekkert sást á þeirri leið nema lítil tréstífla. Ekki er ósennilegt að eitthvað hafi verið reynt að stífla á svæðinu í seinni tíð. Slakkinn suðvestan er ekki jafn álitlegur og ekkert útsýni þar ofan í hvalftinni. Holtið milli lækjanna er afar grösugt og er ekki útilokað að í því séu mannvirki. Ekkert er þó að sjá á yfirborðinu. Rof er í holtinu að vestanverðu var þar grjót sem gæti verið úr hleðslum, en ekki var hægt að segja til um það með vissu.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: http://skalholt.is/frodleikur/biskupar/thordur_thorlaksesson/; Íslenzkar æviskrár 5, bls. 123; Freysteinn Sigurðsson 1998, bls. 8; AM 211 fol.

ÁR-380:078 tóft beitarhús 426284 405333



Tóft af beitarhúsum 078. Uppmæling ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.



Beitarhúsatóft 078, horft í austur.


Útihús er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910 um 2 km N af bæ. Þetta kemur vel heim og saman við beitarhúsatóft sem er um 200 m suðaustan við Ásahús 086. Tóftin er á litlum ás, hann er minni en ásinn sem Ásahús eru á, hálfgera kletta beltí sem tóftin er undir. Mosa- og lynggróið holt en meira gras austanundir. Tóftin er aflöng, alls um 20 x 8 m, liggur austur-vestur með inngang til austurs en hlöðu í vesturenda, sem er að mestu grafin inn í ásinn. Hún sker sig ekki mikið úr hvað gróður varðar, gras og móagróður vex á veggjum líkt og í kring. Þessi tóft er að öllum líkindum eldri en Ásahúsinn en líklega ekki mjög gömul samt. Grjót sést hér og hvar í veggjum, sérstaklega í suðurvegg að innanverðu og auk þess er töluvert hrundið hellugrjót milli húss og hlöðu. Hæð veggja allt að 1,2 m að innanverðu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NV 1910

ÁR-380:079 heimild um ferju 423494 401224

Ferjustaður var á Brúará um 3 km suðvestur af bæjarhól 001. Hann er sýndur á herforingjaráðskorti frá 1910 en ekki er vitað til að hann sé á öðrum kortum og ekki er hans getið í örnefnalýsingu. Líklega er þetta Reykjanesferja sem



Hluti af herforingjaráðskorti frá 1910 sem sýnir staðsetningu ferjustaðar 079 á Brúará gegnt Reykjanesi. Landmælingar Íslands.

getið er í Biskupaannálum Jóns Egilssonar: "Þetta sama ár [1555] þá druknaði Ólafur skólameistari, sem áður er sagt. Það sama haust misti biskupinn hestamann sinn, af sama hesti og Ólafur hafði áður druknað, á Hjarðarneshólma-vaði [sjá 111], - Biskupinn atlaði til Hamra, - og um vorið eptir annan á Reykjanesferju, því skipið var vont og sökk undir honum." Reykjanesferju er getið í frétt Fjallkonunnar vorið 1908: "Veittur var styrkur, allt að 15 kr. til lúðurkaupa handa Reykjanesferjustað," og er þar líklega átt við þessa ferju. Ferjustaðurinn hefur af kortinu að dæma verið gegnt bænum Reykjanesi sem er Grímsnesmegin við ána, skammt vestan við mjódd á tungunni milli Brúarár og Hvítár en þar er mikil beygja á ánni, hún rennur almennt í suðurátt en tekur hér sveig í vestur um skeið. Ferjustaðurinn er 2-300 m vestan við beygjuna en þar er mjódd á ánni og í henni djúpur hylur eða áll. Á kortinu sést gata liggja að ferjustaðnum, sjá 127. Áin virðist fremur grunn víðast hvar og sennilega auðriðin. Skálholtsmegin eru mjög grösugir bakkar og þökkalega þurrt að ganga meðfram ánni, ekki nærri jafn blautt og norðar þar sem mýrar eru ófærar. Ekki er annars ljóst hvers vegna menn hefðu valið að fara þessa leið nema helst til að fara á bæi sunnarlega í Grímsnesi. Í tímaritinu Litla-Bergþóri er sagt frá því þegar bátlaust var á Spóastöðum í nokkur ár og þurftu þá ferðalangar að fara yfir hjá Reykjanesi: "Það þótti slæmur krókur hjá þeim sem ætluðu upp í Tungur."

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NV 1910; Biskupaannálar Jóns Egilssonar, 1. bindi, bls. 102; "Bréf úr Árnessýslu" 1908, bls. 75; „Brú og ferjur á Brúará“, 25

ÁR-380:080 heimild um bústað 425716 403364

Hér er skráður yngsti bærinn í Skálholti, reistur skömmu fyrir 1900. Hann stóð rétt sunnan við Staupastein, vestast á



Hér sést bærinn á loftmynd frá því um 1950. Vestast eru fjós og hlaða, þá íbúðarhúsið sem hér er skráð og svo Austurbærinn. Landmælingar Íslands.

bæjarstæðinu. Vestan hans voru fjós og hlaða, stakstæð, en hugsanlegt er að þau hús hafi verið byggð síðar. Húsið var úr timbri, líklega járnklætt. Það sést á fjölmörgum ljósmyndum og einnig á uppdrætti frá 1950. Leifar úr grunni hússins hafa komið í ljós við fornleifauppgröft í Skálholti, nálægt NV-horni uppgraftarins en engin ummerki sjást á yfirborði. Bílastæði er fast norðan við, þá grasi gróið svæði vestan við uppgraftarsvæði.

Heimildir: Sarpur, t.d. <http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1718882>; Skipulagskort 1950

ÁR-380:081 tóft beitarhús 426225 405290

"Nokkru sunnan við tóft [078]. Sunnan í hæðinni sem Ás(a)húsið [086] stendur á. Greinilega verið keyrt yfir endann á tóftinni líklega á leið í Ás(a)húsið," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Þar segir enn fremur: "Grafin inn í hól að ofan en hefur verið hlaðin upp að framan. Hleðslur fremst eru nú að mestu foknar í burtu, en í sárinu má sjá grjótt sem hefur verið í hleðslu. Algrónar, en í veggjum að innan má sjá hleðslu á stöku stað." Tóft þessi er um 50 m sunnan við tóft 078, suðaustan við Ásahús. Ekki sjást ummerki um að ekið hafi verið yfir tóftina.

Lyngi vaxinn ás. Víðiplanta er inni í tóftinni. Frá henni hallar niður að mýrarsundi til austurs.

Líklega er þetta tóft af eldri fjár- eða beitarhúsum. Tóftin er fremur óljós, aðeins sést innra byrðið og hluti af norðurvegg. Hún hefur verið grafin inn í ásinn og er allt að rúmlega 1,5 m á dýpt þar sem mest er. Að innanmáli er tóftin um 10 x 2-3 metrar frá austri til vesturs og hafa dyr snúið í austurátt. Hún hefur alls verið á að giska 14 x 5 m stór. Gras og lynggróður vex í tóftinni sem er rofin að innan. Stöku steinar sjást að innanverðu, líklega í hleðslum.

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 494



Tóft 081, horft í norður.

ÁR-380:082 heimild 425793 403360


Á korti Lottins frá 1836 er sýnt mannvirki, líklega lítið gerði, utan því horni kirkjugarðs sem skagar lengst í suðaustur, 25 m suðaustur af kirkjunni.

Kirkjugarðurinn er með greinilegar brúnir að sunnan og austan og ef núverandi lögun hans er borin saman við útlínur á korti Lottins sést að hann hefur lítið breyst.

Nú sjást ekki greinilegar minjar á þessum stað. Af afstöðunni á kortinu að dæma virðist sennilegt að gerðið hafi verið undir brún kirkjugarðsins. Þar er grasi vaxið svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Skálholt 1836



Mannvirki 082 innan græna hringins á hluta af korti Lottins frá 1836.

ÁR-380:083 *Eskidalsvað* heimild um vað

"Ríðr nú til Eskidalsvaðs. Var áin [Brúará] mikil, ok syndi hann þar yfir. Síðan hljóp hann heim í Skálholt," segir í Sturlunga sögu. "Ekki er vitað hvar það var," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Jónas Kristjánsson virðist telja að vaðið hafi verið á svipuðum slóðum og ferja var síðar yfir Brúará yfir í Skálholtstungu (sem er sennilega 079, gegnt Reykjanesi) og lýsir í framhaldinu leið. Sú lýsing er fremur óljós en hann virðist þó telja að annaðhvort hafi verið farið frá Þórisstöðum eða Reykjanesi Grímsnesmegin. Líklega verður seint skorið úr um staðsetningu vaðsins. **Heimildir:** Sturlunga saga I, 460; Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 496; www.jonas.is/eskidalsvad/

ÁR-380:084 *Reykjavað* heimild um vað

"Ríða síðan austr yfir Brúará um nóttina at Reykjavaði, fara síðan sem leið liggir til Skálholts," segir í Sturlunga sögu. "Ekki er vitað hvar það var," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Ekki er vitað um Reykjavað á Brúará í landi Skálholts. Hins vegar er Reykjavað þekkt á ánni nálægt Syðri-Reykjum en ekki verður gerð grein fyrir því hér. Líkast til er átt við það en ef til hefði verið Reykjavað sunnar á ánni er líklegast að það hefði verið í námunda við Reykjanes þar sem jarðhiti er mestur við ána.

Heimildir: Sturlunga saga I, 461; Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 496

ÁR-380:085 mannvirki 425902 403601

Minnisvarði um Jón Arason er austan við eystri heimreiðina að Skálholtskirkju, sem nú er ekki notuð, um 220 m NNA af austurenda kirkjunnar. Minnisvarðinn var reistur sumarið 1912 og telst því til fornleifa. Þennan minnisvarða lét skosk hefðarkona, Disney Leith, reisa á sinn kostnað. Um þetta ritar Matthías Jochumson í Ísafold 10. júlí sama ár: "Það er merkilegur kvenskörungur þessi stórgáfaða og stórættaða kona! Það er hvortveggja að hún er auðkona mikil og að sama skapi hraust og tápmikil, enda er fágætt að eldri kona verji árlega fé sínu og kröftum til þess að ferðast hér árlega yfir fjöll og firnindi...hún hefir boðið vini sínum og tryggja fylgdarmanni, herra Þorgrími Guðmundsen, að láta reisa á sinn kostnað steinvarða á aftökustað þjóddýrlings vors Jóns biskups Arasonar, í Skálholti, skyldi minnismerkið vera búið þegar hún kæmi til landsins nú snemma í ágústmánuði. Eftir beiðni Þorgríms tókst hinn ötuli og smekkvísi



Minnisvarði um Jón Arason biskup, horft í norður.

forngrípavörður vor, kandidat Matthías Þórðarson sér ferð á hendur austur, ákvað hinn rétt aftökustað (eftir Annál sr.

Jóns Egilssonar) og sagði fyrir um hleðslu varðans, er kvað vera hinn snotrasti, og þó fremur varða en varði - fremur að skoða sem áminning til þjóðar hinnar ógleymanlegu hetju, heldur en maklegur varði nafni hans og þýðing." Í Austra segir þann 13. júlí sama ár: "Til þess að sjá um verk þetta var fenginn Matthías fornmenjavörður Þórðarson, og fór hann austur að Skálholti í þeim erindum fyrra sunnudag og með honum Magnús steinsmiður Guðnason héðan úr bæ. Lét Matthías taka steina tvo úr Þorlákssæti, var annar teningsmyndaður og hafður sem undirsteinn en hinn ílangur nokkuð, og er hann reistur þar ofan á. Er framhliðin á þeim steini slétt og þar á höggvið: "Jón Arason biskup lét hér lífið fyrir trú sína og ættjörð 7. nóv. 1550", en upp yfir letrinu er höggvin út mynd af biskupsmítri. Minnismerkið eru m 4 álnir hæð og er umhverfis það keðjugirðing á 6 steinstöplum. Staður sá, sem minnismerkið stendur á, er allur annar en hingað til hefir verið talinn aftökustaður Jóns Arasonar [sjá hugsanlega 063]. Segir Matthías, að þessi staður sé áreiðanlega hinn rétti og hefir hann farið hér eptir nákvæmri lýsingu Jóns prests Egilssonar í biskupa-annálum....Er þessi staður miklu ofar og norðar en áður hefir verið talið. Er hann rétt við heimreiðargötu að staðnum, skammt frá Þorlákssæti." Frú Disney Leith var mikill Íslandsvinur og kom margoft til Íslands, ekki síst vegna áhuga á fornsögum.

Hálfgróið holt, upp úr því standa klappir hér og þar. Stígur hafa verið lagðir að minnisvarðanum og er aðalstígurinn að sunnanverðu og liggur áfram austur að meintu Þorlákssæti 045.

Enn er minnisvarðinn með sömu ummerkjum og lýst er þegar hann er nýreistur, þ.e. með steinstöplum (alls sex talsins) og keðjugirðingu umhverfis. Steinninn sem höggvið er í stendur uppreistur á lægri stein, sem er líkt og kantaður stallur eða undirstaða. Alls er minnisvarðinn rúmlega 1,8 m hár og er hoggið í hann að sunnan- eða suðvestanverðu. Stafirnir eru stílhreinir, allt hástafir, og hugsanlegt að mosi og skófir hafi verið hreinsuð af fletinum. Alls er svæðið, að keðju og stöplum meðtöldum, um 4,5 x 2,6 m stórt og snýr VNV-SSA.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Matthías Jochumsson 1912, bls. 167; Gunnar F. Guðmundsson 1992



Tóft af Ásahúsum 086, horft í norðvestur.

ÁR-380:086 Áshús tóft beitarhús 426161 405532


"Ás(a)hús. Á ásnum sem er vestan við markaskurð milli Hrosshaga og Skálholts, er vestast á honum og nokkuð sunnarlega. [...] Björn [Erlendsson] notaði þetta hús þar til fjárhúsið við Skólaveg var byggt. Notað fram til um 1964, en er líklega frá tíð Jörundar [Jörundur var bóndi í Skálholti 1922-1948, innsk. BL]. Ingólfur Jóhannsson á Iðu byggði

Þetta hús fyrir Jörund. Hey flutt á 22 hestum frá túni syðst í Skálholtstungu og farnar 3 ferðir," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Útihús, um 2,2 km N af bæ, er merkt inn á herforingjaráðskort frá 19“10 og virðist staðsetningin koma vel heim og saman við Ásahús. Það kemur þó ekki vel heim og saman við byggingarár hússins, ef það er rétt að það sé byggt í tíð Jörundar. Líklega hafa verið þar eldri hús áður sem hafa verið endurbætt. Grasi gróinn ás með víðikjarri.


Tóftin sker sig mjög úr umhverfinu og er grasi gróin, alls um 22 x 16 m stór að utanmáli. Í henni vex mikill arfi og sóley og sjást greinilegar leifar af bárujárnsbraki bæði ofan í tóftinni og víðar á ásnum. Tóftin snýr austurvestur og er alveg opin í vesturátt, þar hefur verið þil. Hlaða er í austurenda, niðurgrafin um rúmlega 1 m.. Líklega hafa verið tveir garðar í húsunum en sjást illa þegar þetta er ritað, eru á kafi í gróðri. Hleðslugrjót sést hér og þar í veggjum, sérstaklega í hlöðunni en annars er tóftin að mestu gróin. Hæð veggja að innanverðu er á bilinu 1,2-1,5 m. Tóftin er grafin inn í ásinn að austanverðu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 499;



Tóft af beitarhúsum (Ásahúsum) 086. Uppmæling ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.



Tóft 087. Uppmæling ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Herforingjaráðskort 47 NV 1910

ÁR-380:087 tóft útihús
426272 404567

Bryndís Róbersdóttir lýsir tóft í skráningu sinni 1986: "Undir Klifinu, vestan Langasunds, nokkru sunnan við Smiðjuhóla." Tóftin er 8-900 m norðan við þjóðveg og um 1,3 km norður af bæjarhól 001, austan undir háum ás sem liggur N-S sunnan við Smiðjuhóla 026 en ofan við Langasund. Klettur skagar fram úr ásnum en tóftin er uppi á stalli sem er um miðja vegu milli ássins og mýrar neðan við. Stallurinn er grösugur en tóftin sjálf ekki mjög gróskumikil.



Tóft 087, horft í austur.

Tóftin er alls um 10 x 10 m stór. Hún skiptist í tvö hólf. Það stærra er norðar, um 10 x 6 m að utanmáli með op í suðausturátt. Það vottar fyrir hleðslu meðfram innanverðum norðurlangvegg sem líklega er jata, þó virðist innra byrði hússins heldur breiðara en venjuleg jötuhaus fyrir sauðfé; má vera að hér hafi verið hafðir gamlir sauðir. Hitt hólfíð er sambyggt suðvesturlangvegg, það er minna og stendur heldur neðar og virðst þannig vera dýpra; ef staðið er í því er milliveggurinn allt að 1,2 m hár. Ekki sjást dyr á milli hólfna en líklega hefur minna hólfíð, sem e.t.v. hefur verið hlaða, haft op í suður austast.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 500

ÁR-380:088 Bolhaus tóft beitarhús 424219 401636

Fjánhús: "(Kennt við Bolhaus). Á hól í móa rétt austan við götur sem liggja áfram niður í Skálholtstungu. [...] Þegar Björn [Erlendsson] kom stóð aðeins uppi af kofa, en hann notaði kofann ekki," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Beitarhúsatóftin er um 75 m austur af kálgörðum 089, um 40 m austur af vegi sem liggur niður í Skálholtstungu og um 2,3 km suðvestur af bæjarhól 001. Tóftin er á grasi grónum hól. Milli þessa hóls og hólsins sem garðar 089 eru á er lægð, fyrst og fremst mynduð af rofi, og liggur þar vegur niður í Skálholtstungu. Rétt norðan við hólinn er



Tóft af beitarhúsum 088. Horft í suður, Vörðufell til vinstri en Hestfjall hægra megin, fjær.



moldarflag þaðan sem efni virðist hafa verið sótt. Umhverfis eru grösugir móar. Fjánhúsin eru einföld garðahús sem snúa norður-suður, með hlöðu í norðurenda og dyr til suðurs. Þau eru um 26 m á lengd og 10-11 m á breidd en veggir tóftarinnar eru um 3-5 m breiðir. Fjánhúsin eru ekki mjög gömul og er mikið er af járn í tóftinni og við hana. Hlaðan er djúp - ef staðið er ofan í henni er norðurveggur um 2,3 m á hæð - og töluvert niðurgrafin en brattur bakki niður af hólnum er beint aftan við hlöðuna til norðurs. Fast austan virðist vera lítil viðbygging, um 8 m á lengd og 4 m á breidd; þykkt veggja um 1,5-2 m. Mikil elfting vex í tóftinni. Þegar tóftin var skráð (2016) var allt á kafi í grasi svo ekki sást í grjóti, þó vafalaust sé það enn í veggjum.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 501

Tóft 088. Uppmæling ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ÁR-380:089 gerði kálgarður 424148 401622

"Kál- og kartöflugarðar. [...] Á smá hól vestan við götur er liggja niður á Skálholtstungu. Beint á móti tóft við Bolhaus



[088] en hinum megin við götu. Sunnan við þá eru heitavatnslækir. Þar sem garðarnir voru eru nú fagurgrænar sléttur, með einstaka smá þúfum," segir í Mínjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Þar segir enn fremur: "Björn og Maja þvoðu þvott og bökuðu brauð 1950-52" og virðist átt við þennan stað, væntanlega heitan læk sem rennur sunnan við hólinn. Garðarnir eru um 100 m suðaustur af fjárborg 129 og um 75 m vestur af beitarhúsum 088. Þetta er um 2,3 km suðvestur af bæjarhól 001. Garðarnir eru á iðagrænum hól sem markast af moldarbökkum á flesta kanta. Heitur lækur rennur skammt sunnan við hólinn.

Garðarnir eru tvískiptir. Annars vegar er ferningslaga garður á há-hólnum norðan til, um 23 m á hverja hlið, sem hallar lítillega til norðurs og vesturs. Sunnan við er u.þ.b. tvöfalt stærri garður, nokkurn veginn hálfhringslaga, um 47 m á lengd og 27 m á breidd, sem hallar til suðurs. Syðri garðurinn markast að sumu leyti einungis af brúnum hólsins, einkum að vestan og austan. Austan og sunnan við er moldarflag og mjög skarpur bakki. Sums staðar virðast hafa verið hleðslur á bökkunum en það er ekki fyllilega ljóst. Á suðurhlið er gríðarstórt grjót í hleðslum og er bakkinn þar um rúmur

Leifar kálgarða 089. Uppmæling ofan á loftmynd frá Lofmyndum ehf.



Kálgarðar 089, horft í norður.

metri á hæð, en að öðru leyti eru hleðslur grónar. Engin merki um beð sjást í görðunum. Heiti lækurinn hefur líklega haft áhrif á staðsetningu garðsins og mögulegt er að eldri rústir séu undir garðinum á hólnum sem hefðu gert það að verkum að gott hafi verið að rækta á þessum stað.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 502

ÁR-380:090 heimild um heygard
425719 403365

Á korti Lottins frá 1836 er sýnt stórt gerði, að líkindum heygardur, fast vestan eða norðvestan við bæinn sem þá stóð (115). Einungis norðurtraðirnar (032), sem lágu niður með vesturhlið kirkjugarðsins, skildu á milli. Ljóst er að afstaða milli mannvirkja á þessu korti er töluvert brengluð og hugsanlegt er að hér sé um að ræða garð þann sem var við fjós og fleiri hús á eldri kortum (sbr. 005). Lega og stærð virðist þó svo ólík að hér fær gerði hafa verið ofar í brekkunni og minna um sig en 005. Í pistli Brynjúlfs Jónssonar frá 1894 segir: "Fyrir vestan bæinn lágu norðurtraðirnar af hlaðinu upp hjá Staupasteini og upp fyrir norðan kirkjugarðinn, eins og nú, og heygardurinn var þar, sem enn er vesturbæjar-heygardurinn vestanmegin traðanna hjá Staupasteini." Hér er að öllum líkindum átt við sama heygard.

Á þessu svæði er nú bílastæði beint vestan og neðan



Minjastaður 090 á korti Lottins 1836.

við Skálholtskirkju.

Engar leifar sjást nú af mannvirkinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Skálholt 1836; Brynjúlfur Jónsson 1894, bls. 3

ÁR-380:091

Viðarmannahús

heimild um útihús

Í lýsingu Brynjúlfs Jónssonar frá 1894 segir: "Fyrir norðan traðirnar, uppi á túninu, er óglögg rúst af svo nefndu viðarmannahúsi, sem um er getið þá er kirkjan brann." Um sama hús segir í Biskupaánnálum Jóns Egilssonar: "Það féll mér úr minni, að þá biskup Jón reið heim til Skálholts, þá var þar þýzkur maður; hann bauðst til, ef þeir vísuðu sér á biskup Jón, að skjóta hann í selskapnum. Þeir sögðu hann mundi það aldri geta. Hann sagðist skyldi sýna, og skaut márjötlu á kirkjunni, og hárið af byðukollu norður hjá Viðarmannahúsi." Ekki er nú vitað hvar Viðarmannahús stóð, en af lýsingu að dæma gæti það hafa verið á sama stað og útihús 117 sem sést á korti Lottins (sjá 117).



Leið 092 frá Skálholti til norðvesturs, að Spóastaðferju, á Herforingjaráðskorti 1910. Landmælingar Íslands.

Heimildir: Brynjúlfur Jónsson 1894, bls. 4; Biskupaannálar Jóns Egilssonar, bls. 94-95

ÁR-380:092 heimild um leið 425088 404473

Leiðin frá Skálholti að ferjustað á Brúará í Spóastadalandi er sýnd á herforingjaráðskorti frá 1910. Hún virðist hafa legið hér um bil þar sem bílvegurinn er nú til vesturs frá Skálholti.

Land fer hækkandi þar sem vegurinn liggur, ofan eða norðan hans eru á þessu svæði blásin holt en neðan við framræst tún. Engin augljóst ummerki sjást um götur á þessum slóðum, ekki heldur norðar af loftmyndum að dæma. Sennilega hefur svæðið sunnan við verið fremur blautt.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

ÁR-380:093 heimild um hesthús

Hesthús: "Á Skálholtshlaði. Torfkofi án hlöðu var á hlaði fyrstu árin sem Bjössi [Björn Erlendsson] og Mæja bjuggu hér [um 1950]. 10 hesta hús. Öll hús á hlaði voru rifin 1955," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Að öllum líkindum er átt við eitt þeirra húsa sem sjást sunnan og suðaustan við bæ, bæði á ljósmynd í bók um Skálholtsuppröftinn (bls. 17) og á loftmynd sem tekin var skömmu eftir 1950. Í skrá þessari hafa þau númerin 052 eða 053 (sjá myndir þar eða á síðunni framan við) en ekki verður staðfest hér að um sömu hús sé að ræða og því fær staðurinn sérnúmer.

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 530; Loftmynd Li0-14-36; Kristján Eldjárn, Hákon Christie og Jón Steffensen 1988, bls. 17

ÁR-380:094 þúst fjárhús 425477 403412

Tvær tóftir: "Á hæð vestan við Kvernalæk [046]. Skógarreitir er austan undir henni. [...] Á hæðinni næst vegi er tóft [...]. Á hól aðeins sunnar mótar einnig fyrir tóft [...]. Á milli þeirra gæti verið eitthvað," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Þessar rústir eru nyrst eða austast á sömu hæð og ungleg beitarhús 125 rúma 150 m vestur af bæjarhól 001. Hús sem hér fá númerin 118-120 og eru sýnd á korti Lottins 1836 hafa sennilega verið á sömu slóðum og jafnvel gæti verið um sömu rústir að ræða. Á þessum stað er sýnt lítið tún og að því er virðist tvö útihús á herforingjaráðskorti frá 1910. Á mjög grösugum hrygg sem liggur frá suðvestri til norðausturs. Neðan við rústirnar, utan í hryggnum að

suðaustan, er trjálundur. Þegar staðurinn var skoðaður var hryggurinn á kafi í grasi og erfitt að gera grein fyrir nákvæmu útliti rústa. Þó er ljóst að þarna eru tveir rústahólar og dæld á milli, eins og kemur fram hjá Bryndísi. Sá nyrðri (A) er kúptur hól, um 20 m í þvermál og allt að 1,5 m hár. Í honum að suðaustan sést aflöng dæld sem snýr SA-NV og er um 10 m löng og 2 m breið að innanmáli. Hvergi sér í grjóti. Hinn hólinn (B) er um 10 m suðvestar eða tæplega það, heldur minni um sig eða nær 15 m í þvermál og ekki er hægt að greina í honum dældir eða hleðslur v/




Þústir 094 eru innan svarta hringsins. Lengst til vinstri er rúst af fjárhúsum 125. Uppmælingar ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

gróðurs. Suðvestar á sama hrygg eru eins og áður segir ungleg fjár- eða beitarhús og sennilegast er að giska á að hér hafi verið fjárhús frá Skálholti þótt ekki sé hægt að útiloka annarskonar mannvirki.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 531; Skálholt 1836; Herforingjaráðskort 47 NV 1910



Kort Lottins frá 1836. Líklega eru þústir 094 leifar húsa innan hringsins.

ÁR-380:095 heimild 425307 403223

"Sunnan undir hæðinni sem er NNA við sumarþúðir, er rétt við göngustíg þangað, ofan við," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Staðurinn er merktur inn á loftmynd Bryndísar sunnan undir suðvesturenda hæðarinnar sem fjárhús 125 eru á. Hildur Gestsdóttir og Ragnar Edvardsson skráðu tóft árið 1998 sem gæti komið heim og saman við þessa. Í lýsingu þeirra segir: "Sunnan undir holtinu vestur af Skálholtsbústað. Neðan við brekkuna liggur nú göngustígur að sumarþústöðum og er hleðslan neðan til í brekkunni norðan við stíg. Þýfð brekka vaxin grasi og sinu. Nokkrar hríslur (líklega víði) og nokkur lítil barrtré. Austurmörk eru óglögg (gefin breidd er lágmark). Virðist hafa verið hlaðið um 5 m norður-suður, þó kafli af þeirri hleðslu sé nú sokkin." Með skráningu þeirra birtist mynd án skala af ferköntuðu mannvirki sem er hlaðið á þrjár hliðar en vætanlega hefur hliðin lokað því að norðan. Þar er nokkur skógrækt og talsvert stórgrýti og hamrar fyrir ofan. Göngustígur að Skálholtsbúðum liggur neðan undir hæðinni til vesturs. Engin tóft sést á svæðinu, hugsanlegt að hún sé horfin í skóg eða hafi raskast við gerð stígsins, sem er malbikaður.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 532; Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson 1998, bls. 36

ÁR-380:096 Austurtraðir hleðsla traðir 425801 403290

"Eystri og vestari [011] traðir, þ.e. heimreiðimar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir [032]," segir í friðlýsingaskrá. "Austurtraðir. Traðir er liggja í átt að Laugarási, austur (niður) allt tún í Skálholti," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Traðirnar eru greinilegar, liggja niður bæjarhólinn 001 til suðausturs.

Grasi vaxinn bæjarhóll en tún eru við traðirnar bæði að sunnan og norðan. Traðirnar liggja frá bæjarhólnum 001 að norðan og eru í halla til suðausturs, gegnum tún sem eru slegin austan við traðir. Alls sjást þær á um 80 m löngum

kafla, markaðar af hleðslum beggja vegna sem eru mest um 0,7 m á hæð, algrónar. Traðirnar verða óljósar við mýrarjaðarinn neðan túna, en mýrar hafa nú verið ræstar fram. Í framhaldinu sést þó móta fyrir vegi sem hefur verið hlaðinn yfir mýrina, sjá 020. Þess má geta að þessar traðir eru eingöngu um 2 m að innanmáli en vesturtraðirnar (011)



Austurtraðir liggja hér niður túnið til suðausturs. Vestan við er Jólavallargarður 041. Uppmæling ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.


mun breiðari eða um 6 m. Sennilegt er að Austurtraðir séu upprunalegri en þær vestari hafi verið breikkaðar fyrir hestvagna, líklega við vegagerð 1902.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 533; Eva Kr. Dal og Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.) 2015, 215-216

ÁR-380:097 garðlag vörslugarður 424208 401444

Fornlegt garðlag er ofan við Skálholtstungu, í mjóddinni þar sem skemmst er milli Brúarár og Hvítár. Þetta er um 2,5 km suðvestur af bæjarhól 001. Mjög mýrlent svæði og jarðhiti í því á nokkrum stöðum. Garðlagið hefur að líkindum legið frá Brúará til austurs og síðan í smásveig til NA að læk sem rennur út í Brúará um 570 m sunnan við Þorlákshver. Þannig hefur garðurinn afmarkað svæði að sunnan og suðaustanverðu, en lækur og Brúará á að norðan og vestan. Alls hefur garðurinn verið rúmlega 300 m langur en svæðið sem hann afmarkar rúmlega 200 x 200 m stórt - en það er mýrlent eins og áður segir og líkist ekki túnstæði. Garðurinn sést ágætlega á loftmynd nær alla leiðina en á vettvangi er hann torrækari, einkum vestast og austast. Best sést hann þar sem bíslóði liggur yfir austasta hluta hans og áfram niður í Skálholtstungu en þar er hann um 3 m breiður og 0,2 m hár. Annars er garðurinn nær alveg jarðlægur í mýrinni en þó unnt að rekja hann langleiðina. Garðurinn virðist heldur minni um sig en garðlögin fornu sem liggja milli ána, sjá 050 og 126.



Garðlag 097 sýnt með gulum lit ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.


Hættumat: engin hætta

ÁR-380:098 mannvirki
 áveita 425630 403420

Á korti frá 1784 sjást þrjár skurðir heim við hlað, vestan við bæjarhólinn. Skurðirnir hafa verið vestanundir heimreiðinni sem nú er, verið grafnir út í lækinn sem var kallaður Kvernalækur eða Myllulækur (sjá 046).

Nú liggja tröppur niður frá suðvesturhorni bílastæðis rétt tæpa 100 m vestur frá kirkjunni og í framhaldi stígur að Skálholtsbúðum. Það hallar skarpt niður af hólnum til vesturs á þessum slóðum, land undir honum hefur væntanlega verið blautt en er nú að miklu leyti framræst.


Einn skurður er fast norðan við göngustíginn og samhliða honum (A-V) sem gæti hafa verið grafnir í eldra skurðstæði, þá miðjuskurðurinn á kortinu. Annar hefur þá verið 20-30 m norðar og sá þriðji sunnan við en engin merki sjást um þá. Væntanlega hafa skurðirnir verið grafnir til að veita burt vatni.



Skurðir 098 innan rauða hringins. Kort frá 1784 lagt ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Skálholt 1784

ÁR-380:099 *Hlaðgarður* garðlag óþekkt 425664 403302
Hlaðgarður er merktur inn á uppdrátt frá 1784, á suðurbrún bæjarhóls 001. Bæjarhóllinn er á kafi í grasi, hallar skarpt




Hlaðgarður 099 sunnanvert á bæjarhól. Uppmælingar ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

frá honum til suðurs. Það mótar fyrir garði á brúninni sem gæti að hluta verið þessi gamli garður sem sýndur er á kortinu. Hann sést fyrst um 20 m SA við Kyndluhól 038 og má rekja hann þaðan tæpa 100 m til austurs. Garðurinn er 4-5 m breið bunga víðast hvar, mun skarpari að norðan en að sunnaverðu rennur hún saman við hólinn. Hæð að norðanverðu er allt að 1 m. Garðurinn fjarar út heldur vestar en til móts við göngin (014) sem lágu út til suðurs úr bænum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Skálholt 1784

ÁR-380:100 *Kindluteigs-hesthús* heimild um hesthús 425635 403355
Kindluteigs-hesthús er merkt inn á uppdrátt frá 1784. Það hefur verið 20-30 m norðaustur af Kyndluhól 038.

Þetta er á bæjarhólnum 001 sem er grasi gróinn og þýfður.



Staðsetning húsa 100-102: Kindluteigshesthús, lambhús og skemmur. Kort frá 1784 lagt ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Engar sannfærandi rústir eftir hús sjást. Staðinn er gott að miða út frá afgangi laut eða keldu sem er milli staðarins sem hér um ræðir og fjóss/garðs 005, brúnir hennar sjást á kortinu gamla og mótar vel fyrir þeim enn í dag.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Skálholt 1784

ÁR-380:101 heimild um lambhús 425649 403328

Lambhús er merkt inn á uppdrátt frá 1784. Hægt er að áætla staðsetningu þess út frá húsaröð 004 sem stóð í beinni línu upp af brún á keldu sem enn er greinileg ofan við Kyndluhól. Húsið hefur verið í beinu framhaldi af húsaröðinni, sunnan við hana, og Vesturtraðirnar 011, sem ekki sjást á kortinu frá 1784, hafa annaðhvort verið gerðar fast sunnan við húsið eða hugsanlega verið grafnar í gegnum hússtæðið að hluta. Þetta er u.þ.b. miðja vegu niður af bæjarhól 001, á að giska 30-40 m austur af Kyndluhól.

Grösugur bæjarhóll.

Skv. kortinu hafa húsin hafa snúið N-S en hallinn á staðnum er meira í SV eða vestur og ekki ósennilegt að lega húsanna hafi fylgt hallanum. Engin ummerki sjást á staðnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:

ÁR-380:102 heimild um útihús 425660 403314

Merkt inn á uppdrátt frá 1784: Reiðingaskemma, skemma Einars brita, hjallur, soðbúr, skreiðarskemma og vinnumannaskemma; allt sunnan við heygard, suðvestan við bæ. Merkt inn á uppdrátt frá fyrri hluta 18. aldar: Harðatorfs kofi, soðbúr, vinnumannaskáli, reiðingaskemma og skreiðaskemma. Húsaröðin hefur verið sunnan við

vesturtraðirnar (þótt þær séu ekki sýndar á kortinu 1784), á suðvesturhluta bæjarhóls 001. Nokkurnveginn er hægt að staðsetja hússtaðið með hliðsjón af fjósi 005 og hlaðgarði 099, um 40 m ASA af Kyndluhól 038. Samkvæmt kortinu hafa húsin snúið stöfnum beint í suður en af staðháttum að dæma gæti það hafa verið meira í SV, enda hallar hólnum í þá áttina. Á þessum stað liggur vegarslóði niður hólinn, væntanlega notaður af Skálholtsbændum til að komast út á túnin sunna við hólinn.

Engar rústir sjást, staðurinn er á kafi í grasi og fremur ósléttur. Dálítið hólbunga gengur út úr bæjarhólnum neðan við staðinn sem hér er tekið hnit á og er hún iðagræn og sléttari en hólinn. Ekki er útilokað að húsin hafi staðið þar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Hörður Ágústsson 1987, 254-255, Skálholt 1784

ÁR-380:103

heimild um rétt
403323

Sauðarétt


425658

Sauðarétt er merkt inn á uppdrátt frá fyrri hluta 18. aldar, norðan við [102] en sunnan við fjós og heygarða 005. Hún er ekki sýnd á yngra korti frá 1784 en gæti hafa verið á svipuðum slóðum og þá eru merkt prentsmiðjan 007 eða lambhús 102. Grösugur bæjarhóll.


Á þessum slóðum liggja nú traðirnar 011 niður bæjarhólinn. Ekkert sést til annarra mannvirkja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Skálholt 18. öld



Sauðarétt 103 er hér vestarlega, innan græna hringsins. Kort frá fyrri hluta 18. aldar.



Fjós 104 innan hringsins nokkurn veginn beint vestan við kirkjuna. Kort Lottins frá 1836.

ÁR-380:104

heimild um fjós
425701 403369

heimild um fjós

Um 40 m NV af bæ 115 er fjós merkt inn á uppdrátt Lottins frá 1836. Afstaða húsa á kortinu er talsvert brengluð en húsið er sýnt í stefnu hér um bil beint vestur af kirkjunni og hefur líklega verið nokkurn veginn þar sem Staupasteinn er nú eða þar skammt vestan við. Það virðist á mjög svipuðum stað og eldra fjós, sjá 005. Þar er nú bílastæði.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Skálholt 1836

ÁR-380:105 heimild um hesthús 425632 403365


Um 55 m VSV af bæ 115 er hesthús merkt inn á uppdrátt frá 1836. Það hefur líklega verið á svæðinu norðaustan við Kyndluhól 038 en sennilega er afstaða þessa húss og annars á kortinu, 108, talsvert brengluð. Annaðhvort húsanna gæti hafa verið á sama stað og Kyndluteigshesthús 100 er merkt á korti 1784.

Óræktað svæði neðan við tún.

Engar mannvirkjaleifar sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Skálholt 1836



Nokkur útihús merkt inn á hluta af korti Lottins frá 1836. Athugið að talsverð skekkja getur verið í staðsetningum húsanna á loftmynd aftar í skýrslunni.

ÁR-380:106 heimild um hesthús 425653 403331

Um 40 m VSV af bæ 115, um 5 m austan við hesthús [107], er hesthús merkt inn á uppdrátt frá 1836. Það hefur verið norðan við vesturtraðirnar 011, en á þessu korti eru þær reyndar sýndar sem mjór stígur og ekki þráðbeinar eins og nú er. Ljóst er að afstaða milli húsa á þessu korti er nokkuð brengluð en sennilegast er að þessi hús og 107 hafi verið á svipuðum slóðum og lambhús 101 (sýnt á korti 1784).

Utan í grónum bæjarhól.

Engar minjar sjást á yfirborði - nema traðirnar 011. Ekki er útilokað að þær hafi verið grafnar ofan í hússtæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Skálholt 1836

ÁR-380:107 heimild um hesthús 425657 403331

Um 45 m VSV af bæ, um 5 m frá hesthúsi [106], er hesthús merkt inn á uppdrátt frá 1836. Það hefur verið norðan við vesturtraðirnar 011, en á þessu korti eru þær reyndar sýndar sem mjór stígur og ekki þráðbeinar eins og nú er. Ljóst er að afstaða milli húsa á þessu korti er nokkuð brengluð en sennilegast er að þessi hús og 106 hafi verið á svipuðum slóðum og lambhús 101 (sýnt á korti 1784).

Utan í grónum bæjarhól.

Engar minjar sjást á yfirborði - nema traðirnar 011. Ekki er útilokað að þær hafi verið grafnar ofan í hússtæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Skálholt 1836

ÁR-380:108 heimild um hesthús 425619 403355

Um 85 m V af bæ 115 er hesthús merkt inn á uppdrátt frá 1836. Það hefur líklega verið á svæðinu norðaustan við Kyndluhól 038 en sennilega er afstaða þessa húss og annars á kortinu, 105, talsvert brengluð. Annaðhvort húsanna gæti hafa verið á sama stað og Kyndluteigshesthús 100 er merkt á korti 1784.

Óræktað svæði neðan við tún.

Engar mannvirkjaleifar sjást á yfirborði.

Heimildir: Skálholt 1836

ÁR-380:109 heimild um hesthús

Um 60 m SSV af bæ er hesthús merkt inn á uppdrátt frá 1836. Afstaða milli húsa á uppdrættinum er talsvert brengluð og því erfitt að staðsetja húsin nákvæmlega. Ekki er ósennilegt að þau hafi verið á sama stað og prentsmiðja sem er sýnd á uppdrætti 1784 (sem hér er skráð nr. 007). Erfitt er þó að skera úr um þetta og því fá þessi hús af korti Lottins hér sérnúmer.

Heimildir: Skálholt 1836

ÁR-380:110 heimild um hesthús 425658 403315

Um 100 m SV af bæ er hesthús merkt inn á uppdrátt frá 1836, sunnan við traðir 011. Afstaða milli húsa á uppdrættinum er talsvert brengluð og því erfitt að staðsetja húsin nákvæmlega. Ekki er ósennilegt að þau hafi verið á sama stað og húsaröð sem er sýnd á uppdrætti 1784 (í henni voru m.a. skemmur og búr, er hér skráð nr. 102). Erfitt er þó að skera úr um þetta og því fá þessi hús af korti Lottins hér sérnúmer.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Skálholt 1836

ÁR-380:111 *Hjarðarneshólmavað* heimild um vað 422012 397783

Í Biskupaánnálum Jóns Egilssonar er sagt frá slysi við Hjarðarneshólma-vaði haustið 1555: "Þetta sama ár þá druknaði Ólafur skólameistari, sem áður er sagt. Það sama haust misti biskupinn hestamann sinn, af sama hesti og Ólafur hafði áður druknað, á Hjarðarneshólma-vaði, - Biskupinn ætlaði til Hamra, - og um vorið eptir annan á Reykjanesferju



Vaðið er hér staðsett innan svarta hringsins rétt neðan við miðja mynd. Merkt inn á herforingjaráðskort (Landmælingar Íslands)

[líklega 079], því skipið var vont og sökk undir honum." Vað þetta hefur líklega verið við Hjarðarneshólma, en það er þekkt örnefni í Brúará, sunnan við syðsta odda Skálholtstungu. Ekki virðist hafa verið þekkt vað á þessum slóðum í seinni tíð.

Ekki var farið á staðinn 2016 en á loftmynd er ekki hægt að greina götur suður eftir Skálholts-tungunni. Þetta er sú leið sem væntanlega hefur legið beinast við að fara að Hömrum í Grímsnesi. Upplýsingar um vaðið eru til úr fornleifaskráningu í Grímsnes- og Grafningsshreppi. Þar segir að ekki sé nú vitað hvar vaðið hafi verið en þó talið að það hafi legið frá Hjarðarnesi (sem er Hamramegin við ána) til norðausturs, yfir í hólmann og síðan úr honum yfir í Skálholtstungu. Þess má geta að Sigurður Skúlason telur í örnefnalýsingu sinni að syðsti oddi Skálholtstungu hafi e.t.v. heitið Hjarðarnes en örnefnið er til á Hömrum Grímsnesmegin við ána.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Biskupaánnálur Jóns Egilssonar, 1. bindi, bls. 102; Birna Lárusdóttir 2002, bls. 84

ÁR-380:112 heimild um fjárhús 425822 403359

Tvö samhliða fjárhús eru merkt inn á uppdrátt Lottins frá 1836. Þau hafa verið austan við kirkjugarðinn, aðeins örfáum metrum SSV við hús 113.

Húsin hafa verið á flötu svæði austan undir gamla kirkjugarðinum, en hann markast af háum bakka að austanverðu. Á staðnum er nýr kirkjugarður sem tiltölulega skammt síðan tekið var að jarðsetja í. Svæðið markast af trjám að sunnan og austan.



Útihús (og bær) 112-117 merkt inn á hluta af korti Lottins frá 1836.

Þar sem húsin voru, í krikanum suðvestast á svæðinu er marflatt og grasi vaxið og engin ummerki að sjá á yfirborði. Svæðið er væntanlega hluti af fyrirhuguðu greftrunarsvæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Skálholt 1836

ÁR-380:114 heimild um fjárhús 425843 403379

Fjárhús eru merkt inn á uppdrátt Lottins frá 1836, austan við kirkjugarðinn og um 20 m ANA við hús 113.

Húsin hafa verið á flötu svæði austan undir gamla kirkjugarðinum, en hann markast af háum bakka að austanverðu. Á staðnum er nýr kirkjugarður sem tiltölulega skammt síðan tekið var að jarðsetja í. Svæðið markast af trjám að sunnan og austan.

Á þessum stað er nú komin röð af leiðum en tiltölulega skammt er síðan byrjað var að jarðsetja á þessum stað. Engin ummerki sjást um húsið og svo virðist sem svæðið hafi verið sléttað rækilega.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Þar sem húsin voru, í krikanum suðvestast á svæðinu er marflatt og grasi vaxið og engin ummerki að sjá á yfirborði. Svæðið er væntanlega hluti af fyrirhuguðu greftrunarsvæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Skálholt 1836

ÁR-380:113

heimild um fjárhús 425824 403364

Fjárhús eru merkt inn á uppdrátt Lottins frá 1836. Það hefur verið austan við kirkjugarðinn, aðeins örfáum metrum NNA en hús 112.

Húsin hafa verið á flötu svæði austan undir gamla kirkjugarðinum, en hann markast af háum bakka að austanverðu. Á staðnum er nýr kirkjugarður sem tiltölulega skammt síðan tekið var að jarðsetja í. Svæðið markast af trjám að sunnan og austan.

Heimildir: Skálholt 1836

ÁR-380:115 heimild um bústað 425721 403352

Fljótlega eftir að biskupssetrið í Skálholti lagðist af virðist nýr bær hafa verið reistur heldur vestar en eldri bær. Besta heimild sem tiltæk er um staðsetningu þessa bæjar er kort frá 1836. Reyndar er talsverð brenglun í afstöðu milli húsa á kortinu en þó má ætla út frá því og niðurstöðum uppgrafar að bærinn hafi staðið að mestu leyti ofan á eldri rústum bæjar á bæjarhól 001.

Heimildir: Skálholt 1836


ÁR-380:116 heimild um fjárhús

Um 245 m NNA af bæ er fjárhús merkt inn á uppdrátt Lottins frá 1836. Afstaða milli húsa á kortinu er töluvert brengluð en þó er sennilegt að þetta sé staðurinn þar sem nú er tóft 012. Ekki er þó unnt að staðfesta þetta og þar sem áttahorf hússins á kortinu er annað fær þetta hús hér sérnúmer.

Heimildir: Skálholt 1836

ÁR-380:117 heimild um fjárhús 425788 403549

Fjárhús er merkt inn á kort Lottins frá 1836 um 150 m norðan við kirkjuna, vestur af tröðum 032. Ljóst er að talsverð skekkja er í korti Lottins en húsið gæti einna helst hafa verið 15-20 m beint sunnan við íbúðarhús rektors Skálholtsskóla, tæpum 170 m NNA við kirkjuna. Ekki er óhugsandi að þetta hús sé á sama stað og Viðarmannahús



sem getið er um í eldri heimildum, sjá 091. Þar er tún sem enn er slegið. Engin ummerki um húsið eru sýnileg og túnið er vel slétt.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Skálholt 1836

ÁR-380:118 heimild um fjárhús

Um 245 m VNV af bæ er fjárhús merkt inn á uppdrátt Lottins frá 1836. Afstaða milli húsa á kortinu er talsvert brengluð en það virðist ljóst að húsin hafi verið á holti vestan við bæ þar sem nú eru tóftir, sjá 094a og b, 123 og 125. Helst virðast þau samsvara tóftunum sem eru norðar, þ.e. 94 a og b. Þetta er ekki hægt að staðfesta og því fá húsin á kortinu hér sérnúmer.

ÁR-380:119 heimild um fjárhús

Um 240 m VNV af bæ er fjárhús merkt inn á uppdrátt frá 1836. Afstaða milli húsa á kortinu er talsvert brengluð en það virðist ljóst að húsin hafi verið á holti vestan við bæ þar sem nú eru tóftir, sjá 094a og b, 123 og 125. Helst virðast þau samsvara tóftunum sem eru norðar, þ.e. 94 a og b. Þetta er ekki hægt að staðfesta og því fá húsin á kortinu hér sérnúmer.

Heimildir: Skálholt 1836

ÁR-380:119 heimild um fjárhús

Um 240 m VNV af bæ er fjárhús merkt inn á uppdrátt frá 1836. Afstaða milli húsa á kortinu er talsvert brengluð en það virðist ljóst að húsin hafi verið á holti vestan við bæ þar sem nú eru tóftir, sjá 094a og b, 123 og 125. Helst virðast þau samsvara tóftunum sem eru norðar, þ.e. 94 a og b. Þetta er ekki hægt að staðfesta og því fá húsin á kortinu hér sérnúmer.

Heimildir: Skálholt 1836

ÁR-380:120 heimild um fjárhús

Um 245 m V af bæ er fjárhús merkt inn á uppdrátt frá 1836. Afstaða milli húsa á kortinu er talsvert brengluð en það virðist ljóst að húsin hafi verið á holti vestan við bæ þar sem nú eru tóftir, sjá 094a og b, 123 og 125. Helst virðast þau samsvara tóftunum sem eru norðar, þ.e. 94 a og b. Þetta er ekki hægt að staðfesta og því fá húsin á kortinu hér sérnúmer.

Heimildir: Skálholt 1836

ÁR-380:121 tóft bústaður 425720 403341

Uppgraftarsvæðið í Skálholti fær hér sérnúmer enda þótt það sé hluti bæjarhóls 001. Þar er fágæt heild af íveruhúsum frá síðustu öldum biskupsstóls í Skálholti. Þar hafa verið grafinn upp margvísleg herbergi, bæði íveruhús, skemmur, svefnskáli, göng og margt fleira. Þar hefur fundist margt góðra gripa og ennfremur ýmis smærri ummerki á borð við ofna, ræsi og sáför. Elstu minjar sem hafa verið grafnar upp eru að líkindum frá 16. öld en heildarútgáfa um rannsóknirnar er væntanleg. Uppgraftarsvæðið er nú frágengið, veggir hafa verið hlaðnir upp að nokkru leyti, mól þekur botn herbergja og svæðið er vel aðgengilegt þeim sem fara um staðinn.

Alls er uppgraftarsvæðið um 55 x 35 m stórt frá austri til vesturs en mjókkar í austurátt. Eftir því miðju liggja göng frá norðri til suðurs.

ÁR-380:122 gerði akur 424790 401480

Árið 1986 skráði Bryndís Róbertsdóttir fornlegt gerði vestan við rústir og túngarða á Stekkatúni 028 árið 1986: "Mótar fyrir ferhyrningi sem er dálítið hærri en móinn í kring, enn inn í honum er jafnþýft og fyrir utan....Mjög fornt því allar útlínur frekar óljósar." Gerðið er 25-30m vestan við garð um Stekkatún (sjá 028d) og um 30 m norðan við bakka Hvítár. Grasi gróinn bakki og elfting víða.

Gerðið er fornlegt og sigið en lögun þess þó alveg greinileg. Það snýr NA-SV og er alls um 25 x 20 m stórt.



Gerði 122 sést hér utan við rústir á Stekkatúni 028. Hvítá rennur sunnan og austan við. Uppmælingar ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Austurhliðin liggur í sömu stefnu og áður nefndur garður um Stekkatún og margt bendir til að gerðið hljóti að tengjast rústunum eða vera samtíða þeim (þá þeim eldri væntanlega). Veggir eru signir og allt að 5 m breiðir, sennilega hlaðnir úr torfi eingöngu. Hæð þeirra er mest um 0,2-0,3 m. Sennilegast virðist að gerðið tengist ræktun af einhverju tagi. Op er ekki vel greinilegt en þó einna líklegast að það hafi verið á suðvesturhorni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 456

ÁR-380:123 heimild um traðir

Í Íslendinga sögu í Sturlungu segir: "Ríða síðan austr yfir Brúará um nóttina at Reykjavaði [sjá 084], fara síðan sem leið liggir til Skálholts, koma þar í öndverða dagan, stíga af baki norðr í stöðlum, búa sik þá sem hvatligast til atgöngu. Ganga þeir nú heim með garðinum allir í einum dyn, snúðigt ok þó hljóðliga. Ok er þeir koma heim at geilagarðshliðinu, verða þeir Gizurr varir við þá ok hlaupa út á kirkjugarðinn, slá upp herópi ok berja vápnum á skjöldu." Ekki er hér fyllilega ljóst hvaða geilagarðshlið er átt við. Þó er sennilegt, líkt og textaskýringar í Sturlunguútgáfunni gera ráð fyrir, að með geilum sé átt við traðir (þá líklega norðurtraðir/Biskupatraðir 032), og þar hafi verið hlið, þá væntanlega þegar komið var heim undir kirkjugarð eða jafnvel á kirkjugarðinum.

Heimildir: Sturlunga saga I, 461


ÁR-380:124 Fjánhússund örnefni beitarhús

Í landamerkjalyfingu Skálholts segir: "...þaðan [frá Digru-Siggu 018] sjónhending suður í Fjánhússundið og niður í Kerslækjar-upptök....". Fjánhússund hefur því verið við vesturmerki Skálholts, norðan við Þjóðveg og norðan við Kerslækjarupptök en sunnan við Digru-Siggu.

Á þessu svæði skiptast á ásar og mýrasund. Ekki er vitað um fjárhússtóft innan Skálholtsmarka á þessu svæði sem gæti komið heim og saman við Fjánhússund. Líklega hefur það verið Spóastaðamegin við merkin og gæti þá komið heim og saman við fleira í landamerkjalyfningunni: "Frá Skálholti var haft til forna fjárborg og Smalaskáli fyrir sunnan Klukkugil, einnig fjárhús uppundan Kerslæk Spóastaðamegin...." Fornleifar hafa ekki verið skráðar í Spóastaðalandi og því ekki hægt að staðfesta þetta.

Heimildir: Landamerkjabók Árnessýslu, bls. 185-187

ÁR-380:125 tóft fjárhús 425347 403296




Tóftir 125. Uppmæling ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

"Lambhús og kofi. [...] Á hæð norðan við sumarbúðir Þjóðkirkjunnar. Norðan við tóftir [090]. [...] Var uppstandandi þegar Björn [Erlendsson] kom [um 1950] og notaði hann það í tvö ár. Var rífið fyrir 1956," segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Tóftin sem hún lýsir er væntanlega sama tóft og enn er áberandi uppi á hæðinni norðan Skálholtsbúða, um 230 m beint vestur af Kyndluhól 038. Grasi vaxin hæð og er tóftin á kafi í grasi. Tvær tóftir eru á staðnum. A er stór tóft af fjárhúsum sem snýr NV-SA og er alls 20 x 18 m stór. Op er til suðausturs og hefur þar verið þil. Tveir garðar eru í húsunum og djúp hlaða í norðvesturenda, aflöng frá NA-SV og er hún lengri en sem nemur breidd húsanna - teygir

sig lengra í austur. Kofi er sambyggður húsunum að suðaustan og hefur ekki verið innangengt á milli. Tóftin er með dyr í suðaustur, að utanmáli 7 x 7 m. Fast norðan við hana er þúst eða hnúður, um 3-4 m í þvermál og algróinn

en ekkert lag á þótt líklega sé hann manngerður. Önnur tóft (B) og mun minna áberandi er 10 m norðaustan við tóftina. Hún er lágrest og einföld, snýr NA-SV og er alls um 9 x 4,5 m að stærð en mjókkar heldur til suðvesturs. Dyr eru heldur óljósar en gætu hafa verið á norðvesturhorni.

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 505



Garðlag 126. Garðlagið og annað sem er gullitað er teiknað upp af loftmynd, grænt merkir uppmælingar á vettvangi. Merkt ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ÁR-380:126 garðlag vörslugarður 424764 401599

Fornlegt garðlag liggur frá túngarði um Stekkatún, sjá 028D, og til VNV, í átt að Þorlákshver og að líkindum þaðan að Brúará. Hann er næstum samhliða öðrum fornlegum garði, 050, en sá er norðar og með meiri austur-vestur stefnu. Garður þessi er sunnar, nær mjóddinni ofan við Skálholtstungu. Garðurinn liggur um mýrlendi að hluta, þó ekki allstaðar mjög blautt, en vallendi er sumsstaðar. Alls hefur garðurinn verið rúmlega 1 km á lengd. Hann var aðeins rakinn næst Stekkkatúni og er þar mjög greinilegur á um 70 m löngum kafla. Hann er þar 4-5 m breiður og nær allt að 0,5 m hæð, er algróinn og siginn. Eftir um 70 m hverfur hann í rofi og er ógreinilegur eftir það en sést þó á loftmynd. Þar má fyrst rekja hann um 370 m til norðvestur að uppbornuðum lækjarfarvegi en þar hverfur hann á um 150 m löngum kafla. Hann birtist svo að nýju vestan við og liggur tæpa 300 m til viðbótar í átt að Þorlákshver en þó er ekki hægt að rekja hann alveg alla leið. Vestan við Þorlákshver vottar fyrir nokkuð beinni línu á loftmynd hér um bil beint til vesturs, næstum að Brúará, en ekki er hægt að staðfesta hvort þar eru komnar leifar garðsins.

Hættumat: engin hættu

ÁR-380:127 gata leið 424351 401633



Hluti herforingjaráðskorts frá 1910. Hér sést leiðin liggja (brotalína) til SV yfir Skálholtsása og í átt að ferjustað gegnt Reykjanesi. Landmælingar Íslands.

síðan sem leið liggir til Skálholts, koma þar í öndverða dagan, stíga af baki norðr í stöðlum, búa sik þá sem hvatligast til atgöngu." Nú er ekki alveg ljóst hvað átt er við með "norðr í stöðlum" en þó ekki ósennilegt að átt sé við Fornastöðul 022.

Heimildir: Sturlunga saga I, 461

ÁR-380:129 tóft fjárskýli 424066 401686

Um 160 m vestnorðvestur af fjárhúsum á Bolhaus (077), um 100 m austur af Brúará er gríðarstór tóft, hugsanlega fjárborg. Umhverfis tóftina er þýfður mói. Heitur lækur með afrennsli í Brúará rennur um 70 m sunnan við. Tóftin er hringlaga, allt að 37 m í þvermál að utan en um 11 m að innan. Hún er mjög sigin og stórþýfð en en rís þó hátt yfir

Óviss gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Hún liggur frá Skálholti, norðan við fjárhús 024, í suðvestur framjá beitarhúsum 027 og eftir Skálholtstungu að ferju 079 til móts við Reykjanes. Um 40 m austur af tóft 136 er gata sem liggur norðnorðaustur-suðsuðvestur og gæti verið angi af götunni sem sýnd er á kortinu.


Gatan liggur um þýfða móa. Gatan er djúp og mikil en alveg uppgróin, allt að 4-5 m breið og rúmur 1 m á dýpt. Gatan sést syðst um 40 m austsuðaustur af tóft 136. Til norðurs virðist gatan geta stefnt austan við húsin á Hestakletti (027) en á herforingjaráðskortinu er gatan sýnd vestan við þau. Gatan er ekki sýnileg næst ferjustaðnum en hefur þar legið mjög nærri bakkanum á Brúará. Bakkin er þar ágætlega þurr og greiðfær en þar sjást ekki verulegar götur, bara ógreinilegir slóðar eftir sauðfé. Gríðarlegur gróður er á bakkanum og sáralítill beit. Ef loftmynd er borin saman við kortið frá 1910 virðist mega gera sér grein fyrir legu götunnar og eftir því er hún teiknuð inn á loftmynd. Hún er þó misgreinileg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NV 1910

ÁR-380:128 heimild

Í Íslendinga sögu í Sturlungu segir: "Ríða síðan austr yfir Brúará um nóttina at Reykjavaði [sjá 084], fara



*Hringlaga rúst 129, suðaustar eru kálgarðar 089.
Uppmælingar ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.*


umhverfið, hæst um 2 m að vestan verðu. Tóftin sker sig einnig úr vegna gróðurs en mikil elfting er í rústinni sem minna er um í þýfinu í kring. Engar dyr er að sjá og hvergi grjót í hleðslum.

Hættumat: engin hætta

ÁR-380:130 garðlag óþekkt
425224 403533

Garðlag liggur í norðvestur frá Skólavegi, vegi sem liggur frá Skálholtsvegi að Skálholtsbúðum, um 540 m vestnorðvestur af Skálholti (001). Grösugt og þýft beitarhólf með fíflum og sóleyjum. Skurðir afmarka hólfið til norðurs og vesturs.

Garðurinn er mjög fornlegur og siginn. Hann rís nánast ekkert yfir þúfurmar umhverfis, mest um 0,3 m á hæð, og markast fyrst og fremst af grunnum dældum sitt hvoru megin garðsins. Ekkert grjót sést í garðinum en hann er mjög útflattur, frá 5-7 m á breidd. Til norðvesturs stefnir garðurinn yfir í Spóastaðaland (en þó ekki víst að hann sjáist þar) en til suðausturs stefnir garðurinn u.þ.b. á hæð



Garðlag 130 vinstra megin á myndinni. Hægra megin sjást húsin í Skálholti. Uppmælingar eru sýndar grænar en gult er það sem teiknað hefur verið upp af loftmynd. Merkt inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

þar sem tóftir fjárhúsa 125 og 094 standa. Um 80 metrum frá veginum verður garðurinn svo óljós að ekki er hægt að mæla hann lengra á jörðu niðri en á loftmynd mótar fyrir honum áfram að skurði sem afmarkar beitarhólfið að norðan. Handan skurðsins er slétt tún og er garðurinn þar að öllu horfinn. Á loftmynd sem tekin var upp úr 1950 má rekja

garðinn lengra, allt að læk sem rennur á landamerkjum Spóastaða og Skálholts og hefur hann því verið allt að rúmlega 400 m langur. Handan lækjarins sést hann ekki með góðu móti en þar eru þó rákir sem líklega eru kindagötur.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Loftmynd Li0-14-35

ÁR-380:131 gata leið 424859 403128

Meðfram fjárborgum á Borgarhólum (023) norðanverðum liggja götur í átt norðaustur-suðvestur, u.þ.b. í stefnu frá Skálholti að Þorlákshver (077). Borgarhólar eru lágt holt sem stendur upp úr mýri umhverfis.


Göturnar kvíslast um hólana, og liggja meðfram norðurjaðri fjárborga 028 A og D en götuskorningur sker norðvesturhlið fjárborgar B og liggur u.þ.b. yfir fjárborg C miðja. Á loftmynd má rekja göturnar alls um 920 m leið en göturnar eru illgreinilegar þegar komið er út í mýrina suðvestur af Borgarhólum og hverfa þar að lokum. Á norðausturenda hverfa göturnar undir Skólaveg sem liggur frá Skálholtsvegi að Skálholtsbúðum og ræktað land austan vegarins. Stefna gatnanna er u.þ.b. í átt að Þorlákshver en ekki er óhugsanlegt að þær hafi legið áfram niður á engjar eða að vaði á Brúará.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

ÁR-380:132 heimild um túngarð

Í Íslendinga sögu í Sturlungu segir: "Ríða síðan austr yfir Brúará um nóttina at Reykjvaði [sjá 084], fara síðan sem leið liggir til Skálholts, koma þar í öndverða dagan, stíga af baki norðr í stöðlum, búa sik þá sem hvatligast til atgöngu. Ganga þeir nú heim með garðinum allir í einum dyn, snúðigt ok þó hljóðliga. Ok er þeir koma heim at geilagarðshliðinu, verða þeir Gizurr varir við þá ok hlaupa út á kirkjugarðinn, slá upp herópi ok berja vápnum á skjöldu." Ekki er hér fyllilega ljóst hvaða garð er átt við í lýsingunni, en þó líklegt að það hafi annaðhvort verið túngarður, traðagarður eða kirkjugarðsvegur.

Heimildir: Sturlunga saga I, 461



Göturnar liggja hér á milli tóftanna tveggja (015), frá austri til vesturs.

ÁR-380:133 gata leið 423961 403720

Á Réttarholti 015 eru götur sem liggja u.þ.b. austur-vestur. Göturnar liggja fast norðan við tóft á holtinu (sjá 015). Ekki er vitað um miklar umferðargötur á þessum slóðum t.d. Í tengslum við vað eða ferju (aðrar en Spóastaðagötur 092 sem voru norðar). Þó má benda á orð Sigurðar Skúlasonar, sem segir að um tíma á 2. tug 20. aldar hafi verið fjölfarið vað á Brúará út af Mosum, sjá 065.

Gróið holt og móar með mýri vestan við að Brúará. Göturnar eru ekki mjög margar en sjá má 2-3 meginlóða. Þær líta út sem miklar umferðargötur, rúmur meter á breidd og um 30-40 cm djúpar. Djúp skora er þar sem göturnar fara niður af holtinu vestan megin og hverfa í mýrina. Að öllum líkindum hafa göturnar annaðhvort legið að vaði yfir Brúará eða í slægjulönd í Mosunum þar sem Skálholtstungan teygir sig lengst til vestur. Á loftmynd má rekja göturnar um 740 m leið til austurs, þar sem þær hverfa í skurði og ræktað land.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

ÁR-380:134 náma mógrafir 423913 402602

Um 630 m norður af Þorlákshver 077 eru mógrafir þar sem land tekur að hækka upp á holt austan Brúará, u.þ.b. gegnt bænum í Reykjanesi í Grímsnesi. Þetta er um 1,8 km suðvestur af Skálholtsbænum.

Miklir mýrarflákar eru við Brúará og eru mógrafirnar á mörkum mýrar og móa. Alls sjást fjórar aðskildar mógrafir á svæði sem er um 80 x 40 m stórt frá norðri til suðurs. Þær hafa verið teknar inn í holtið þannig að botn þeirra er u.þ.b. láréttur. Bakkar grafanna, sem sjást best að austan, eru sums staðar ógrónir og í þeim moldarflög. Þeir eru ekki fullkomlega reglulegir en þó markar greinilega fyrir því að þeir séu skornir af mannavöldum. Bakkin að austanverðu er skýrastur og er hann allt að 2 m á hæð. Nyrsta hólflið er grynnt og ógreinilegast en þó markar fyrir í því gróf um


6x6 m að stærð. Syðsta hólfíð er uppi á stalli utan í holtinu og mótar fyrir mýrarlæk sem rennur til vesturs úr hólfinu í reglulegum farvegi og er vel mögulegt að þar hafi verið grafinn skurður til að veita vatni úr gröfinni.

Hættumat: engin hætta

ÁR-380:135 heimild um skemmu

Í Íslendinga sögu Sturlungu segir: "Svarthöfði ok bræðr hans gengu at söðlabúri, þar er Grímsnesingar váru fyrir....Þeir Svarthöfði sóttu at söðlabúrinu djarfliga" Áður hafði komið fram að Grímsnesingar væru undir kirkjugarðinum vestr, og því gæti verið átt við skemmu sem var á svipuðum stað og íbúðarhús vígslubiskups er nú, sjá 006. Þetta verður þó seint hægt að staðfesta, enda langt um liðið og fjölmargar skemmur hafa verið í Skálholti.

Heimildir: Sturlunga saga I, 462-463



Þúst 136. Uppmæling ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ÁR-380:136 þúst óþekkt 424310
402637

Um 90 m austur af fjárhústóft á Bolhaus (088) eru mögulega leifar af tveimur mannvirkjum. Á norðurenda annars mannvirkisins er stór fuglabúfa sem sést frá Bolhaus. Þýfður mói og mosapembur, töluvert grösugt og mikil elfting. Hér virðist vera um tvö mannvirki að ræða í einni rúst, hugsanlega misgömul. Alls er svæðið um 40 x 25 m stórt frá norðaustri til suðvesturs. Annars vegar er aflangt mannvirki vestar, um 40 m langt og 20 m breitt sem liggur NA-SV. Mannvirkið er mjög óljóst og er ekki hægt að greina veggj eða skiptingar innan þess. Fast upp við þetta mannvirki og samvaxið því að suðaustan virðist vera sporöskjulaga mannvirki sem minnir á fjárborg. Innra rými þessa hólfis er um 10 x 6 m.

Hættumat: engin hætta

ÁR-380:137 þúst heystæði 425565
402627

Um 730 m suður af Skálholti (001) eru tvær þústir. Þústirnar eru beint norðan við Torfholt (024), vestan við Undapoll (Hundapoll), lænu sem gengur upp til N úr Hvítá. Ekki er öruggt hvort þústirnar séu manngerðar eða náttúrulegar.

Þústirnar eru í lágum þurrum móa. Niður af mounum, til norðurs, eru sléttar engjar, með mikilli stór næst Undapoll. Þústirnar tvær liggja NNA-SSV og eru um 27 m á milli þeirra. Sú syðri (A) er meiri um sig, um 18,5 m á lengd og 16 m á breidd. Hún er um 2 m á hæð ef staðið er við hana að norðanverðu en fellur að mestu saman við lægsta hluta Torfholtis að sunnanverðu. Þústin er tiltölulega slétt að ofan en þó þýfð. Nyrðri þústin (B) er töluvert lægri og minni um sig, um 13 m á lengd, 11,5 m á breidd og 1 m á hæð. Þústin er mjög hlaupin í þúfur með ójöfnum köntum. Báðar þústirnar eru mosa- og lynggrónar, með elftingu að ofanverðu. Ekkert grjót sést og engar eiginlegar hleðslur. Helst líta þústirnar út eins og staður þar sem eitthvað hefði verið þurkað og hlaðið upp, s.s. torf, hey, eða stór, þó heldur langt sé í stórna við Undapoll.

Hættumat: engin hætta

ÁR-380:138 gata leið 425487 402347

Austan í Torfholti 024, sem er holtið niður við Hvítá beint suður af Skálholti, sjást greinilegar götur. Þær liggja hér um bil frá norðri til suðurs alveg við Hvítána og sjást t.d. vel uppi á stalli utan í holtinu.

Gróið, þýft holt. Sennilega hafa göturnar legið frá Skálholti og niður í Skálholtstungu eða í það minnsta niður að Stekkatúni 028. Væntanlega er það angi af þessari leið sem liggur í gegnum mikinn og fornlegan garð syðst á Torfholti, sjá 062, en ekki er hægt með góðu móti að rekja göturnar áfram þar sem holtinu sleppir, enda tekur mýrlendi við.

Hættumat: engin hætta

6. Helstu niðurstöður og landshættir í Skálholti

Hér verður gefið yfirlit um helstu niðurstöður fornleifaskráningar í Skálholti. Fjallað verður um staðinn út frá hugmyndum um landshætti og tekur umfjöllun í framhaldinu mið af því. Byrjað verður á almennu yfirliti um minjar en á grunni þess er jörðinni skipt upp í nokkur svæði eftir landslagi og einkennum.³² Hverju svæði fyrir sig er svo lýst í aðalatriðum út frá þeirri flokkun. En áður en lengra er haldið skal gefið örstutt yfirlit um helstu niðurstöður.

Nú hafa verið skráðir 138 minjastaðir í landi Skálholts en einstakar minjar eru þó mun fleiri. Margar þeirra tengjast búskap á jörðinni eftir að biskupssetrið leið undir lok, til dæmis beitarhús og útihús af ýmsu tagi, en þó finnast eldri minjar sem afar lítið er vitað af úr heimildum, til dæmis rústasvæði suður við Hvítá (sjá 028 og 072). Eins og vænta mátti eru flestar minjar á heimatorfunni umhverfis bæjarstæði og kirkju, enda hafa þar verið mest umsvif tengd starfseminni og almennum búskap, húsdýrum og ræktun, s.s. hús af ýmsu tagi, garðlög, kálgarðar, traðir o.fl. Í raun endurspeglar þessi fjöldi einna helst hve miklar heimildir er að hafa um þetta svæði, þ.e. ítarleg kort frá ólíkum tímum auk ritaðra heimilda. Einstakar minjar þarna eru óteljandi og í raun má líta svo á að heimatorfan með bæjarhól, kirkju og fleiri minjum sé einn samfelldur minjastaður eins og nýleg verndaráætlun Minjastofnunar Íslands endurspeglar (sjá bls. 141).

Áður en fjallað er nánar um minjar á hverju svæði fyrir sig er nauðsynlegt að hafa nokkur orð til viðbótar um menningarlandslag og landshætti, mikilvægi þess að greina þessa þætti og stöðu þekkingar á því sviði hér á landi.

³² Hugtakið *landshættir* er hér notað á líkan hátt og 'landscape character' í ensku, þ.e. það lýsir einkennum landslagsins sem geta verið tilkomin bæði af náttúrulegum orsökum eða með íhlutun mannsins. Löng hefð er fyrir slíkri greiningu t.d. á Bretlandi og á Írlandi. Hér er lítið svo á að landsháttagreining sé ein aðferð til að varpa ljósi á menningarlandslag en nánar er fjallað um málið í næsta kafla.

Um menningarlandslag og landshætti

Aðferðir við landsháttagreiningu eru í þróun hér á landi en nokkrar tilraunir hafi verið gerðar á síðustu árum til að beita þeim á minjar og landslag.³³ Í lögum um menningarminjar er kveðið á um að búsetulandslag teljist til fornleifa og sé þar með friðað þótt því ákvæði hafi sjaldan eða aldrei verið beitt, enda hefur hugtakið *búsetulandslag* ekki verið skilgreint og engin viðmið sett fram í samhengi við löggin sem skýra hvernig að framfylgja ákvæðinu. *Menningarlandslag* er einnig nefnt í lögnum og telst skv. þeim til menningarminja, en það telst enn víðtækara hugtak en fornleifar og hefur heldur ekki verið skilgreint.

Sú nálgun að skilgreina landslag heildrænt fremur en að horfa eingöngu til stakra minja, hvort sem um ræðir náttúru- eða menningarminjar, verður æ algengari bæði í náttúru- og minjavernd. Hér má nefna ákvæði í Evrópska landslagssamningum, lög um náttúruvernd, landsskipulagsstefnu o.fl.³⁴ Eins og bent hefur verið á í skýrslu sem unnin var fyrir Rammaáætlun henta aðferðir sem varpa ljósi á landslag og heildir almennt betur en hefðbundin punktaskráning til að greina bæði einkenni og verðmæti landslags og áhrif framkvæmda á það. Markmiðið með slíkri greiningu er ekki hrein verndarsjónarmið heldur fremur að auka skilning á landslagi og bæta ákvarðanir sem teknar eru við skipulag og framkvæmdir, enda geta þær haft mikil óbein áhrif á minjastaði og heildarmynd svæða til lengri tíma þótt einstakar minjar skerðist ekki beinlínis.

Á grundvelli fornleifaskráningar var landi í Skálholti skipt upp í nokkra hluta sem hafa ólík einkenni eftir landslagi og minjum:

I. **Heimatorfan, bæjarstæði, kirkja og næsta nágrenni.** Ritaðar heimildir eru flestar um þetta svæði. Þar eru langflest örnefni þekkt auk þess sem gömul kort úr Skálholti eru fyrst og fremst af þessu svæði. Á þessu svæði eru skráðar flestar minjar og líklegt að þar sé að finna minjar allt frá elstu búsetu á jörðinni. Innan þess fellur verndarsvæði sem var skilgreint af Minjastofnun Íslands árið 2016 og þar er uppgraftarsvæði í hinum gríðarstóra bæjarhól sem spannar margar aldir í

³³ Sjá t.d. Gísli Pálsson 2011; Birna Lárusdóttir, Edda Waage, Gísli Pálsson og Guðbjörg Jóhannesdóttir 2016, bls. 25 og áfram; Birna Lárusdóttir (ritstj.). 2018. *Fornleifar í Ólafsdal við Gilsfjörð*. FS708-16132. Fornleifastofnun Íslands.

³⁴ Nánari umfjöllun um þetta má finna í niðurstöðum rannsóknar sem unnin var fyrir Rammaáætlun, sjá Birna Lárusdóttir, Edda Waage, Gísli Pálsson og Guðbjörg Jóhannesdóttir 2016 t.d. bls. 25 og áfram.




mannvistarlögum. Hér hafa einnig orðið hvað mestar breytingar á 20. öld og allt fram á þennan dag, m.a. með stækkun ræktarlands og nútímalegum byggingum við endurreisn staðarins upp úr 1950. Kirkjan er vafalaust þekktasta kennileiti staðarins og hefur verið friðuð síðan 2012 ásamt Skálholtsskóla. Að lokum má nefna að á þessu svæði eru hvað flestar tengingar við biskupsstólinn í Skálholti: örnefni og staðir sem tengjast sögum en sumt af því tengist enduruppbygging og endurreisn staðarins allt frá 19. öld.

II. **Svæðið norðan Þjóðvegjar.** Þar skiptast á holt og ásar sem liggja frá norðri til suðurs auk þess sem víðáttumikil mýri er austast í landinu, móti Laugarási. Þar eru fyrst og fremst minjar sem tengjast útbeit, líkast til flestar frá 19.-20. öld. Þar eru líka vísbendingar um að hafi verið smiðja, samanber örnefnið Smiðjuhólar. Þetta svæði hefur nokkuð aðra ásýnd en suðurhluti jarðarinnar, þar hallar landi heldur til norðurs og útsýni yfir bæjarstæði og Skálholtstungu er takmarkað.

III. **Svæði við Hvítá sunnan við bæ.** Á þessu svæði eru merkar fornleifar á holtum við ána, tvær þyrpingar rústa innan fornlegra garðlaga. Líklegast er að þar hafi verið nytjaeiningar af einhverju tagi, t.d. að þar hafi menn búið tímabundið við veiðar eða skepnuhirðingu og jafnvel mögulegt að föst búseta hafi verið á öðrum staðanna um tíma. Hluti af þessum minjum hefur látið á sjá vegna ágangs Hvítár. Eftir miðja 20. öld fannst hringlaga kopargripur í rofi á svæðinu, að öllum líkindum hluti af nælu frá víkingaöld og eru það elstu staðfestu minjar sem fundist hafa í Skálholti svo vitað sé og eldri en sjálfur biskupsstóllinn. Nælan gæti verið úr kumli.

IV. **Svæði norðvestast, meðfram Brúará og suður fyrir Þorlákshver að meðtöldum Borgarhólum.** Á þessu svæði eru miklar og blautar mýrar, víða allt að því ófærar og stórt jarðhitasvæði. Móaholt eru nokkur. Helstu sýnilegu minjar á þessu svæði eru fjárborgir, alls á þremur svæðum, sem líklega voru í notkun áður en beitarhús komu til sögunnar. Þær benda til að svæðið hafi verið haft til vetrarbeitar. Einnig er yngra beitarhúsasvæði á Bolhaus, notað langt fram eftir 20. öld.

V. **Skálholtstunga.** Skálholtstunga er flöt og votlend. Þar er fátt um örnefni og engar sýnilegar minjar af mannvirkjum þótt vitað sé um einn ferjustað nyrst og vestast í tungunni og sagnir um vöð sunnar.



Kort 1: Gömul kort af Skálholti sem sýna byggingar á heimatorfunni og næsta nágrenni. Efst er kort talið frá því snemma á 18. öld, þá kemur kort Lottins frá 1784 og að lokum kort Gaimards frá 1836.

Umfjöllun um einstök minjasvæði í landi Skálholts³⁵

6.i Heimatorfan


Eins og áður hefur komið fram eru flestir minjastaðir skráðir á svæðinu í námunda við kirkjuna og gamla bæjarstæðið sem er sunnan og suðvestan við hana. Þar sjást því ótal margir punktar á minjakortum í skýrslunni jafnvel þótt litlar sem engar minjar sjáist á yfirborði, enda var yfirborð hólins sléttað um miðja 20. öld. Gott ástand minja sem hafa verið rannsakaðar við fornleifauppgröft á bæjarstæðinu gefur benda þó til að leifar heillegra húsa leynist víðar undir yfirborði. Minjadreifingin endurspeglar að á þessu svæði voru mikil umsvif en einnig það hversu ítarlegar heimildir, fyrst og fremst kort eru til af svæðinu (sjá hér til hliðar en einnig aftast í skýrslunni). Kortin sýna til að mynda íveruhús, útihús, skemmur af ýmsu tagi, heygard, kálgarða og

³⁵ Tekið skal fram að í þessari umfjöllun eru einungis dregin fram helstu minjar sem einkenna hvert svæði fyrir sig. Heildarupptalningu minja má finna í fornleifaskránni.

prentsmiðju svo fátt eitt sé nefnt, þó að líkindum aðeins brot af þeim byggingum eða öðrum mannvirkjum sem þar hafa staðið síðan búskapur hófst. Eins og áður kom fram sýna eldri kortin tvö í aðalatriðum mjög svipað fyrirkomulag á húsum þótt ekki sé hægt að koma öllu heim og saman, enda eru þau afar ólíkrar gerðar. Þetta veldur því að stundum eru sýndir tveir punktar á minjakorti sem gætu í raun átt að vera á einum og sama minjastaðnum. Eins og áður var nefnt liggur beinast við að skilgreina allt þetta svæði, einkum bæjarhólinn (001) sunnan við kirkjuna, sem eitt samfelld minjasvæði sem þá er allt að 250 x 100 m stórt frá austri til vesturs og væntanlega nokkrir metrar af upphlöðnum mannvistarlögum á dýpt þar sem mest er. En hvernig er hægt að varpa frekara ljósi á þetta svæði og næsta nágrenni þess án þess að grafa frekar, með hliðsjón af heimildunum? Hér verða nokkur möguleg sjónarhorn nefnd til sögunnar og könnuð nánar í framhaldinu:

- a) Vitnisburður örnefna um staði, einstaklinga eða einstaka atburði. Hafa sagnir raunverulega lifað óbreytt öldum saman eða er málið flóknara?
- b) Eru annars konar ummerki eða kennileiti á sjálfu bæjarstaðinu eða við það, sem gera okkur kleift að sjá fyrir okkur hvernig hefur verið umhorfs í Skálholti með hliðsjón af gömlum kortum?
- c) Í þriðja lagi verður rýnt í gamla loftmynd og minjar sem nú eru horfnar.³⁶

³⁶ Textinn hér á eftir hefur birst á svipuðu formi í afmæliriti Mjallar Snæsdóttur, *Minjapingi*, sem kom út 2020.



Kort 2: Svæði næst kirkju og bæjarstæði í Skálholti. Staðir sem getið er í textanum merktir inn.

Örnefni

Það er eitt af einkennum margra sögustaða á borð við Skálholt – ekki síst staða sem tengjast þjóðar- eða kirkjusögu – að þar hefur fólk löngum skimað eftir fortíðinni, reynt að átta sig á hvar tilteknir atburðir hafi gerst og staðsett löngu gleymd kennileiti sem getið er í rituðum heimildum. Í Skálholti á þetta ekki síst við á 19. öld og í upphafi þeirrar tuttugustu þegar fólk var smám saman að enduruppötva staðinn en mörgum þótti mjög miður hve hann hafði glatað miklu af sinni fornu frægð.³⁷ Sum örnefni kunna vissulega að hafa lifað mann fram af manni. Skólavarðan (021) sem fræg er fyrir að hafa verið fundarstaður skólapipta gæti verið dæmi um slíkan stað en hún var endurreist árið 1998. Önnur örnefni eru frekar til marks um hugmyndir fólks um fortíðina en fortíðina sjálfa. Eitt dæmi um þetta í Skálholti er Virkishóll (034), sem nú er almennt sýndur sem hóll austan við kirkjuna, og er af mörgum talinn leifar af virki sem Skálhyltingar reistu 1548. Í örnefnalýsingu Sigurðar Skúlasonar kemur fram að hóllinn „beri naumast nokkurt sérstakt nafn“ en hann **leyfi sér** að kalla hóllinn Virkishól og það nafn ætti að festast við hann til að hann gleymist síður.³⁸ Staðsetningin kemur ekki fullvel heim og saman við heimildir um virkið, enda átti það að hafa verið inni í kirkjugarðinum en hóllinn var austan við hann (þótt nú sé hann eins og samvaxinn brún kirkjugarðsins sem hefur verið færður út og hlaðinn upp á brúnum). Í yngri útgáfu af örnefnaskránni rökstyður Sigurður þetta á þann veg að kirkjugarðurinn hafi verið minnkaður að austan.³⁹

Annað dæmi um staðsetningu á fornu örnefni er Jólavallargarður (041) sem kemur fyrir í ævisögu Brynjólfs Sveinssonar, þar sem sagt er frá viðarflutningum heim að Skálholti árið 1646: "Fékk og tilflutti ekki einasta þá beztu rekaviðu, sem hann kunni að fá, heldur og einnig bestilti hann utanlands frá mikla við, svo anno 1646 kom hið síðara Eyrarbakkaskip nærri fult með grenivið frá Gullandi ... Fylgdi biskup dæmi Ögmundar biskups og hans skikki, að þeir úr Flóa og

³⁷ Hér má nefna auk Sigurðar Skúlasonar Brynjúlf Jónsson, Kålund og Disney Leith sem getið verður hér á eftir. Mjöll Snæsdóttir, Gavin Lucas & Orri Vésteinsson, „Fornleifar og rannsóknir í Skálholti.“ *Saga biskupsstólanna*, Gunnar Kristjánsson & Óskar Guðmundsson ritstj., Reykjavík 2006, bls. 675-98, hér bls. 675-78.

³⁸ Sigurður Skúlason 1927, bls. 64.

³⁹ Sigurður Skúlason 1953, bls. 164.

Ölvesi drógu stórtren af Eyrarbakka upp að klettinum fyrir utan Brúnastaðatún, en hinir, úr Grímsnesi, Túngum, Reppum og af Skeiðum, drógu þaðan og heim í Skálholt. Þá hver dráttur var kominn heim yfir Jólavallargarð, skipaði biskupinn að bera hey út undir garðinn..."⁴⁰ Sigurður segir í örnefnalýsingunni að sér hafi ekki tekist að afla öruggrar vitneskju um staðsetningu, en bendir á fornan garð skammt fyrir sunnan Kringlu, sem er hóll í túninu. Hann giskar á að þetta gæti verið staðurinn en vill ekkert um það fullyrða – en síðan þá virðist garðurinn alltaf kallaður Jólavallargarður og er gerðið friðlýst á þeim forsendum að það sé „talið kunna að vera“ leifar umrædds garðs.⁴¹ Þrátt fyrir skurðagröft fornleifafræðinga hefur ekki tekist að aldursgreina gerðið.

Minnismerki um Jón Arason (085) er enn ein tilraun til að finna atburði í þjóðarsögunni stað og minnst hans, en það var kostað af skoskri skáldkonu og þýðanda, Disney Leith, fyrir rúmum 100 árum. Hún hafði fengið mikinn áhuga á Íslandi, ekki síst fornþókmenninum og kirkjusögunni, og sótti fast að koma upp minnismerki um aftöku Jóns, enda þótti henni eins og mörgum á þeim tíma alltof fátt sem minnti á forna frægð staðarins. Matthías Þórðarson, þáverandi þjóðminjavörður, lagðist í rannsóknir áður en staðurinn var valinn, en áður voru menn sannfærðir um að Jón hefði verið hogginn á allt öðrum stað, nær kirkjugarði. Minnismerkið var reist eftir niðurstöðu Matthíasar og stendur enn á sínum stað um 250 m norðaustan við kirkjuna. Þar sem það er nú orðið meira en 100 ára telst það lagalega séð til fornleifa og gæti jafnvel verið einn elsti minnisvarði af þessu tagi hér á landi. Steinninn var tekinn úr svonefndu Þorlákssæti (045), segir í blaðagrein um málið⁴², en það er enn einn staðurinn sem enginn veit nú nákvæmlega hvar er en veldur sífelldum vangaveltum. Þar átti Þorlákur helgi að hafa setið og „þótt næðissamara en í skvaldrinu heima á staðnum.“⁴³ Staðarins er getið í ævisögu Jóns Arasonar, þar sem aftökunni er lýst.⁴⁴

⁴⁰ *Biskupasögur Jóns prófasts Haldórssonar* [sic] í *Hítardal*, I. bindi, (Reykjavík: Sögufélag 1903-1910), bls. 264-265.

⁴¹ Skrá um friðlýstar fornleifar (Fornleifanefnd: 1990), bls. 60

⁴² Matthías Jochumsson, „Frú Disney Leith“, *Ísafold* 10. júlí 1912, bls. 167.

⁴³ Sigurður Skúlason 1927, bls. 62.

⁴⁴ *Biskupa sögur*, annað bindi, (Hið íslenska bókmentafélag: Kaupmannahöfn 1878), bls. 353.

Þetta eru nokkrar dæmisögur sem sýna hvernig hugmyndir sem við höfum í dag um merkingarþrungna staði gætu hafa orðið til. Það er líklegt að í tilviki Skálholts hafi þær eflst enn frekar með endurreisn staðarins um miðja 20. öld. Það sést af bæði útgefnu efni, blaðaviðtölum o.fl. að um það leyti var mikil áhersla lögð á að draga fram kennileiti sem tengdust kirkjusögunni og biskupsstólnum, væntanlega til að festa hugmyndir um sögulegt mikilvægi í sessi og hlutgera þær í minjum og stöðum sem hægt var að benda á og sjá af eigin raun. Með þessu er ekki verið að kasta rýrð á staði sem gjarnan eru sýndir ferðamönnum enn þann dag í dag í Skálholti heldur einungis bent á mikilvægi þess að rýna í heimildir og átta sig á því að gildi staða er síbreytilegt og tekur mið af tíðaranda og viðhorfum hvers tíma, en ekki varðveitt óbreytt frá því að atburðir áttu sér stað.

Annars konar kennileiti á staðnum

Til eru nokkrar meginheimildir um það hvernig bæjarstæðið í Skálholti leit út undir lok 18. aldar og síðar. Helst má nefna nokkur kort frá 18.-19. öld (sjá bls. 122 en einnig aftast í skýrslunni); í meginatriðum voru biskupshúsin á sömu slóðum sunnan við kirkjuna, þar sem uppgröfturinn fór fram, og þyrping húsa og annarra mannvirkja bæði vestan, sunnan og norðan við þau. Þegar biskupsstóllinn var fluttur til Reykjavíkur og Skálholt varð að venjulegri bújörð urðu meiri breytingar á fyrirkomulaginu og um það er kort frá 1836 helsta heimildin: Bærinn sjálfur færðist lítillaga til og auk þess sjást útihús á víð og dreif um túnið, eins og algengt var á bæjum á þessum tíma.


Kortin eru ómetanlegar heimildir en hvernig ætli gangi að koma þeim heim og saman við sýnileg ummerki og kennileiti í dag? Þegar 18. aldar kortið er lagt yfir loftmynd má sjá að það gengur ágætlega upp einmitt vegna þess að við höfum ágæt viðmið, þ.e. staði sem eru sýnilegir á kortunum og enn til staðar þótt sumir láti minna yfir sér en aðrir. Hér má helst nefna Kyndluhól 038 vestan við staðarhúsin en hann sést jafnframt á fjölmörgum kortum, ljósmyndum og málverkum af Skálholti og er því mikilvægt viðmið. Hús sem stóðu milli Kyndluhóls og staðarhúsa



Kort 3: Loftmynd af heimatorfunni í Skálholti. Að neðan hefur kortið frá 1784 verið lagt ofan á. Mikilvæg viðmið eru merkt inn: Kyndluhóll, Hlaðgarður, Þorlákshúð og framhlið á fjósi.

eru öll horfin af yfirborði en þar á meðal var prentsmiðja, fjós, skemmur og önnur útihús af ýmsu

tagi sem líklega eru varðveitt að meira eða minna leyti undir yfirborði. Annað mikilvægt viðmið er Þorláksbúð 035 sem var rúst en endurreist fyrir nokkrum árum eins og frægt er orðið. Hlaðgarður (099) nefnist hleðsla fremst eða syðst á bæjarhól sem markar hann að framanverðu. Hann er sýndur á kortum og sést enn. Eins má af landslagi nokkurn veginn ímynda sér hvernig framhlið fjóssins (005) hefur legið.




*Kort 4: Línulegar minjar sem sjást á loftmynd af heimatorfunni frá árinu 1951 dregnar fram með rauðum línunum (garðlög) og gulum (götur). **Númer í fornleifaskrá:** 1= 013 (garðlag); 2= 051 (beðasléttur); 3= 055 (garðlag); 4= 032 (Biskupatraðir, og í framhaldinu götur 059 að Spástaðaferju.). Loftmynd: Landmælingar Íslands.*

Allt þetta eru kennileiti og mikilvæg viðmið, til marks um staðsetningu mannvirkja sem við vitum að voru í Skálholti. Traðirnar, bæði Austur- og Vesturtraðir (096 og 011, sjá kort 2, bls. 124) eru oft taldar upp meðal elstu og merkustu mannvirkja í Skálholti og eru meðal friðlýstra minja á staðnum. Vissulega eru þær merkilegar en ber þó að taka fram að þær eru ekki sýndar á elstu kortum af staðnum, aðeins norðurtraðirnar sem einnig eru kallaðar Biskupatraðir (032). Í friðlýsingarskrá er tekið sérstaklega fram að þær séu ekki friðlýstar en óljóst hvers vegna. Þær sjást á kortinu frá 1836, breiðar og hellulagðar að hluta. Vesturtraðirnar eru þar ekki annað en hlykkjóttur götutroðningur suður fyrir Kyndluhól en engin gata er sýnd til austurs.

Hér verður að minnast örstutt á loftmynd af staðnum frá því um 1950, áður en uppbygging hefst á staðnum að nýju og áður en jarðvinnslutæki komu til sögunnar (sjá kort 3, bls. 128). Á þessum tíma er Skálholt aðeins venjuleg bújörð, litla kirkjan kúrir inni í kirkjugarðinum en á myndinni sést ýmislegt sem kemur á óvart. Þar má nefna túngarð sunnan við túnið sem er nú alveg horfinn í sléttun og vegarslóða (1). Eitt af því sem er merkilegt við hann er að hinn meinti Jólavallargarður (2), sem þarna sést líka, hefur sennilega verið byggður upp við túngarðinn – en núna er hann stakstæður í miðju túni, hálf munaðarlaus. Þarna er líka breiður hryggur langt norður í túni (3) sem líklega er einnig gamall túngarður þótt óljóst sé hvort hann hafi tengst hinum. Líklega er rektorshúsið reist á honum. Í þriðja lagi eru það traðirnar sem lágu til norðurs og voru um aldir ein helsta leiðin að Skálholti. Á myndinni sést greinlega hvar gata lá í framhaldi af tröðunum og greindist svo í tvennt, annar leggurinn lá í vesturátt (sennilega að Spóastaðaferju) og hinn til norðurs í átt að Hrosshaga (4). Á loftmyndinni má því sjá ýmsar mikilvægar minjar sem varpa ljósi á heildarsamhengi staðarins en hafa horfið smám saman.


6.ii Svæði norðan þjóðvegur

Norðurhluti Skálholtslands sker sig frá suðurhlutanum hvað landslag varðar. Svæðið einkennist af aflöngum holtum sem liggja frá norðri til suðurs og mýrasund á milli en sunnar er láglandara og grösugra. Útsýnið breytist skarpt þegar gengið er í þessa átt; kirkjan er fljótlega í hvarfi en sýn opnast til norðurs og norðausturs. Hafin er skógrækt á nokkrum holtanna og milli þeirra. Á því svæði er Vörðuás (019) með óverulegum vörðubrotum á.



Kort 5: Norðurhluti Skálholtslands. Uppmældar minjar eru sýndar með grænum lit, greinilegar götur með brúnum. Landamerki eru rauð. Bleikskyggð svæði sýna umfang skógræktar skv. gögnum frá Skógrækt ríkisins.

(086), sem voru í notkun fram yfir 1950 og bera það með sér m.a. á bárujárnsleifum. Eldri rústir eru á tveimur stöðum til viðbótar (078 og 087) en þær eru þó ekki auðsjáanlega fornar – líklega einnig skepnuhús sem hafa verið notuð að vetrinum sem skjól fyrir búfénað sem hefur verið haldið til beitar. Nokkur fróðleg örnefni eru á svæðnu: Smiðjuhólar (086) heita til að mynda tveir samtengdir hólar austarlega og gæti verið að þar hafi verið unnið járn úr mýrarauða – en engin greinileg ummerki um mannvirki fundust á þessum slóðum utan lítilsháttar hleðsluleifa. Þar er hins vegar mikil gata, djúpur skorningur sem liggur milli hólanna til norðurs og er væntanlega ein meginreiðleiðin frá Skálholti og norður í Hrosshaga og áfram (067). Þessi gata þræðir hrjóstruga ása allt að landamerkjum, en þar er girðing nú sem liggur að mestu meðfram skurði um blauta mýri – en þar heitir Skyrvaðskelda (043) sem áður var nefnd og er á merkjum móti Hrosshaga. Slitróttar götur sjást víðar á svæðinu og stefna flestar norður-suður. Ef markagirðingunni er fylgt til vesturs sést fljótlega í kennileiti sem er hornmark milli Spóastaða, Hrosshaga og Skálholts en það er kletturinn Digra-Sigga (018). Ein heimild getur um vörðu þar en engin merki sjást um hleðslu, aðeins áberandi digur og græn fuglapúfa sem gnæfir uppi á klettinum. Nafngreindar vörður sem heita því skemmtilega nafni Helgusystur (029) eru mun nær Skálholti, raunar skammt norðan við veginn. Þær standa lágt í landinu og ber lítið á þeim. Önnur varðan en hrunin en hin stendur ágætlega. Hlutverk þeirra er ekki þekkt. Þær sjást ekki heiman frá staðnum og eru ekki við neina augljósa leið.



Kort 6: Suðurhluti Skálholtslands norðan Skálholtstungu. Uppmældar minjar eru sýndar með grænum lit en brúnar eru minjar sem hafa verið teiknaðar upp af loftmynd.

Athyglisverðustu og líklega elstu minjasvæði sem sjást á yfirborði í Skálholti eru suður af bæjarhólnum, meðfram Hvítá og til vesturs yfir Skálholtstungu. Ef gengið er niður af bæjarhólnum, til dæmis niður Austur- eða Vesturtraðirnar og svo til suðurs þarf fyrst að fara yfir farartálma, mjög blauta og gróskumikla mýri meðfram Undapolli eða Hundapolli, sem er á merkjum jarðarinnar að austan og rennur út í Hvítá. Þá tekur við aflangt holt sem heitir Torfholt. Austan í því liggja greinilegar gamlar götur til suðurs (061). Efst á þessu holti er ferhyrnd, grjóthlaðin og mjög sokkin rúst (075) sem alls engar heimildir eru um. Hún líkist rétt af einhverju tagi þótt hún sé alls ekki dæmigerð fyrir slíkt mannvirki. Rústin er í halla mót austri og má velta fyrir sér hvort það sé vísbending um hlutverk staðarins að þaðan er mjög gott útsýni til austurs, yfir lðuferjustað, en um hann lá ein aðalsamgönguæðin heim að Skálholti. Ef haldið er áfram suður eftir holtinu, eftir götunum fornu, er komið að miklum og mjög fornlegum garði (062) sem liggur þvert yfir syðri enda holtsins og sambyggt honum er ámóta fornlegt gerði. Í framhaldinu virðist garðurinn hverfa út í mýrina sunnan við en á loftmyndum sést gjörlla að hann heldur þar áfram í sveig að Hvítá en er mjög sokkinn. Innan garðsins, á klettum ofan við straumpungan ál í ánni, eru nokkrar fornlegar tóftir (072) í þéttum hnapp. Engin örnefni eða sagnir eru til vitnis um þennan stað. Þótt garður sé um tóftirnar virðast þær ekki líklegt bæjarstæði, hvorki tóftirnar innan garðsins né lega hans benda til þess. Það virðist mjög sennilegt að þessar minjar tengist veiðum í Hvítá og gætu þá hafa verið eins konar útstöð frá Skálholti. Þess má geta að hér gæti Hvítá hæglega hafa brotið af landi, að minnsta kosti þar sem holtinu sleppir.

Tæpa 500 m suðvestur frá tóftunum er fornt garðlag (050) sem reyndar endar í rofi spottakorn frá ánni. Þessi garður var aldursgreindur af Bryndísi Róbertsdóttur og Hauki Jóhannessyni árið 1986. Með hliðsjón af afstöðu til gjóskulaga töldu þau að hann væri reistur um 1200.⁴⁵ Það er líklega á þessum stað sem maður á skemmtigöngu rakst á merkilegan grip sem áður er getið í rofi við enda garðs við ána. Þetta reyndist vera kinga eða næla frá 10. öld og er þar með elsti forngripur sem vitað er um úr Skálholti (sjá nr. 009).⁴⁶ Ekki er ósennilegt að á þessum slóðum hafi verið kuml.


⁴⁵ Bryndís Róbertsdóttir og Haukur Jóhannesson 1986, bls. 214.

⁴⁶ Sarpur, menningarsögulegt gagnasafn: <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1561139>

Frá garðendanum sést vel niður á Stekkatún (028) við Hvítá, en það blasir reyndar líka við heiman frá Skálholti ef vel er að gáð, iðagrænt valllendi við Hvítá rúmum 1,5 km sunnan við bæjarstæðið. Þar eru margar rústir, sennilega misgamlar og fornlegt garðlag umhverfis þær. Á einum stað er sannfærandi rústahóll, eins og lítill bæjarhóll, en hann er þó utan við meginrústasvæðið og utangarðs. Innangarðs eru nokkrar rústir, þar af tvær á áberandi hólum en áin er að brjóta af syðsta hluta svæðisins og þar eru tvær rústir óðum að hverfa. Örnefnið bendir til að stekkur hafi verið á staðnum, þ.e. rétt sem notuð var þegar lömb voru færð frá ám, en vel má vera að það tengist seinni tíma notkun. Umfang rústanna er slíkt að vel gæti verið að hér hafi verið lítið býli eða einhvers konar útstöð frá Skálholti, kannski vetrarhirðing sauðfjár sem hefur verið haldið til beitar í Skálholtstungunni. Staðarins virðist hvergi getið í rituðum heimildum, öðrum en örnefnalýsingu. Ágæt rækt er enn túninu innan garðsins og meiri jarðvegur þar en í móum og mýrum umhverfis og sennilegt að það hafi verið slegið allt fram á 20. öld. Athyglisvert er stórt, næstum ferhyrnt gerði vestan við garðinn (122), ekki ósvipað Jólavallargarði (041), sem gæti bent til einhverskonar ræktunar en þarna hafa engar frekari rannsóknir verið gerðar og erfitt að fullyrða nokkuð um hlutverk staðarins.

Frá túngarðinum liggur fornlegt garðlag til vesturs (126), yfir tunguna, í átt að Brúará (og afstaðan bendir til að það sé yngri en garðurinn) – svo til samhliða áðurnefnda garðinum norðan við, þeim sem er frá því um 1200. Af afstöðunni einni saman er erfitt að dæma hvort annar þessara þvergarða sé eldri en hinn eða hvort þeir hafi verið í notkun samtímis. Hlutverk þeirra er nokkur ráðgáta en svarið við henni gæti þó vel tengst rústunum á Stekkatúni og þeirri starfsemi sem þar fór fram, enda hefði verið léttara verk að girða sunnar í mjóddinni ofan Skálholtstungu ef ætlunin hefði einungis verið sú að loka henni af. Í seinni tíð hafa verið reist tvö stór beitarhús úr torfi og grjóti uppi á holti ofan við garðlögin, á svonefndum Bolhaus við Hestaklett (027) og sjást merki um að unnið hafi verið að túnrækt sunnan við þau.

6. iv Svæði norðvestast meðfram Brúará og suður fyrir Þorlákshver að meðtöldum Borgarhólum



Kort 7: Vesturhluti Skálholtslands. Nyrst sjást merkin móti Spóastöðum. Uppmældar minjar eru sýndar með grænum lit en brúnar eru minjar sem hafa verið teiknaðar upp af loftmynd, götur (hlykkjótta) og eitt garðlag að hluta (130).

Vesturhluti Skálholtslandsins, meðfram Brúará, er mjög blautur og fremur fátt um minjar. Áður var getið um eina rúst þar nyrst, á Réttarholti (015). Sunnan þess eru mýraflæmi og virðast hafa verið slægjulönd fyrst og fremst. Stór hluti svæðisins nefnist Mosar (016) og var þeim skipt í sjö slægjuskákir sem nefndust Skottið, Bakkaskák, Réttarholtsstykki, Stóraskák, Hólmaskák, Breiðaskák og Hveraskott. Nú er ekki ljóst hvernig skiptingunni var háttað og ekki sjást garðlög eða skurðir sem gætu gefið það til kynna.

Vert er að geta áætlana sem aldrei hafa orðið að veruleika í Skálholti. Austan við Mosana, þar sem holtið rís hæst, heita Borgarhólar og sjást þar nokkrar rústir sem líklega eru af fjárborgum (023). Skömmu fyrir 1950 voru uppi áætlanir um að koma á fót búnaðarskóla í Skálholti, þeim

þriðja á eftir Hólum og Hvanneyri eins og greint var frá á bls. 21. Deilt var um hvort hann ætti að rísa heima á staðnum eða á holti svo sem bæjarleið vestar en Skálholt, ekki langt suðaustur af Borgarhólum, þar sem styttra var í heita vatnið í Þorlákshver. Málið var komið á mikinn rekspöl, m.a. var húsameistari ríkisins byrjaður að teikna húsið og er sagt að honum hafi hvergi þótt jafn fagurt skólastæði og einmitt þarna í Skálholti.⁴⁷ Vegur var lagður niður á holtið sem enn er við lýði og nefndur Skólavegur í örnefnalýsingu. Árið 2007 stóð síðan til að reisa sumarhúsabyggð á svæðinu vestan Borgarhóla en af því varð ekki.

Jarðhiti í Skálholti er mestur við Þorlákshver (077) sem er skammt austan Brúarár. Úr honum renna heitir lækir út í Brúará og þaðan er heitt vatn leitt heim á staðinn. Heimildir geta um baðlaug, Þorlákslaug, sem var manngerð, þ.e. hlaðin á þessum stað. Sagt er að laugin hafi verið rifin eftir jarðskjálfta á fyrri hluta 18. aldar, en þegar Eggert og Bjarni rita ferðabók sína er notast við baðlaug í Laugarási.⁴⁸ Það sjást engin greinileg merki um laug eða önnur mannvirki við Þorlákshver nú en þar hefur talsvert rask orðið vegna síðari tíma umsvifa.

Á volgu jarðhitasvæði suðaustan við Þorlákshver eru minjar frá ýmsum tímum, og sumar sem tengjast að líkindum jarðhitanum beint, t.d. kál- eða kartöflugarðar (089) sem voru í notkun frameftir 20. öld en einnig sjást misgamlar rústir af beitarhúsum (088/136). Í handriti Bryndísar Róbertsdóttur er : „Björn og Maja þvoðu [þar] þvott og bökuðu brauð 1950-52“⁴⁹ og er líklega átt við volgan læk sem rennur sunnan við hól sem þarna er – skemmtileg heimild um staðinn á 20. öld en Björn og Maja (Björn Guðmundur Erlendsson og Ingunn María Eiríksdóttir) voru bændur þar á árunum 1953-1993. Skammt vestan við er líka mjög stór og myndarleg hringlaga

⁴⁷ Sjá t.d. ræðu Bjarna Ásgeirssonar um 905. mál, bændaskóla, á Alþingi 17/11 1948: https://www.althingi.is/altext/68/r_txt/5037.txt. Sótt 5/11 2019.

⁴⁸ *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*, 2. bindi , bls. 169.

⁴⁹ Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur (1986), nr. 502.



Kort 8: Þorlákshver og nágrenni. Uppmældar minjar eru sýndar með grænum lit en brúnar eru minjar sem hafa verið teiknaðar upp af loftmynd.

um. Hún líkist mjög meintum fjárborgum sem finnast víða á Suðurlandi, t.d. í Grímsnesi handan ár, en er þó miklu stærri. Fornleifaskráning í Laugarási hefur leitt í ljós svipaða hringlaga rúst, allt að 27 m í þvermál, sem sögð er heygarður frá Skálholti (notuð meðan Skálholt átti slægju í Auðsholti)⁵⁰ og hugsanlega á það sama við hér.

Áður var getið fornra garðlaga sunnarlega í Skálholtslandi, en bæði voru þekkt áður en farið var á vettvang. Leifar af einu garðlagi til viðbótar (130) fundust vestan við Skólavegin og er ekki vitað til að það hafi verið þekkt áður. Það er fornlegt og sigið og sést einungis á stuttum kafla en hefur horfið vegna framræslu og ýmissa framkvæmda bæði norðan og suðaustan við bútinn sem sést. Erfitt er að ráða í hlutverk þess nú en þó freistandi að slá fram þeirri hugmynd að hér sé komið enn einn garður sem legið hefur milli vatnsfalla, Brúarár og Hvítár.

v Skálholtstunga

Í tungunni sjálfri er ekki vitað um neinar sýnilegar minjar en hún er afar votlend og hefur vatn stundum flætt þar yfir, sérstaklega ef Hvítá hefur stíflast á veturnum. Það er vitað um tvö vöð á Brúará sem lágu úr tungunni og yfir í Grímsnes: Folaldavað (017) og Hjarðarneshólmavað (111). Á því síðarnefnda drukknaði maður frá Skálholti árið 1555⁵¹ en ekki er vitað til að vaðið hafi verið notað á seinni öldum. Staðarbú var rekið frá Skálholti á Hömrum um tíma og auk þess áttu Skálhyltingar hrossabeit í Hestfjalli og má ætla að farið hafi verið þessa leið í þeim erindagjörðum. Ferjustaður var á Brúará gegnt Reykjanesi (079). Hann er sýndur á korti herforingjaráðs frá 1910 en ekki getið í örnefnalýsingu. Líklega er þetta Reykjanesferja sem getið er í gömlum annálum. Annars eru örnefni í tungunni teljandi á fingrum annarrar handar og fátt af þeim að ráða um skipulag slægna eða ferðir manna almennt.

⁵⁰ Jakob Orri Jónsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, *Aðalskráning fornleifa í Bláskógabyggð III: Fornleifaskráning innan landamerkjna Laugaráss og lðu*. FS595-15224. (Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands 2016), bls. 23.

⁵¹ „Biskupaannálar Jóns Egilssonar“, *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju*, 1. bindi, bls. 102.

7. Niðurstöður og lokaorð

Með þessari skýrslu er í fyrsta sinn fengið yfirlit yfir minjar í Skálholti og helstu einkenni menningarlandslagsins. Á heildina litið er Skálholt ótrúlega áhugavert minjasvæði, og kemur kannski ekki á óvart, en að sama skapi þó flókinn staður, enda fléttast saman hugmyndir um misóljósá fortíð og framtíðarhlutverk staðarins sem er í sífelldri mótun.

Flestir tengja líklega Skálholtsnafnið fyrst og fremst við kirkjuna, Skálholtsskóla og svæðið þar í kring. Jörðin í heild sinni er hins vegar áhugaverð og mjög vannýtt sem útivistarsvæði. Margir af þeim minjastöðum sem eru í úthögum eru fremur óaðgengilegir. Hér má til dæmis nefna Þorlákshver og svæðið þar í kring og Stekkatún og nágrenni, þar sem eru elstu minjar sem sýnilegar eru ofan jarðar í Skálholti. Helsti faratálminn á leiðinni að minjum sunnan við staðinn er mýrlendi sunnan undir bæjarhól sem er jafnframt á kafi í gróðri. Með því að opna leiðir um Skálholtsland, bæði með fræðslu og lagningu gönguleiða mætti dýpka vitund fólks um sögu staðarins, fá gesti til að staldra lengur við og sjá Skálholt frá öðrum sjónarhornum í bókstaflegri merkingu orðsins og í víðara samhengi. Vel mætti hugsa sér að gefa út helstu niðurstöður fornleifaskráningar á aðgengilegu formi, t.d. á formi minjakorts.

Verndun minja í Skálholti

Friðlýstar fornleifar í Skálholti eru tíu talsins og eru þær allar á heimatofunni eða rétt utan við hana. Lögum samkvæmt er 100 m friðhelgað svæði í kringum friðlýstar minjar en 15 m kringum aðrar fornleifar. Friðlýstar minjar í Skálholti eru:

- Þorláksbúð
- Staupasteinn
- Þorláksbrunnur
- Skólavarðan
- Eystri traðir

Vestari traðir

- Kyndluhóll
- Þorlákssæti
- Íragerði
- Jólavallargarður

Vorið 2016 gaf Minjastofnun Íslands út verndaráætlun fyrir minjasvæðið í Skálholti.⁵² Tilgangurinn með henni er að tryggja verndun fornleifa og veita leiðsögn um samspil verndunar og nýtingar. Næstum allar friðlýstu minjarnar eru innan verndarsvæðisins en þar eru einnig tvær friðlýstar byggingar; Skálholtskirkja og Skálholtsskóli.

Verndaráætlun var gerð til að tryggja verndun fornleifanna á sem bestan hátt og veita leiðsögn um samspil verndunar og nýtingar, skipulags og rekstur. Sýnd er afmörkun verndarsvæðis sem tekur yfir friðlýstar og friðaðar menningarminjar auk friðhelgaðs svæðis umhverfis þær. Gilda sömu reglur á öllu svæðinu. Verndaráætlunin skal endurskoðuð annað hvert ár. Helstu markmið eru: Verndun minjanna, gott aðgengi fyrir alla, snyrtilegt og vel viðhaldið umhverfi og aðgengilegar upplýsingar um minjar. Vonandi kemur fornleifaskráningin að notum við að framfylgja markmiðum verndaráætlunar.

Gert var hættumat fyrir alla minjastaði á vettvangi. Aðeins einn staður er í bráðri hættu þannig að hann liggja beinlínis undir skemmdum. Þetta eru tvær rústir sem standa þétt saman syðst á Stekkatúni 028 þar sem Hvítá hefur brotið af bakkanum. Ljóst er að áin hefur einnig brotið af garðlögum norðan Stekkatúns (062, 050 – sem er staðurinn þar sem gripur frá víkingaöld fannst í rofi) og einnig af garðinum sem umlykur Stekkatúnið – en bakkar virðast ágætlega grónir á þessum stöðum nú og ekki virkt rof í gangi. Þetta getur þó að líkindum breyst fyrirvaralítið, t.d. ef klakastífla kemur í Hvíta svo hún flæðir yfir bakka sína. Æskilegt væri að vakta þessar minjar.

Mest hættu er á að minjum sé raskað af gáleysi, enda sjást þær oft ekki vel á yfirborði. Hér skal ítrekað að aðgæslu er þörf við allar framkvæmdir í Skálholti, ekki síst á heimatorfunni umhverfis bæ og kirkju þar sem víða leynast minjar undir sverði þótt engin yfirborðsummerki

⁵² *Verndaráætlun fyrir minjasvæðið í Skálholti*. 2016. Minjastofnun Íslands.

sjáist og þar sem sýnileg kennileiti eru mikilvægir leiðarvísar aftur til fortíðar. Ekki er vitað til þess að framkvæmdir standi fyrir dyrum í landi Skálholts fjær heimatorfunni. Þar eru þó fyrirhugaðar breytingar á landnotkun, hefðbundinn búskapur hefur verið lagður af og fyrirhuguð er bæði frekari skógrækt (norðan Þjóðveggar) og endurheimt votlendis. Þessar breytingar hafa áhrif á minjar og menningarlandslag með einum eða öðrum hætti, til dæmis breytist gróðurfar þegar beit líður undir lok og skógrækt getur haft mikil áhrif á ásýnd lands og útsýni. Óhætt er að mæla með því að lagt verði í gerð kynningarefnis fyrir minjar í Skálholti og sömuleiðis verði undirbúnað frekari rannsóknir sem gætu haft fjölpættan ávinning: Aukna þekkingu á fortíð Skálholts, markvissari minjavernd og aukið aðgengi fyrir almenning.

Tillaga að frekari rannsóknum

Ein helsta niðurstaða verkefnisins er að skráning minja á sjálfri Skálholtsjörðinni er aðeins upphafið að því að skilja starfsemi stólsins og áhrif hans á landshætti á mun stærra svæði í framhaldinu blasir tvennt við:

- a) Að halda áfram skráningu og kortlagningu minja sem tengjast Skálholti. Þessu markmiði mætti í fyrsta áfanga skipta í tvennt: i) Að skrá allar minjar á jörðum í tungunni milli Brúarár og Hvítár, þar sem flest bendir til að bein áhrif frá Skálholti hafi verið mikil, ii) að skrá sérvalda minjastaði eða jarðir í heild sem vitað er að tengjast stólum. Hér má nefna selstöður í Laugardal, leiðir sem lágu að staðnum með ferjustöðum og vöðum og jarðir sem töldust staðarbú.
- b) Að hefja könnunaruppgrefti úti á jörðinni (og mögulega víðar) til að varpa ljósi á starfsemina heima á staðnum. Í fyrstu atrennu mætti hugsa sér könnunarskurði á meintum veiðstað við Hvítá (072) og á Stekkatúni (028) þar sem eru sennilega mjög flóknar og misgamlar mannvistarleifar. Sömuleiðis mætti kanna betur staðinn þar sem talið er að gripur frá víkingaöld (009) hafi fundist, enda til mikils að vinna ef hægt væri að varpa nánara ljósi á upphaf mannvistar á staðnum. Meðfram þessu væri full þörf á að gera nýjar umhverfisrannsóknir á staðnum, enda rannsóknir Þorleifs Einarssonar sem fjallað var um á bls. 8 komnar til ára sinna. Gróðurfarssaga Skálholts er letruð í

frjókorn sem varðveitt eru í mýrum og úr þeim mætti t.d. lesa áhrif ræktunar nytjaplantna og beitar frá upphafi byggðar.

Skálholt er margslunginn staður sem á sinn sess í hjörtum þjóðarinnar. Slíkir staðir virðast draga til sín alls kyns framkvæmdaglaða aðila og fjölbreyttar hugmyndir þar sem gjarnan er stefnt að því að byggja eitthvað nýtt á gömlum grunni – eða sýna gott fordæmi, t.d. með aðgerðum gegn loftslagsvá.⁵³ Þetta getur stuðlað að lifandi þróun en varla verður hamrað nægilega á því að staðurinn er viðkvæmur og allar hugmyndir sem varða uppbyggingu og/eða breytta landnotkun ættu að vera metnar gaumgæfilega áður en þeim er hrint í framkvæmd, m.a. í ljósi minja og sögu. Þessi skýrsla kemur vonandi að gagni í slíkri vinnu.

⁵³ Hér að framan hafa þegar verið nefndar hugmyndir um búnaðarskóla og sumarhúsabyggð. Ekki má gleyma nýlegum áformum um að endureisa miðaldadómkirkju á staðnum sem Ícelandair stóð m.a. á bak við. Margir lögðust gegn hugmyndunum, þ.á m. Kirkjuþing.

Heimildaskrá

AM 66a 8vo bl. 41a-b

AM 211 fol. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1998. Fornleifarannsóknir í Skálholti. Greinargerð og tillögur. FS083-98111. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Auglýsing um skipulagsmál í uppsveitum Árnessýslu 24. september 2007: <https://www.blaskogabyggd.is/skipulag-i-uppsv-arnessyslu/>. Sótt 5/11 2019.

Ágústa Edwald. 2006. *What can you tell about a building and its inhabitants from an excavated assemblage?* MA ritgerð í fornleifafræði við Háskólann í Bristol.

Árni Daníel Júlíusson, Birna Lárusdóttir, Gavin Lucas og Gísli Pálsson. 2019 „Episcopal Economics. Property and power in post-reformation Iceland.“ *Scandinavian Journal of History* 45(1), bls. 95-120.

Bréf til Ómars Ívarssonar, Landslagi, verknr. 0704. Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Grímsnesi III*. FS164-99063. Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson. 2001. *Fornleifaskráning í Grímsnesi II*. FS138-99062. Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir, Edda Waage, Gísli Pálsson og Guðbjörg Jóhannesdóttir. 2016. *Gildi landslags: Fagurferði, menningarminjar og saga*. Forrannsóknir til greiningar og mats á gildi landslas, unnar fyrir faghóp I, 3. áfanga Rammaáætlunar. Háskóli Íslands.

Biskupa sögur I-II. Kaupmannahöfn 1858-1878. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

„Biskupaannálar Jóns Egilssonar.“ 1856. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmenta að fornu og nýju I*. Kaupmannahöfn.

Biskupasögur Jóns prófests Haldórssonar í Hítardal I. 1903-1910. Reykjavík.

„Bréf úr Árnessýslu.“ 1908. *Fjallkonan* 15. maí, bls. 75.

„Brú og ferjur á Brúará.“ 1986. Bréf frá Ólafi Kjartanssyni, Seli, til Þorfinns Þórarinssonar. *Litli-Bergþór* (1. tbl.), bls. 25.

Bryndís Róbertsdóttir og Haukur Jóhannesson. 1986. „Þrælagarður í Biskupstungum.“ *Náttúrufræðingurinn* 56 (1986), bls. 213-234.

Brynjúlfur Jónsson. 1894. „Rannsóknir í ofanverðu Árnessþingi sumarið 1893.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, bls. 1-15.

Brynjúlfur Jónsson. 1904. „Fornleifafundur í Skálholti 1902.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, bls. 20-21.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn* I-XV. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Eva Kristín Dal og Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2015. *Friðlýstar minjar á Suðurlandi: skráningarátak*. FS570-14171. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757, 1974. Reykjavík.

Freysteinn Sigurðsson. 1998. *Sögulegar laugar í byggð á Íslandi. Stutt og ófullkomin drög að yfirlitsskrá*. Greinargerð FS-98-02. Orkustofnun.

Friðlýsingarskrá: Ágúst Ólafur Georgsson. 1990. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík.

Gísli Pálsson. 2011. *Characterising Grímsnes- & Grafningshreppur*. A Methodological Case Study. M.A.-ritgerð í fornleifafræði. Háskóli Íslands.

Guðrún Ása Grímsdóttir. 2006. „Biskupsstóll í Skálholti.“ Í: *Saga biskupsstólanna*. Ritstj. Gunnar Kristjánsson & Óskar Guðmundsson, bls. 21-244. Bókaútgáfan Hólar.

Gunnar F. Guðmundsson. 1992. „Frú Disney Leith og Ísland.“ *Árbók Landsbókasafns Íslands*, bls. 27-40.

http://skalholt.is/frodleikur/biskupar/thordur_thorlaksson/

Herforingjaráðskort 47 NV 1910. Landmælingar Íslands

Hörður Ágústsson. 1987. „Íslenski torfbærinn.“ *Íslensk þjóðmenning* I (ritstj. Frosti F. Jóhannesson), bls. 227-344.

Hörður Ágústsson og Kristján Eldjárn. 1990. *Skálholt. Kirkjur. Staðir og kirkjur* I. Þjóðminjasafn Íslands/Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

IA: *Islandske Annaler indtil 1578*. 1888. G. Storm gaf út, Christiania.

Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940, 5. bindi. 1952. Tínt hefir saman Páll Eggert Ólason. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

ÍF: 1968. *Íslenzk fornrit I. Íslendingabók – Landnámabók*. Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag.

ÍF IV: 1935. *Íslenzk fornrit IV. Eyrbyggja saga*. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. Hið íslenska fornritafélag.

ÍF VII: 1936. *Íslenzk fornrit VII. Grettis saga Ásmundarsonar. Bandamanna saga, Odds þáttur Ófeigssonar*. Guðni Jónsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag.

ÍF X: 1940. *Íslenzk fornrit X. Ljósvetninga saga*. Björn Sigfússon gaf út. Hið íslenska fornritafélag.

ÍF XIV: 1954. *Íslenzk fornrit XIV. Kjalnesinga saga*. Jóhannes Halldórsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag.

ÍF XVI: 2002. *Íslenzk fornrit MMII. Biskupa sögur II. Ásdís Egilsdóttir* gaf út. Hið íslenska fornritafélag.

ÍF XV2: *Íslenzk fornrit XV. Biskupasögur I, síðari hluti*. Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Fotte gáfu út. Hið íslenska fornritafélag.

ÍF XVII: *Íslenzk fornrit XVII. Biskupasögur III*. Guðrún Ása Grímsdóttir gaf út. Hið íslenska fornritafélag.

Ísleif. Gagnagrunnur um fornleifar. Fornleifastofnun Íslands.

Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I-VI. 1961. Jón Árnason safnaði, ný útg. Bókaútgáfan Þjóðsaga.

Íslenskir sögustaðir: sjá **KK I-IV**.

Jakob Orri Jónsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2016. *Aðalskráning fornleifa í Bláskógabyggð III. Fornleifaskráning innan landamerkja Laugaráss og Iðu*. FS595. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árnessýsla*. 2. bindi. 1918-21. Kaupmannahöfn.

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

KK I-IV: Kristian Kålund. 1984-86. *Íslenskir sögustaðir I-IV*. Haraldur Matthíasson þýddi. Bókaútgáfan Örn og Örlygur.

Kristján Eldjárn, Hákon Christie, Jón Steffensen. 1988. *Skálholt. Fornleifarannsóknir 1954-1958*. Staðir og kirkjur 1. Þjóðminjasafn Íslands/Lögberg, Reykjavík.

Landamerkjabók Árnessýslu. Þjóðskjalasafn Íslands.

Loftmynd Li0-14-36. Landmælingar Íslands

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Magnús Stephensen. 1785. *Kort Beskrivelse over den nye Vulcans Ildsprudning i Vester-Skaptfields-Syssel paa Island i Aaret 1783*. Kiöbenhavn.

Magnús Þorkelsson. 2004. *Í Hvalfirði. Miðaldahöfn og hlutverk hennar*. Ritgerð til MA-prófs í sagnfræði við Háskóla Íslands.

Matthías Jochumsson. 1912. „Frú Disney Leith.“ *Ísafold* 10. júlí 1912, bls. 167.

Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur. 1986. Skráningarbækur varðveittar á Þjóðminjasafni Íslands.

Mjöll Snæsdóttir, Gavin Lucas & Orri Vésteinsson. 2006. „Fornleifar og rannsóknir í Skálholti.“ *Saga biskupsstólanna*, Gunnar Kristjánsson & Óskar Guðmundsson ritstj., bls. 675-98.

Mjöll Snæsdóttir. 2009. *Könnunarskurðir í svonefnda Þorláksbúð í Skálholti*. FS435-09041. Fornleifastofnun Íslands.

Orri Vésteinsson og Birna Lárusdóttir. 1999. *Fornleifaskráning í Grímsneshreppi I. Fornleifar á Kaldárhöfða, Efri-Brú, Syðri-Brú, Ásgarði og Miðengi*. FS103—99061. Fornleifastofnun Íslands.

PP: Sveinn Níelsson. 1950. *Prestatal og prófaste*. 2. útg. Reykjavík.

Ræða Bjarna Ásgeirssonar um 905. mál, bændaskóla, á Alþingi 17/11 1948: https://www.althingi.is/altext/68/r_txt/5037.txt. Sótt 5/11 2019.

Sarpur, menningarsögulegt gagnasafn: www.sarpur.is

SB = Sunnlenskar byggðir.

SK 1927: Sjá Sigurður Skúlason 1927.

Skálholt 1784: Uppdráttur Lottins af Skálholti 1784. Prentað í Hörður Ágústsson 1987, bls. 254-255.

Skálholt 1836: Uppdráttur Lottins af Skálholti 1836.

Skálholt í upphafi 18. aldar: Uppdráttur af Skálholti í upphafi 18. aldar. Þjóðskjalasafn Íslands.

Skálholt. Deiliskipulag. Greinargerð, skilmálar og umhverfisskýrsla, utg. 0.0, 13. apríl 2018. Landslag, Reykjavík.

Sigurður Sigurðsson. 2006. „Skálholtsstaður eftir 1785“ *Saga biskupsstólanna*, Gunnar Krittjánsson & Óskar Guðmundsson ritstj., bls. 749-770.

Sigurður Skúlason. 1927. „Örnefni um Skálholtsland“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1927*, bls. 58-65. [Skráin var síðar endurútgefin lítils háttar breytt, sjá sama höfund 1953].

Sigurður Skúlason. 1953. „Nokkur örnefni í Skálholtslandi.“ *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík II*, bls. 154-166.

Sólveig Beck. 2005. *An investigation of the Formation of Kyndluhóll Mound at Skálholt, Iceland Using Geoarchaeological and Statistical Techniques*. Lokaritgerð til MSc-prófs við Háskólann í Reading.

Sturlunga saga I-II. 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Sturlunguútgáfan, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir I. Tungur, Hreppar, Skeið. 1980. Búnaðarsamband Suðurlands.

Túnakort frá 1920. Austur- og Vesturbær. Þjóðskjalasafn Íslands.

Tölvupóstur frá Lilju Árnadóttur til BL dags. 21. júní 2017.

Verndaráætlun fyrir minjasvæðið í Skálholti. 2016. Minjastofnun Íslands.

www.jonas.is/eskidalsvad/. Vefsíða heimsótt 12.2.2020.

ÞJÁ = *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*.

Þjsks. Bps. A, VII, 2

Porleifur Einarsson. 1962. „Vitnisburður frjógreiningar um gróður, veðurfar og landnám á Íslandi.“ *Saga III*, bls. 442-469.

Örnefnakort af Skálholti. Svartvítt loftmynd af Skálholti með örnefnaþerkingum. Varðveitt í Skálholtsskóla.

Ö-Hrosshagi: Örnefnalýsing Hrosshaga, heimildamaður Sverrir Gunnarsson. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.


Ö-Miklaholt: Örnefnalýsing Miklaholts. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Skálholt: Örnefnalýsing Skálholts. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. [Skráin virðist endurprentun, sami texti og birtist í grein Sigurðar Skúlasonar í Inn til fjalla 1953]. Aðrir verða


Ö-Öndverðarnes: Örnefnalýsing Öndverðarness. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Yfirlitsuppráttur 1996 (Skipulagsuppráttur af Skálholti).

KORT. MINJAR MERKTAR INN Á LOFTMYNDIR FRÁ LOFTMYNDUM EHF




Yfirlitskort og kortalykill. Allar skráðar minjar í Skálholti sýndar með gulum lit.




Kort I: Heimantorfa, suðurhluti. Uppmældar minjar eru grænar. Staðsetning horfinna minja er byggð á gömlum kortum, sjá aftar í skýrslunni.




Kort II: Heimatorfa, norðurhluti. Uppmældar minjar sýndar með grænu, götur með svartri línu.




Kort III: Heimatorfa, nærmynd af svæðinu austan við Kyndluhól. Meirihluti svæðisins telst vera hluti bæjarhóls (001). Uppmældar minjar eru grænar. Staðsetning horfinna minja er byggð á kortum hér aftar í skýrslunni.



Kort IV: Borgarhólar og nágrenni. Landamerki Skálholtsjarðar sýnd með rauðum lit. Uppmældar minjar eru grænar en minjar teiknaðar upp af loftmynd svartar (götur) og gular (garðlög).





Kort V: Suðurhluti Skálholtslands norðan Skálholtstungu. Uppmældar minjar eru grænar en minjar teiknaðar upp af loftmynd svartar (götur) og gular (garðlög).




Kort VI: Norðurhluti Skálholtslands. Landamerki sýnd með rauðum lit. Uppmældar minjar eru grænar en minjar teiknaðar upp af loftmynd svartar (götur).




Kort VII: Syðsti hluti Skálholtslands - Skálholtstunga.



Kort VIII: Túnakort fyrir Austur- og Vesturbæ Skálholts frá því um 1920.




Kort IX: Samsett túnakort fyrir Austur- og Vesturbæ Skálholts frá því um 1920. Númer vísa í fornleifaskrá. Athugið að skali er ekki nákvæmur.




Kort X: Kort Lottins af Skálholti frá 1836. Númer vísa í fornleifaskrá.

18. Grunnmynd af Skálholtsstað 1784. 1–6 kirkjan, 7 Þorláksbúð, 8 kirkjugarður, 9 undirgöng, 10 skólinn, 11 skólaskáli, 12 *conrectoris* hús, 13 göng, 14 sjúkrastofa skólans, 15 sýruklefi, 16 geymsluhús — skemmur, 17 norðurdyr, 18 kalldyr, 19 borðstofa skólans, 20 smjörklefi, 21 kjötklefi — skemma, 22 kálgarður, 23 skólalþjónustuhús, 24 britakamers, 25 spunahús, 26 garns- og ullarhús, 27 vefarahús, 28 hlaðgarður, 29 búir, 30 eldhús, 31 suðurkamers, 32 prestskamers, 33 malarakamers, 34 norðurkamers, 35 bókakamers, 36 daglegsetukamers, 37 innstakamers, 38 miðkamers, 39 fremstakamers, 40 fremstastofa, 41 stórstofa, 42 biskupskamers, 43 litla- eða bókakamers, 44 kirkjustétt, 45 sögunarhlíð, 46 norðurtraðir, 47 traðagarður, 48 *crectoris* eldhús, 49 smiðja, 50 vinnumannaskemma, 51 skemma Einars bríta, 52 móhús, 53 heygardur, 54 hesthús, 55 fjós, 56 hlaða, 57 nauthús, 58 hjallur, 59 gamalt prenthús, 60 skreiðarskemma, 61 soðbúir, 62 reiðingaskemma, 63 lambhús, 64 Kindluteigs-hesthús, 65 vatnsmylla, 66 Þorláksbrunnur, 67 öskuhaugur, 68 varðabrunnur, 69 fjósakelda, 70 smiðjulækur, 71 Kindluteigur, 72 skurður til vatnsaflæðslu, 73 Þórureitur.



Kort XI: Kort af Skálholti frá 1784 með skýringum úr kafla Harða Ágústssonar 2007 (sjá heimildaskrá). Númer (rauð) vísa í fornleifaskrá.



Kort XII: Kort af Skálholti frá fyrri hluta 18. aldar. Númer vísa í fornleifaskrá.

Fornleifanúmer í skrá	Minjastaðir sem bera nöfn í stafrófsröð
	Örnefni
ÁR-380:096	Austurtraðir
ÁR-380:086	Áshús
ÁR-380:032	Biskupatraðir
ÁR-380:088	Bolhaus
ÁR-380:023	Borgarhólar
ÁR-380:031	Brekkutún
ÁR-380:018	Dígra-Sigga
ÁR-380:040	Draugadý
ÁR-380:083	Eskidalsvað
ÁR-691:022	Ferðamannagötur
ÁR-380:005	Fjóskelda
ÁR-380:017	Folaldavað
ÁR-380:022	Forni-Stöðull
ÁR-380:029	Helgu-Systur
ÁR-380:027	Hestaklettur
ÁR-380:111	Hjarðarneshólmavað
ÁR-380:099	Hlaðgarður
ÁR-380:030	Íragerði
ÁR-380:041	Jólavallagarður
ÁR-380:100	Kindluteigs-hesthús

ÁR-380:046	Kvernalækur
ÁR-380:038	Kyndluhóll
ÁR-380:016	Mosar
ÁR-380:084	Reykjavað
ÁR-380:015	Réttarholt
ÁR-380:021	Skólavarða
ÁR-380:076	Skólavegur
ÁR-380:043	Skyrvað
ÁR-380:064	Smiðjuhólar
ÁR-380:010	Smiðjulækur
ÁR-380:044	Staupasteinn
ÁR-380:028	Stekkatún
ÁR-380:071	Torfabrún
ÁR-380:024	Torfholt
ÁR-380:037	Varðabrunnur
ÁR-380:011	Vestari traðir
ÁR-380:091	Viðarmannahús
ÁR-380:034	Virkishóll
ÁR-380:019	Vörðuás
ÁR-380:039	Þorláksbrunnur
ÁR-380:035	Þorláksbúð
ÁR-380:077	Þorlákslaug
ÁR-380:045	Þorlákssæti

Hnit (ISN93)

380001	425713.5957	403307.5064
380002	425756.9765	403374.8214
380003	425847.0645	403679.6046
380004	425886.4743	403322.9899
380005	425665.2363	403373.1777
380006	425702.1146	403416.9107
380007	425684.6314	403327.0983
380008	425756.9234	403306.6787
380009	425031.3652	401939.8977
380010	425608.1813	403292.5377
380011	425631.06	403316.3149
380012	425885.924	403565.1334
380013	425821.3959	403250.9995
380014	425743.2917	403352.2161
380016	423762.2148	403539.3296
380017	422335.9678	400768.2376
380018	425921.3481	406014.7911
380020	425901.5322	403184.9941
380021	425889.3795	403825.8208
380022	425812.3424	403518.8728
380024	425530.7835	402543.1041
380025	425577.3911	402449.6944
380026	426540.3999	405093.3303
380028	424883.6401	401560.9405
380030	425646.9311	403581.3111
380031	425657.0738	403499.8918
380032	425802.655	403494.644
380033	425785.8724	403439.0235
380034	425799.5673	403415.51
380035	425772.9866	403401.3404
380036	425496.891	402335.8997

380037	425637.4934	403394.414
380038	425600.9835	403323.8743
380039	425593.5419	403304.7848
380040	425773.1131	403139.4497
380041	425750.3429	403247.4829
380042	425148.658	403839.616
380043	426639.2123	405669.4301
380044	425711.4765	403370.1422
380045	425979.1324	403611.9941
380046	425568.6138	403282.0158
380047	425995.1448	403545.3138
380048	424675.6591	402714.6131
380049	423750.3622	402294.3976
380050	424944.6165	401946.8164
380051	425857.6546	403302.01
380052	425678.9001	403322.3165
380053	425675.182	403320.0284
380054	425688.3383	403361.2134
380055	425783.8647	403562.5625
380056	425930.0144	403018.2908
380061	425487.194	402347.1463
380062	425422.4306	402279.0776
380064	426557.1204	405066.7988
380066	425816.6328	405578.8641
380067	426462.5653	404929.1117
380068	425727.5802	403306.8256
380069	425767.0755	403324.5579
380070	426455.7243	405006.1145
380071	426285.2583	404676.7499
380073	424901.5464	401959.8678
380074	423953.9922	401346.124

380075	425484.6052	402397.9327
380076	424925.395	402935.9169
380077	423914.2981	401967.6682
380078	426286.6529	405331.6913
380079	423492.911	401223.7339
380080	425710.6306	403357.0877
380081	426225.2916	405289.7821
380082	425796.4507	403358.7621
380085	425902.2471	403601.0039
380086	426162.1418	405531.9791
380087	426272.9441	404567.8116
380088	424219.3115	401635.8263
380089	424147.9184	401622.1517
380090	425699.5418	403374.6315
380092	425401.1626	404162.2181
380095	425307.679	403223.4804
380096	425812.9401	403275.5852
380097	424206.0477	401443.6665
380098	425620.5068	403419.9493
380099	425670.818	403299.699
380100	425636.7027	403354.0723
380101	425649.6056	403331.5894
380102	425662.2109	403316.2268
380103	425676.4885	403316.0701
380104	425690.2915	403368.0141
380105	425663.2994	403349.6962
380106	425654.9487	403332.9947
380107	425653.3371	403331.6762
380108	425646.4514	403343.1035
380109	425683.6635	403325.0835
380110	425659.6368	403318.9303
380111	421960.7754	398050.5707
380112	425819.3797	403358.2553

380113	425823.357	403366.6933
380114	425842.9462	403378.5876
380117	425788.1951	403549.8649
380118	425462.2312	403404.4022
380119	425484.1667	403402.5742
380121	425730.9414	403339.3268
380122	424789.804	401481.4231
380126	424778.5851	401592.3992
380127	424350.6047	401633.2164
380129	424065.5068	401686.2477
380130	425223.6736	403532.6161
380131	424859.2601	403127.655
380133	423961.4302	403719.8693
380134	423912.8777	402601.5385
380136	424310.4624	401637.5352
380138	425529.886	402312.5985
380015a	423974.4559	403701.3276
380015b	423994.0634	403750.5117
380019a	425729.5995	404795.9137
380019b	425730.9	404799.1295
380023a	424856.5376	403110.3187
380023b	424830.9816	403078.6069
380023c	424811.2099	403067.4739
380023d	424804.1076	403047.1224
380027a	424451.903	402037.4589
380027b	424507.1226	402050.8839
380028a1	424967.5321	401707.1656
380028a2	424964.0617	401712.0433
380028a3	424982.7798	401702.9474
380028a4	424971.3534	401718.0223
380028b	424884.1002	401465.0958
380028c	424872.865	401456.4417
380028d	424843.7216	401468.9119

380028e	424849.774	401584.4208
380028f	424885.8418	401517.3058
380028g	424926.0699	401637.8128
380028h	424958.0722	401655.3689
380028i	424863.6503	401645.2879
380028j	424942.8709	401737.9128
380029a	426213.014	403862.6991
380029b	426214.997	403863.9756
380032b	425724.6417	404055.1139
380032c	425580.0291	404252.6336
380050b	423811.2732	402045.5805
380072a	425444.82	402171.6628
380072b	425445.7295	402178.4862
380072c	425432.8699	402185.6132
380072d	425434.4336	402195.1219
380072e	425416.5928	402184.5194
380094a	425479.5039	403411.6054
380094b	425461.5854	403387.6121
380125a	425347.3628	403295.5385
380125b	425362.7271	403309.2396
380126b	423885.9147	401974.3633
380127B	423895.731	401224.4034
380137a	425565.1141	402626.7784
380137b	425576.9484	402655.859